

Eiríkur Guðmundsson
**MELLA Í MÁNUÐ**
▶36



Steinunn Björk Pieper
**BJÓ Í GÁMI Í AFGANISTAN**
▶50





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
7. desember 2013
288. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## BORGARSTJÓRINN Á AKRANESI

**REGÍNA ÁSVALDSDÓTTIR settist í stól bæjarstjóra á Akranesi, fyrst allra kvenna, í upphafi þessa árs. Áður hafði hún haldið um ótal þræði í Ráðhúsi Reykjavíkur, undir lokin sem yfirmaður átta þúsund starfsmanna og staðgengill borgarstjóra.** ▶ 28



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EKKERT MÁL FYRIR JÓN PÁL**
Jón Páll Sigmarsson tók sína síðustu æfingu í Gym 80 í janúar fyrir 20 árum. ▶52



**BREYTTI PLANINU Í GALLERÍ**
▶26



**JÓLA-TÍSKAN**
Hnésíð pils og hátíðlegar buxur. ▶34

FÓLK
NETVERSLANIR
atvinna









**ENGIN GJÖLD AF SENDINGUM UNDIR 2.000 KRÓNUM 4**
Starfshópur um að efla og auðvelda póstverslun vill fella niður aðflutningsgjöld á ódýrari vörur. Lögmaður Samtaka verslunar og þjónustu segir vegið að kaupmönnum sem berjist í bökkum vegna of hárra skatta og gjalda.

**KAUPA TÆKI FYRIR SEX OG HÁLFAN MILLJARÐ 8**
Tækjakaupaáætlun heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir að 6,5 milljarðar króna gangi til Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri á næstu fimm árum.



**ÓTTAST AUKIN INNGRIP 10**
Ljósmæður óttast að breytingar á fæðingarþjónustu Landspítalans hafi í för með sér aukin inngrip í fæðingar.

**MANDELA ER SAKNAÐ 12**
Jafnt íbúar Suður-Afríku sem leiðtogar og almenningur um heim allan minnast Nelsons Mandela fyrir einstaka leiðtogahæfileika og hlýjan persónuleika.

## SKOÐUN 18→22



**Á AÐ HRÆÐAST ÞÁ SEM FÆRA GJAFIR? 18**
Þorsteinn Pálsson greinir stjórnmálaástandið og samskipti þjóðarinnar við erlend ríki í Kögunarhóli sínum.

**AÐ „HJALLAST“ ÚR SAMA FARINU 20**
„Núverandi fyrirkomulag grunnskólanáms á Íslandi skilar ekki ásættanlegum árangri,“ skrifar Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

## HELGIN 26→72



**MAÐUR ER MELLA Í MÁNUÐ 36**
Eiríkur Guðmundsson rithöfundur var á dögunum tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina 1983. Hann segist hryggur yfir árásum stjórnvalda á íslenska menningu, klofningnum hjá þjóðinni og samstöðuleysi.

**ALLIR HAFA EITTHVAÐ AÐ FELA 38**
Stóra Vodafone-málið vekur upp spurningar um netöryggi en það eru fáir sem kjósa að nýta sér þær dulkóðunarvarnir sem í boði eru og eru tiltölulega einfaldar í notkun.

**ENGINN FRIÐUR ÁN JAFNRÉTTIS 50**
Steinunn Björk Pieper bjó í nítján mánuði í gámi á stríðssvæði í Afganistan þar sem hún sinnti starfi jafnréttisfulltrúa á vegum NATO. Hún segir jafnréttismál afar mikilvæg þegar kemur að því að byggja upp stríðshrjáð samfélög.

**FYNDNAST ÞEGAR FÓLK DETTUR Á RASSINN 62**
Óttar M. Norðfjörð rithöfundur hefur heyrt að fólk haldi að hann sé leiðinlegur, sem hann segir alls ekki rétt.

**ÞEGAR VANDALAR LENTU Á TUNGLINU 64**
Illugi Jökulsson sleppir gjörsamlega fram af sér beislinu og býr til – á mjög hæpnum forsendum – nýja sögu um öflugt stórveldi í Afríku sem í raun var aldrei til.

## MENNING 82→110



**RÓMANTÍSKA KAFFIHÚSIÐ 92**
Hendur í Höfn í Þorlákshöfn er eina kaffihús bæjarins.

**LISTAVERKEFNI Á LEIÐ TIL LANDSINS 96**
Alþjóðlega listaverkefnið Inside Out er á leið til Íslands. Afrakstur verkefnisins verður frumsýndur á Laugaveginum á Þorláksmessu.

**BARGESTIR Í BÓK 110**
Ljósmyndarinn Brynjar Snær gefur út Boston Reykjavík, 390 blaðsíðna ljósmyndabók með myndum af gestum Boston í gegnum árin.

## SPORT 102→104



**DREGIÐ Í RIÐLA 102**
Dregið var í riðla fyrir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu í gær. Aron Jóhannsson og félagar spila gegn Þýskalandi og Portúgal.

**STÝRIR BESTA KVENNALIÐI HEIMS 104**
Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson stýrir einu besta kvennaliði heims í handbolta á HM í Serbíu. Hann hefur alltaf skilað verðlaunum.

## FIMM Í FRÉTTUM HNÍPIN ÞJÓÐ, INNBROT OG OFBELDI



**Frú Vigdís Finnbogadóttir** veitti Norrænu tungumálaverðlaununum viðtöku og segir þau afar mikilvæg fyrir hnípna þjóð á erfiðum tímum.



**Hrafnhildur Ragnarsdóttir** segir konur búa við ógnina af kynbundnu ofbeldi. Hún biðlar til karla að breyta hegðun sinni og þar með heimsmynd kvenna.



**Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra** segir innbrotið í tölvukerfi Vodafone gefa tilefni til að skoða hvernig hægt sé að tryggja betur öryggi fólks á netinu.



**Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra** kynnti í ríkisstjórn áætlun um að veita tæplega 1,5 milljarða króna til tækjakaupa á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri.



→ **Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri** segir að árásin í Hraunbæ eigi sér engin fordæmi í Íslandssögunni því í fyrsta sinn hafi maður dáið af völdum skotvopna í átökum við lögreglu.



**CHELSEA MANNING** Samtal Manning og Julians Assange virðist hafa verið sönnunargagn í réttarhöldum Bandaríkjahers gegn Manning. MYND/AP

# Símtöl frá Alþingi í höndum Wikileaks

Í samtali Julians Assange og Chelsea Manning árið 2010 segir Assange að Wikileaks búi yfir hljóðupptökum úr símum Alþingis sem nái yfir fjögurra mánaða skeið. Á Alþingi hafa ráðamenn ekki heyrt af málinu, en ef satt er sé það grafalvarlegt.

**ALÞINGI** Julian Assange sagði í samtali við Chelsea Manning, sem þá hét Bradley Manning, í mars 2010 að Wikileaks ætti upptökur úr símum Alþingis Íslendinga yfir fjögurra mánaða tímabil, í nóvember og desember 2009 og janúar og febrúar 2010. Á því tímabili sem samtalið átti sér stað var Assange einmitt staddur hér á landi.

Frétt var birt á Vísi í gær, þar sem sagt var frá skjölum sem birt voru á síðunni Wired.com. Þar er því haldið fram að skjölin komi frá bandaríska hernum og merkingar á skjölunum benda til þess að þau hafi verið notuð sem sönnunargögn í málaferlum hersins gegn Manning.

Í samtali þeirra spyr Manning hvort eitthvað gagnlegt sé að finna í upptökunum, en Assange svarar að hann hafi manneskju til að fara yfir það, sjálfur hafi hann ekki tíma. Assange minnist svo aftur á að hann hafi fengið gögn frá Alþingi og því svarar Manning með broskalli og segir það sprenghlægilegt.



**HELGI BERNÓDUSSON**



**EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON**

„Ég er sleginn yfir þessu og ef eitthvað er hæft í þessum fréttum er þetta grafalvarlegt,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. „Þetta kemur okkur á óvart. Við munum reyna að ganga úr skugga um hvort eitthvað sé hæft í þessu sem allra fyrst. Þetta er mjög alvarlegur hlutur ef rétt er og það verður að koma í veg fyrir að svona upplýsingar séu birtar. Sama hver býr yfir þeim.“

Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis, hafði heldur ekki heyrt af þessu máli. „Það kemur mér í opna skjöldu að því sé haldið fram að símar Alþingis hafi verið hleraðir. Það væri auðvitað grafalvarlegt mál og ef um svo alvarlega hluti væri að ræða þá væri það lögbrot,“ segir Einar Kristinn. „Þetta er alveg ótrúlegt ef satt er. Ég hef ekki fengið neinar vísbendingar um þetta og þetta eru mér fullkomlega ný tíðindi ef satt reynist.“

samuel@frettabladid.is





Slökkvilið höfuðborgarsvæðins boðar uppsagnir vegna vanefnda ríkisins:

# Rukka milljarð fyrir sjúkrabíla

**HEILBRIGÐISMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur sent heilbrigðisráðherra 516 milljóna króna kröfu vegna skuldar fyrir sjúkraflutninga. Að auki eru Sjúkratryggingar Íslands krafðar um 432 milljónir.

Krafan er sögð vera lögð fram þar sem ríkið hafi ekki staðið við „samkomulagsgrundvöll“ frá í febrúar.

Í bréfinu kemur fram að sjúkraflutningum hafi verið sinnt í nærri tvö ár án þess að samningur væri í gildi. Stjórn slökkviliðsins hafi gert allt sem í þess valdi stóð til að koma á nýjum samningi, meðal annars á grundvelli sem náðst hafi samkomulag um í febrúar á þessu ári. Ríkið fáist hins vegar ekki til að semja. Verklok svo annar geti tekið við rekstrinum hafi því hafist í byrjun nóvember.

„Á þessu stigi er ekki unnt að segja með vissu hversu mörgum verður sagt upp störfum en áformað er að segja ráðningarsamningum upp frá og með 1. febrúar næstkomandi,“ segir stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Undir bréfið ritar borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. - gar



**SJÚKRAFLUTNINGAR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins segir uppsagnir sjúkraflutningamanna hefjast innan tveggja mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
FYRIR JÓLIN Á EINUM STAÐ
Njóttu notalegrar aðventu í Kringlunni
AÐVENTUKAFFI UM HELGINA
Smákökur og ilmandi kaffi frá Kaffitári frá kl. 14 - 17
á laugardag og sunnudag
LAUGARDAGUR | OPIÐ kl. 10–18
kl. 14 Ingó sprellar með jólasveinunum
kl. 15 Þór Breiðfjörð syngur ljúfa tóna
kl. 16 Jónas Þórir og Stefán S. spila af fingrum fram
SUNNUDAGUR | OPIÐ kl. 13–18
kl. 14 Einar Mikael sýnir magnaðar sjónhverfingar
kl. 15 Íþróttaálfurinn og Solla stirða leika á als oddi með krökkunum
kl. 16 Helgi Björns skemmtir
kl. 17 Strengjasveit Tónskóla Sigursveins
JÓLAGJAFA HANDBÓK
Jólagjafahandbókin er stútfull af hugmyndum.
Þú færð handbókina á þjónustuborði
Kringlunnar og á kringlan.is
Kringlu kross
Náðu þér í eitt vinsælasta app á Íslandi og leiktu þér að afslættinum!
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
GEFÐU EINA AUKAGJÖF ÞESSI JÓL
Pakkasöfnun Kringlunnar heldur áfram í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpina
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

## 1.12.2013 → 7.12.2013



**900.000** manns sóttu tónleika Sigur Rósar á stærsta tónleikaferðalagi hennar um heiminn frá 2012 til 2013.



**60.000** máltíðir verða gefnar af Samhjálp á þessu ári til fólks sem á um sárt að binda.



**42 %** fjölgun var á tilkynningum til barnaverndarnefnda vegna kynferðisofbeldis fyrstu níu mánuði áranna 2012 til 2013.

**13** metra há bronsstytta af jóganum Chinmoy verður hugsanlega reist við Mógilsá.





**150.000.000.000** er upphæðin sem ríkisstjórn Íslands ætlar að verja í skuldaleiðréttingar heimilanna.



**5.000** er sá fjöldi bleyja sem áætlað er að hvert barn noti fyrstu ár ævinnar.

**15%** lækkun varð á hlutabréfum í Vodafone í Kauphöll Íslands eftir að gagnastuldurinn komst í fréttirnar.



**BRESKIR HERMENN Í AFGANISTAN** Blackman skaut illa særðan talibana í brjóstið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Breskur hermaður dæmdur:

## Tíu ár fyrir að myrða talibana

**BRETLAND, AP** Alexander Blackman, breskur hermaður sem sakfelldur var fyrir að myrða særðan talibana í Afganistan, hlaut í gær tíu ára fangelsisdóm í Bretlandi.

Tveir aðrir breskir hermenn voru sýknaðir af morðinu, sem framið var árið 2011 í Helmandhéraði. Afganinn var illa særður eftir þyrluárás, en Blackman gekk upp að honum og skaut hann í brjóstið. - gb

Fitch um niðurfellingu:

## Hafi ekki áhrif á ríkisfjármál

**EFNAHAGSMÁL** Skuldaniðurfellingartillögur ríkisstjórnarinnar hafa ekki neikvæð áhrif á ríkisfjármálin að mati mats fyrirtækisins Fitch Ratings.

Í nýrri greiningu Fitch segir að sú staðreynd að tillögurnar séu að fullu fjármagnaðar og feli ekki í sér neinar lántökur ríkissjóðs sé í samræmi við markmið um aðhald í ríkisfjármálum. Þá segir Fitch að skuldaleiðréttingin geti haft jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. - PP

### HALDIÐ TIL HAGA

Í frétt blaðsins í gær var vikið að úrskurði Fiskistofu á hendur fyrirtækinu Saltveri í Reykjanesbæ. Þeim úrskurði var síðar hnekkt og málið fellt niður.

# Ekki verði innheimt gjöld af sendingum undir 2.000 kr.

Starfshópur um að efla og auðvelda póstverslun vill fella niður aðflutningsgjöld á ódýrari vörum. Tillagan einfaldar og flýtir póstferli auk þess að vera hagkvæm fyrir neytendur. Lögmaður Samtaka verslunar og þjónustu segir vegið að kaupmönnum með innfluttum vörum og þeir berjist í bökkum vegna of hárra skatta og gjalda.

**VERSLUN** Öll aðflutningsgjöld verða felld niður af sendingum frá útlöndum að verðmæti undir 2.000 krónum ef tillögur starfshóps um að efla og auðvelda póstverslun verða að veruleika.

Hópurinn var skipaður í fyrrahaust og var falið að athuga þróun og regluverk í póstverslun hér og erlendis og gera tillögur um ráðstafanir til að „skapa póstverslun viðeigandi samkeppnisstöðu til hagsbóta fyrir neytendur og atvinnufyrirtæki“ eins og segir í þingsályktun.

Skýrslan er fullbúin en hefur enn ekki verið birt opinberlega. Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að þar sé meðal annars mælst til þess að aðflutningsgjöld verði felld niður af öllum sendingum að verðmæti undir 2.000 krónum að sendingarkostnaði frátöldum. Hingað til hafi þetta einungis átt við um hraðsendingar til lögaðila, en verði þetta að lögum gæti Íslandspóstur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, losnað við að tollafgreiða handvirkt að minnsta kosti 28.000 sendingar á ári.

„Þetta á eftir að einfalda margt hjá okkur,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins. „Umsýslan með svona litlar sendingar er sú sama og með stórar sendingar þannig að þetta einfaldar og flýtir ferlum.“

Nýtt fyrirkomulag mun spara kaupendum hér á landi bæði tíma og peninga, en tekjur af aðflutningsgjöldum í ríkissjóð voru óverulegar, um ellefu milljónir á síðasta ári. Slík ákvæði eru í gildi í öllum OECD-löndum nema Íslandi.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þetta fyrst og fremst til bóta fyrir neytendur því það eru þeir sem kaupa smápakka og muni niðurfelling gjalda ýta undir möguleika neytenda til að kaupa ódýrari vörur á ódýrari hátt.

„Við styðjum þetta eindregið og vonum að þetta nái fram að ganga. Ég hefði viljað sjá upphæðina hærri en það verður ekki á allt kosið og þetta er alla vega áfangi,“ segir Jóhannes.

Þá er einnig lagt til í skýrslunni að erlendir seljendur, til dæmis Amazon, sem hefur verið langstærsti einstaki seljandinn hingað til lands, og fleiri póstverslanir, geti skráð sig í VSK-kerfið hér á landi og innheimt virðisaukaskatt við sölu og skilað beint til ríkisins. Það mun bæði koma í veg fyrir að sendingar tefjist úr hófi fram, auk þess sem flutningafyrirtæki þarf ekki að innheimta umsýslugjald fyrir að reikna út aðflutningsgjöld á sendingar frá fyrirtækjum sem skráð eru í kerfið hér á landi. Þess má geta að Amazon hefur þennan hátt á við sendingar til um 65 landa.

Loks má geta þess að í skýrslunni er einnig lagt til að farið verði í aðgerðir til að auðvelda neytendum að skila eða skipta vörum sem hafa verið pantaðar frá útlöndum.

thorgils@frettabladid.is



**AMAZON** Lagt er til í skýrslunni að erlendir seljendur, til dæmis Amazon sem er stærsti einstaki seljandinn, geti skráð sig í VSK-kerfið hér á landi. MYND/AFP

### Bitnar á ofurskattlögðum innflutningi



„Við gerum athugasemdir í skýrslunni um niðurfellingu aðflutningsgjalda því okkur finnst varhugavert að stíga þetta skref án þess að kanna til hlítar áhrifin á innlenda verslun,“ segir Lárus Ólafsson, lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu.

„Það eru mjög flókin og há gjöld á innflutning á vöru sem endurspeglast í endursöluverðinu hér á landi. Það er sjálfsagt að skoða hvernig sé hægt að létta undir með neytendum. En það skekkir samkeppnislegt sjónarmið að létta undir verslun frá útlöndum á meðan ofurskattlögð vara hér heima nýtur ekki sömu réttinda.“

Lárus segir samtökin taka undir margt gott sem komi fram í skýrslunni, til að mynda breytingu á VSK-kerfi. „Það sem er jafnt til hagsbóta fyrir alla og einfaldar okkar flókna kerfi er af hinu góða en það má aldrei einfalda svo mikið að það bitni á einhverjum hagsmunahópi, eins og verslunarmönnum í þessu tilfelli.“


Gefðu góða líðan í jólagjöf

Opið í dag, laugardag frá kl. 11-16



HITAPÚÐI

Verð áður: 5.495,-

**Tilboð: 3.995,-**

ÖFLUGT NUDDTÆKI

Verð áður: 4.900,-

**Tilboð: 3.400,-**



PFAFF

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**DREGUR ÚR FROSTI** Hvassviðri eða stormur syðst á landinu fyrrihluta dags en dregur heldur úr vindi síðsegis. Víða snjókoma eða slydda um helgina en úrkomulítið N-til. Frost að 10 stigum NA-til síðdegis í dag en dregur enn frekar úr á morgun.




**Á morgun**
10-18 m/s SV og V-til, annars hægari.




**Mánudagur**
Víða fremur hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 2° | Gautaborg | 2° | London | 9° | Orlando | 28° | San Francisco | 10° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 16° | Ósló | -2° | Stokkhólmur | -3° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 23° | New York | 6° | París | 7° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Við elskum jólin
FALLEGRI JÓLATRÉ Í 40 ÁR!
AFMÆLISTILBOÐ UM HELGINA Í SKÚTUVOGI
TAKMARKAÐ MAGN!
AÐEINS Í SKÚTUVOGI
NORMANNSÞINUR STANDARD FLOKKUR
150-240 cm
3.990 kr.
Í 40 ár hefur Blómaval boðið Íslendingum fallegri jólatré. Af því tilefni bjóðum við um helgina afmælisjólatré í Skútuvogi á ótrúlegu verði, meðan birgðir endast.
Komdu í jólastemninguna í Skútuvogi og gerðu frábær kaup!
Eigum einnig til úrvals normannsþin, sérvalinn af sérfræðingum Blómavals, ásamt stafafuru og rauðgreni í öllum stærðum. Allt á frábæru verði!
DYNAMO REYKJAVÍK
True North útvistarfatnaðurinn fyrir börn og fullorðna fæst í Húsasmiðjunni
Jólasveinar heimsækja okkur í Skútuvog kl. 15 og 17 á laugardag og sunnudag.
Allir fá rjúkandi heitt kakó og piparkökur í jólatrjáasölunni.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

LANDSMÓT HESTAMANNA · NATIONAL HORSE SHOW OF ICELAND

**Landsmót hestamanna óskar eftir aðilum til að sjá um veitingarekstur á Landsmóti hestamanna sem haldið verður á mótssvæði hestamannafélagsins Geysis á Hellu dagana 30. júní – 6. júlí 2014. Búast má við allt að 12.000 gestum á mótið.**

**Einungis koma til greina aðilar sem hafa reynslu af veitingarekstri.**

**Á LM 2014 verður lögð áhersla á fjölbreytni, ferskleika, gæði, snyrtimennsku og þjónustuhraða.**

**Frekari upplýsingar verða veittar í gegnum netfangið anna@landsmot.is**

Landsmót hestamanna, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, landsmot@landsmot.is / www.landsmot.is




Breytingar á rammaáætlun. Tillaga um virkjunarkosti í neðri Þjórsá kynnt:

# Hvammsvirkjun færð um flokk

**NÁTTÚRA** Samkvæmt drögum að tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu virkjunarkosta í neðri Þjórsá, verður Hvammsvirkjun flutt í orkunýtingarflokk. Verkefnastjórnin leggur ekki til frekari breytingar á röðun virkjunarkosta á þessu stigi. Í greinargerð um tillöguna kemur fram að stjórnin hafði einungis tíma til að fjalla um þrjá virkjunarkosti. Urriðafoss-, Holta- og Hvammsvirkjun og áhrif þeirra á laxfiska í Þjórsá.

Hvammsvirkjun hefur minni áhrif á náttúrulega stofna laxfiska en hinir kostirnir. Urriðafossvirkjun hefur áhrif á nánast öll útbreiðslusvæði laxfiska í Þjórsá og Holtavirkjun hefur áhrif á náttúrulegt útbreiðslusvæði laxfiska. Á svæðinu eru mikilvægustu hrygningar- og uppeldissvæði laxa í ánni.

Svo hægt væri að taka afstöðu til Holta- og Urriðafossvirkjunar þyrftu frekari upplýsingar að liggja fyrir um mótvægisaðgerðir, eftirlits- og viðbragðsáætlun og frekari rannsóknir. **- skó**



**URRIÐAFOSS** Virkjun í Urriðafossi var ekki færð í nýtingarflokk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rífast og skammast í einhverjar vikur

Það virðist langt í land að samningar takist á almennum vinnumarkaði. Deilendur kenna óbilgirni hvorir annarra um að upp úr viðræðum hefur slitnað. Viðræður sérsambanda ASÍ og SA hófust í gær og halda áfram í næstu viku.

**KJARASAMNINGAR** „Nú fer þetta í gamla farið. Menn rífast og skammast í einhverjar vikur og vísa svo deilunni til ríkissáttasemjara á sama tíma og þeir undirbúa átök á vinnumarkaði," segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, og bætir við að tilrauninni um samflot og samstarf aðila vinnumarkaðarins sé lokið.

Samtök atvinnulífsins slitu viðræðunum við samninganefnd Alþýðusambandsins fyrir helgi. Það hefur í för með sér að sérsamböndin innan ASÍ og Flóabandalagið reyna hvert í sínu lagi að semja. Fyrstu fundir voru í gær og í næstu viku eru fyrirhugaðir fleiri fundir.

Taxtalaun hækkuðu um 11 þúsund krónur 1. febrúar síðastliðinn og önnur laun hækkuðu um 3,25 prósent.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að ASÍ hafi talið að sömu hækkanir og urðu 1. febrúar gætu skilað annarri niðurstöðu nú en þá.

„Sex ár í röð hefur krónutöluhækkun á lægstu laun verið endurtekin. Þetta hefur skilað því að kaupmáttur lægstu launa hefur aukist um 11 prósent frá 2008 á meðan kaupmáttur launavísitölunnar hefur minnkað um 5 prósent," segir Þorsteinn.

Hann bætir við að í síðustu tvö skipti sem krónutöluhækkun hafi verið beitt hafi hún engu breytt í launadreifingu. Þrátt fyrir 3,25 prósenta hækkun um áramótin hafi launavísitalan hækkað um 6 prósent.

Þorsteinn segir að SA hafi boðið upp á aðrar leiðir en krónutöluhækkun lægstu launa en ASÍ hafi ekki verið til viðræðu um þær.

„Okkar takmark er að ná verðbólgunni niður og verja kaupmátt launþega og við ætlum ekki að hvika frá því," segir Þorsteinn.

Kristján segir að SA hafni því að hækka lægstu laun meira en annarra með krónutöluhækkunum. „Þeir eru fastir í mjög lágri prósentuhækkun fyrir alla. Fyrst buðu þeir 2 prósent og síðan 2,25 prósent. Við ætlum ekki að skilja hina lægst launuðu eftir og fá í staðinn einhverja örlitla hækkun fyrir ákveðna hópa," segir Kristján og gefur lítið fyrir hugmyndir SA um að finna nýjar leiðir til að hækka laun þeirra sem minnst bera úr býtum. „Það er ekki annað en orðhengilsháttur, útúrsnúningur og kjaftæði." **johanna@frettabladid**



**FRIÐURINN ÚTI** Sérsambönd ASÍ verða hvert í sínu lagi að semja við atvinnurekendur eftir að SA sleit viðræðum við ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**



> **Það er ekki annað en orðhengilsháttur, útúrsnúningar og kjaftæði.**
>
> *Kristján Gunnarsson, formaður VSFK*

Lögreglumaður ætlar að áfrýja sektardómi fyrir harkalega handtöku:

# Var gerð 300 þúsund króna sekt

**DÓMSTÓLAR** Lögreglumaður fór offari við handtöku á ölvaðri konu á Laugavegi í Reykjavík í sumar, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Lögreglumaðurinn var sakfelldur fyrir líkamsárás í opinberu starfi.

Málið komst í hámæli eftir að myndbandsupptaka af handtökunni var birt á netinu. Konan, sem var ofurölvi, sat í vegi fyrir lögreglubifreiðinni. Þegar hún fór, með eftirgangsmunum, úr vegi bifreiðarinnar, hrækti hún á lögreglumanninn sem ók bílnum. Hann brást við með því að handtaka konuna, sem meiddist nokkuð í atganginum. Lögreglumaðurinn var dæmdur til að greiða 300 þúsund krónur í sekt, 229 þúsund í skaðabætur til fórnarlambsins og 68 þúsund krónur í sakarkostnað.



**GRÍMUR HERGEIRSSON**

Grímur Hergeirsson, lögmaður lögreglumannsins, segir að látið verði reyna á niðurstöðuna fyrir Hæstarétti. „Auðvitað er hann ósáttur við þennan dóm," segir hann. „Það liggur í hlutarins eðli enda neitaði hann sök." Grímur segir að svo virðist sem sakfellingin og niðurstaða dómara sé fyrst og fremst grundvölluð á því að lögreglumanninum hafi átt að vera ljóst að konan væri svo ölvuð að ólíklegt væri að hún veitti mótspyrnu. **- hrs / óká**



**HANDTAKAN** Myndbrot úr myndbandsupptöku af handtöku konunnar á Laugavegi í sumar. MYND/SKJÁSKOT

# JÓLASPRENGJA
# 40% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG




Gildir aðeins 7. og 8. desember.


HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**LOFTLÍNA** Suðurnesjalína verður öll lögð sem loftlína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Grænt ljós gefið á lagningu Suðurnesjalínu tvö:

# Krefjast eignarnáms

**IÐNAÐUR** Orkustofnun hefur gefið grænt ljós á byggingu og rekstur Suðurnesjalínu 2. Hún er rúmlega 32 kílómetra löng og verður öll lögð sem loftlína. Orkustofnun tók undir þau rök Landsnets að jarðstrengur væri óhagkvæmari en loftlína og í leyfinu segir að hvorki umhverfissjónarmið né annað réttlæti kostnaðaraukann sem myndi fylgja því að leggja línuna í jörðu.

Í niðurstöðum Orkustofnunar kemur fram að framkvæmdin hafi sætt mati á umhverfisáhrifum, verið útfærð í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði laga sem krafist er. Þó þarf Landsnet að setja fram áætlun um vöktun á áflugshættu fugla á raflínur á þremur stöðum og um merkingu línanna.



**ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON**

Ekki tókst að semja um 25% landsvæðis sem línan fer um og hefur Landsnet óskað eftir heimild frá iðnaðarráðuneytinu um eignarnám þeirra jarða. „Næsta skref er að ráðuneytið tekur afstöðu til að veita heimildina eða ekki. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir munum við hefja undirbúning framkvæmdarinnar,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

„Ef allt gengur eftir hefjast framkvæmdir næsta sumar og gert er ráð fyrir að þær taki tvö ár.“ - skó

# Tækjakaup fyrir 6,5 milljarða næstu árin

Tækjakaupaáætlun heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir að 6,5 milljarðar króna gangi til Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri á næstu fimm árum. Kaupa þarf 15 til 20 stór tæki á Landspítalann hið fyrsta. Þau kosta öll yfir 100 milljónir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tækjakaupaáætlun Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir að 6,5 milljörðum króna verði varið til tækjakaupa á Landspítala (LSH) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (SA) til ársins 2018.

Tækjakaupin grundvallast á lista yfir bráðakaup tækja sem forsvarsmenn spítalanna unnu fyrir velferðarráðuneytið, til að mögulegt sé að viðhalda óbreyttri þjónustu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fær LSH 1.262 milljónir á næsta ári og SA 273 milljónir. Fjallað var um áætlunina í ríkisstjórn á föstudag, og fjárlaganefnd hefur hana til umfjöllunar.

Áætlunin í heild nær til ársins 2018, en eins og alþjóð veit er mikil uppsöfnuð þörf á endurnýjun tækja og búnaðar hjá stóru sjúkrahúsunum; tæki eru komin til ára sinna og stór, fjárfrek og sérhæfð lækningatæki eru úr sér gengin. Áætluninni er ætlað að leggja grunn að úrbótum í þeim efnum.

Gísli Georgsson, umsjónarmaður viðhalds og lækningatækja, segir að ef áætlunin standi óbreytt verði LSH töluvert mikið betur sett í lok tímabilsins en í dag. „Listinn hefur lengi legið fyrir upp á fjóra til fimm milljarða. En þessi áætlun myndi gera mikið gott og við færum að sjá kúfinn ganga niður á næstu tveimur, þremur árum. Það eru 15 til 20 stór tæki sem kosta 100 milljónir plús, sem þarf að endurnýja sem fyrst,“ segir Gísli.

Hann segir að Landspítalinn hafi fengið tíunda hluta þess fjármagns sem háskólasjúkrahús á Norðurlöndunum hafa fengið síðustu tíu ár, svo skiljanlega þurfi að taka til höndunum.

Viðmið við endurnýjun tækja í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við eru 1,8 til 5% af veltu sjúkrahúsanna. Sömu hlutföll eru 0,6% á Landspítalanum og 1,3% á Sjúkrahúsinu á Akureyri ef litið er áratug aftur í tímann.

Brýn þörf LSH fyrir kaup á meiriháttar tækjabúnaði er 3,3 milljarðar til 2016, og aðrir 2,2 vegna áranna 2017 og 2018. Sambærilegar tölur fyrir SA eru 540 milljónir til 2016 og 340 milljónir árin tvö á eftir.

Gert er ráð fyrir að sjúkrahúsin fái 1,8% af veltu á fjárlögum árið 2018. Þá fær LSH árlega 786 milljónir til tækjakaupa og SA tæpar 100 milljónir á verðlagi ársins 2013.

svavar@frettabladid.is

### ➜ Tækjakaupaáætlun til ársins 2018



| LSH | | SA |
|---|---|---|
| 1.262 | 2014 | 273 |
| 1.445 | 2015 | 190 |
| 1.030 | 2016 | 163 |
| 1.040 | 2017 | 157 |
| 786 | 2018 | 99 |
| 5.566 | Samtals | 883 |

*í milljónum króna

**RISASKREF** Stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri sjá loksins til sólar hvað varðar tækjabúnað.

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá

5.360.000 kr.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SVEFNSÓFI
FRÁBÆRT VERÐ
KOS SVEFNSÓFI
Svefnsófi úr slitsterku áklæði með springdýnu og rúmfatageymslu. Púðar fylgja. Stærð: B195 x H94 x D90sm. Í svefnstöðu: B120 x L195 sm. Litur: Grásvartur. Vnr. 3607263
KOS SVEFNSÓFI
49.950
SPARIÐ 2000
33% AFSLÁTTUR
YEAH HANSKAR OG LÚFFUR
Hanskar og lúffur með endurskinsefni stærðir: 3-10 ára. Vnr. 5862903
FULLT VERÐ: 1.495
995
140 LTR.
61% AFSLÁTTUR
ST. 72 X 162 SM.
SPARIÐ 1000
4 STAFIR
HOME
FULLT VERÐ: 9.995
7.995
REFLECTION SPEGILL
Fáanlegur með hvítum eða silfurlituðum ramma. Stærð: 72 x 162 sm. Vnr. 3805001, 3805060
MINNIE OG SKYLANDERS GRJÓNASTÓLAR
Flottir grjónastólar á frábæru tilboði! Stærð: 140 ltr. Vnr. 3612517
FULLT VERÐ: 12.950
4.995
MUNDI HNÖTTUR
Flottur hnöttur á frábæru verði! Stærð: Ø21 sm. Hæð: 31 sm. Vnr. 3967900
FULLT VERÐ: 2.995
1.995
HOME / LOVE STAFIR
Flottir, hvítir stafir. 4 stk. í pakka. Hægt að velja um HOME eða LOVE. Vnr. 37289001
4 STAFIR
1.695
RINGSTED DUN
NOMITE
Downafresh
DÖNSK GÆÐAVARA
Tilvalin jólagjöf
Koddi 50 x 70 sm. 12.950
MOSKUSDÚNSÆNG
IMPERIAL SÆNG
Lúxussæng fyllt með 600 gr. af 90% hvítum evrópskum moskusdúni/10% moskusfjöðrum. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 11. Má þvo við 60°C. Sængurtaska fylgir.
135x220 sm. 39.950 nú 29.950
Koddi 50 x 70 sm. 12.950
Vnr. 4031450, 4031451, 4231404
FULLT VERÐ: 34.950
24.950
135 X 200 SM.
SPARIÐ 10.000 AF SÆNG
GOLD EINSTÖK GÆÐI
HEIT
Fylling: 90% moskusdúnn
Þvottur: 60°C
Burðargeta 11
SPARIÐ 1000
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
FULLT VERÐ: 3.995
2.995
SISSY SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómullarsatín. Lokað að neðan með tölum. Stærðir:
140 x 200 sm. 3.995 nú 2.995
140 x 220 sm. 4.495 nú 3.495
200 x 220 sm. 5.995 nú 4.995
Vnr. 1242080
25-60% AFSLÁTTUR
AF VALINNI JÓLAVÖRU
40% AFSLÁTTUR
VERÐ PR. MTR. FRÁ:
775
HEBE LÍNAN
Fottir jólakappar, fást í 2 breiddum og litum:
Breidd 40 sm. verð pr. mtr. 1.295 nú 775
Breidd 50 sm. verð pr. mtr. 1.495 nú 895
Einnig fæst dúkur, dúlla og diskamottur í stíl.
Dúkur 85 x 85 sm. 1.995 nú 1.195
Dúlla st. Ø30 sm. 499 nú 299
Diskamotta 499 nú 299
Vnr. 1005-13-1119
32% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 595
399
JÓLASKOPARABOLTI MEÐ LJÓSI
Vnr. SA4000010
FULLT VERÐ: 1.295
695
JÓLAKÚLA
Stærð: Ø15 sm.
Vnr. AX8100040
46% AFSLÁTTUR
38% AFSLÁTTUR
GLERKÚLA MEÐ LJÓSI
5 LED ljós. 2 mismunandi gerðir. Gengur fyrir rafhlöðum.
Vnr. XX8710700
FULLT VERÐ: 1.295
795
46% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 1.295
695
SANTA SMÁKÖKUKRUKKA
Vnr. 554998370
NÝTT
60% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 3.995
2.995
40% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 499
199
LJÓSASKREYTING
Litlar jólaskreytingar með einu LED ljósi.
Vnr. 1074092
40% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 4.995
2.995
SYNGJANDI JÓLAFÍGÚRUR
Vnr. 315000060
25% AFSLÁTTUR
LJÓSASKREYTING
Glæsileg stjarna/krans með LED ljósum á frábæru verði! Vnr. AX9300310
VERÐ FRÁ:
299
DÚKUR FULLT VERÐ: 1.995
1.195
Tilboðin gilda til 08.12.2013

Sími 552 2440

TAXI BBS BBS TAXI

Borgarbílastöðin. ehf

ATH. Ekkert utanbæjargjald.
Eldri borgara og öryrkjar fá 20% Stgr.afslátt!
www.borgarbilastodin.is

Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir

JÓLATILBOÐ













JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

Magimix matvinnsluvélar, blandarar og safapressur.
Kaffivélar fyrir Nespresso og kaffi frá Caffé Vergnano fyrir Nespressovélar.

magimix jura

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

vilborg@centrum.is

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




# Óttast aukin inngrip

Ljósmæður óttast að inngripum í fæðingar fjölgi í kjölfar breytinga á fæðingarþjónustu Landspítalans. Rannsóknir sýna að inngrip er algengara ef aðstæður bjóða upp á slíkt. Yfirljósmóðir segir eitt markmiðanna að auka hlutfall eðlilegra fæðinga.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirhugaðar breytingar á fæðingarþjónustu Landspítalans valda ljósmæðrum áhyggjum af því að eðlilegum fæðingum og möguleikum kvenna til að velja sér fæðingarstaði muni fækka. Breytingarnar fela meðal annars í sér að starfsemi Hreiðursins sameinast fæðingardeild og meðgöngu- og sængurkvennadeild.

Ljósmæður Hreiðursins eru slegnar yfir fyrirhuguðum breytingum. Fæðingarþjónusta Hreiðursins hefur verið starfrækt á Landspítalanum í 15 ár samkvæmt hugmyndafræði um ljósmóðurleidda fæðingarþjónustu og eðlilegar fæðingar. Anna Eðvaldsdóttir, ljósmóðir í Hreiðrinu og varaformaður Ljósmæðrafélags Íslands, segir áhyggjur ljósmæðranna meðal annars koma til vegna rannsókna á vinnubrögðum ljósmæðra. Þær sýni að á almennum fæðingardeildum, þar sem aðstæður bjóða upp á inngrip í fæðingar grípi ljósmæður oftar inn í að óþörfu. Það eigi einnig við, þrátt fyrir ljósmóðirin hafi mikla reynslu af aðstoð í eðlilegum fæðingum án inngripa.



**ANNA SIGRÍÐUR VERNHARÐSDÓTTIR**

Anna Sigríður Vernharðsdóttir, yfirljósmóðir fæðingardeildarinnar, segir eitt af markmiðum breytinganna á fæðingarþjónustunni vera að auka tíðni eðlilegra fæðinga á sjúkrahúsinu. Aðspurð segir hún ekki vera til viðmið á Landspítalanum um hvað teljist til eðlilegra fæðinga, en segir að alla jafna sé miðað við inngripalausa fæðingu.

Könnun á fæðingum á Landspítalanum, sem framkvæmd var árið 2011, leiddi í ljós að tæplega 63 prósent fæðinga í Hreiðrinu voru án allra inngripa. Á fæðingardeildinni reyndust þær aftur á móti vera 16 prósent, en í því samhengi verður að hafa í huga að allar áhættusamar fæðingar fara fram á fæðingardeildinni. Í heild reyndust 25,6 prósent fæðinga á sjúkrahúsinu vera án allra inngripa. „Við teljum okkur geta hækkað þetta hlutfall,“ segir Anna Sigríður. eva@frettabladid.is

## Pabbavænna í Hreiðrinu



**REYNSLUNNI RÍKARI** Stella og Marta stefndu báðar að því að eiga í hreiðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég valdi Hreiðrið því að ég stefndi á náttúrulega, inngripalausa fæðingu,“ segir Marta Goðadóttir, sem nýtti sér þjónustu Hreiðursins þegar hún átti fyrsta barn sitt. Fæðingin endaði þó ekki þar, því útvíkkunin hætti í miðju kafi og eftir langa mæðu var hún flutt yfir á fæðingardeildina. Þaðan fór hún svo í bráðakeisara. „Ég hef mjög jákvæða reynslu af báðum stöðum og fann ekki gríðarlega mikinn mun. Fyrst og fremst er mikilvægt að konur hafi val og það sé virt. Valið er svo mikilvægt fyrir konur og eykur sjálfstraust þeirra í fæðingunni,“ segir Marta. Stella Ólafsdóttir hafði stefnt á að eiga fyrra barn sitt í Hreiðrinu, en þá reyndist allt vera fullt og hún átti á fæðingardeildinni. Hún átti svo sitt annað barn í Hreiðrinu fyrir stuttu og er sammála því að þjónustan sé sambærileg á deildunum. Vinkonurnar segja muninn helst að finna í aðstöðu fyrir pabbana. „Það er pabbavænna í Hreiðrinu, sérstaklega eftir fæðinguna. Þegar ég var komin á sængurkvennadeild eftir keisaraskurðinn þótti mér mjög erfitt að ekki var pláss fyrir makann minn og varð lítil í mér,“ segir Marta.

Um markmið sameinaðrar fæðingardeildar að fjölga eðlilegum fæðingum segir Marta: „Í fyrsta lagi spyr ég á móti: Hvað er eðlilega fæðing? Ef átt er við inngripalausa fæðingu, þá er það skrýtið markmið því þetta eru mjög ólík ferli og kannski ekki hægt að sinna báðum hópum jafn vel og í núverandi fyrirkomulagi. Ég upplifði tvískipta fæðingu, þar sem hún var meira úr mínum höndum þegar ég fór yfir á fæðingardeildina. Þar þurfti ég að leggja traust mitt á starfsfólkið, en í Hreiðrinu treysti ég á sjálfa mig.“ Stella segir jákvætt ef fjölga á eðlilegum fæðingum. „Ef hugmyndafræði Hreiðursins verður nýtt áfram, þá er það ekkert nema gott,“ segir hún.

Þrastalundur – til leigu eða sölu



Ungmennafélag Íslands auglýsir húsnæði í Þrastalundi til leigu eða sölu.

Þrastalundur sem staðsettur er í jaðri Þrastaskógar við Sogið í Grímsnesi er ein fallegasta náttúruperla Suðurlands. Þrastalundur og Þrastaskógur bjóða upp á mikla möguleika í ferðaþjónustu, s.s. veitingarekstur, tjaldsvæði, útivist, menningarviðburði og margt fleira.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands í síma 568 2929 eða í netfanginu saemundur@umfi.is.

Frestur til að skila inn tilboðum er til 20. desember.

UMFÍ

FERÐASKRIFSTOFAN
ÞÍN Í 77 ÁR

# Kæru landsmenn!

## Við flytjum í nýtt og glæsilegt húsnæði að Hlíðasmára 19, Kópavogi

### Við opnum mánudaginn 9. desember!

**Verið hjartanlega velkomin**

*Kveðja, starfsfólk*

ÚRVAL·ÚTSÝN SUMARFERÐIR plús FERÐIR www.plusferdir.is






## Vilt þú vinna ferð fyrir tvo til Tenerife?

Að tilefni flutninganga gefum við ferð til Tenerife. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta til okkar í Hlíðasmára 19, Kópavogi og skrá þig í pottinn. **Vinningshafinn verður dregin út 1. febrúar.**



ÚRVAL·ÚTSÝN SUMARFERÐIR plús FERÐIR www.plusferdir.is HEKLA travel itb VIÐSKIPTAFERÐIR ÚRVAL-ÚTSÝN

FERÐASKRIFSTOFA ÍSLANDS | HLÍÐASMÁRA 19, 201 KÓPAVOGI | S. 585 4000

## ➜ Brot úr ævi frelsishetjunnar Nelsons Mandela 1918 til 2013

**1918** Nelson Rolihlahla Mandela fæðist 18. júlí í þorpinu Mvezo austan til í Suður-Afríku.

**1942** Hefur nám í lögfræði

**1944** Gengur til liðs við Afríska þjóðarráðið og hefur forystu um friðsamlegt andóf gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans.

**1952** Dæmdur fyrir þátttöku í fjöldaherferð gegn lögum sem mismunuðu fólki eftir litarhætti.

**1953** Stofnar lögmannsstofu ásamt Oliver Tambo, sem veitir þeldökkum ókeypis eða ódýra lögfræðiþjónustu.

**1956** Handtekinn ásamt 156 öðrum mótmælendum sem sakaðir voru um að hafa ætlað að gera vopnaða byltingu.

**1960** Fjöldamorðin í Sharpesville. Lögregla drepur 69 manns sem eru að mótmæla því að einungis þeldökkir borgarar þurfi jafnan að vera með skilríki á sér. Sama ár er Afríska þjóðarráðið bannað.

**1961** Mandela verður leiðtogi Afríska þjóðarráðsins. Stofnar vopnaða sveit.

**1962** Handtekinn, dæmdur í ævilangt fangelsi og sendur til afplánunar á Robbin-eyju, þar sem hann dvelur næstu 18 árin.

**1990** F.W. de Klerk, forseti Suður-Afríku, aflèttir aðskilnaðarstefnunni og leyfir starfsemi Afríska þjóðarráðsins á ný. Mandela látinn laus eftir 27 ára fangavist.

**1991** Mandela kosinn forseti Afríska þjóðarráðsins.

**1993** Mandela hlýtur friðarverðlaun Nóbels ásamt F.W. de Klerk, forseta Suður-Afríku.

**1994** Kosinn forseti Suður-Afríku, fyrstur þeldökkra manna, með yfirgnæfandi stuðningi í fyrstu frjálsu kosningum landsins.

**1999** Lætur af embætti eftir eitt kjörtímabil.

**2009** Sameinuðu þjóðirnar lýsa fæðingardag hans, 18. júlí, alþjóðlegan dag Nelsons Mandela.

**2013** Mandela deyr 6. desember á heimili sínu eftir erfið veikindi, 95 ára gamall.





VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?

Nicovel® lyfjatyggigúmmí

**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

NEY13007


# Mandela saknað

Jafnt íbúar Suður-Afríku sem leiðtogar og almenningur um heim allan minnast Nelsons Mandela fyrir einstæða leiðtogahæfileika og hlýlegan persónuleika.



**LAUS ÚR FANGELSINU** Nelson Mandela ásamt Winnie, þáverandi eiginkonu sinni, með sigurhnefa á lofti í febrúar árið 1990. NORDICPHOTOS/AFP

**SUÐUR-AFRÍKA** „Við í fjölskyldunni áttum okkur á því að Madiba tilheyrir ekki aðeins okkur heldur heiminum öllum," segir Mandla Mandela, sonarsonur Nelsons „Madiba" Mandela í yfirlýsingu. „Allt sem ég get gert er að þakka Guði fyrir að ég átti afa sem unni okkur öllum í fjölskyldunni og leiðbeindi okkur."

Leiðtogar allra helstu ríkja heims hafa minnst Mandela, sem lést á fimmtudag á heimili sínu eftir erfið veikindi frá því í sumar.

„Ég er einn þeirra milljóna manna sem fengu hvatningu frá ævi Nelsons Mandela," sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagði Mandela hafa gnæft yfir aðra menn.

Meira að segja leiðtogar Ísraels og Palestínumanna voru sammála um að þarna hefði mikilmenni verið á ferð: „Palestínuþjóðin mun aldrei gleyma þeirri sögulegu yfirlýsingu hans, að byltingin í Suður-Afríku muni ekki ná markmiði sínu fyrr en Palestínumenn verða frjálsir," sagði Mahmúd Abbas, forseti Palestínustjórnar.

Fánar verða í hálfa stöng í Suður-Afríku alla vikuna, þangað til Mandela verður jarðsunginn í heimaþorpi hans, Qunu, á sunnudaginn eftir viku.

Á morgun verður efnt til bænar- og minningardags, en á þriðjudaginn verður opinber minningarathöfn haldin á íþróttaleikvangi í Jóhannesarborg. Frá miðvikudegi fram á föstudag mun lík hans liggja á viðhafnarbörum í höfuðborginni Pretoríu, þar sem fólk getur komið og vottað honum virðingu sína.

gudsteinn@frettabladid.is



**SORG Í SUÐUR-AFRÍKU** Hópur fólks safnaðist saman fyrir utan gamla húsið hans í Soweto-hverfi í Jóhannesarborg. NORDICPHOTOS/AFP

## Rokkuðu á Klambratúni til heiðurs Mandela

25 ár eru liðin síðan Suður-Afríkusamtökin gegn Apartheid héldu rokktónleika á Klambratúni í júlí 1988. Þeir báru yfirskriftina Frelsum Mandela sjötugan og voru liður í alþjóðlegri herferð til að fá Mandela lausan úr fangelsi á sjötugsafmæli hans. Ágóði af tónleikunum rann til aðstoðar börnum og unglingum í Suður-Afríku.

Egill Ólafsson hóf tónleikana með kassagítar við hönd og flutti lag Johns Lennon, Working Class Hero. Á meðal annarra sem stigu á svið voru Síðan skein sól, Bubbi Morthens, Megas, Langi Seli og Skuggarnir, Frakkarnir og Sykurmolarnir. Skáldið Sjón var kynnir og voru tónleikarnir sendir út beint í Sjónvarpinu og á Rás 2. - fb



**SYKURMOLARNIR** Björk Guðmundsdóttir og félagar í Sykurmolunum uppi á sviði á Klambratúni í júlí 1988. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR


Almennt útboð á hlutum í N1



ER N1 SPENNANDI FJÁRFESTINGARKOSTUR?

víb

**Starfsfólk VÍB svarar spurningum um skráningu N1 í Kauphöll Íslands**

Opinn hluti almenns útboðs í N1 stendur frá 6. desember kl. 10.00 til 9. desember kl. 16.00.

Hringdu í síma 440 4900 eða sendu tölvupóst á vib@vib.is.
**Dagana 7. og 8. desember er hægt að hafa samband símleiðis milli kl. 9.00 og 20.00.**

Þann 5. desember boðaði VÍB til fundar um N1, fyrirkomulag útboðsins og skráningu almennings fyrir hlutum í útboðinu.

**Á www.vib.is getur þú séð upptöku af fundinum.**

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

ENNEMM / SÍA / NM60409




# SJÖFALDUR ÞANN SJÖUNDA!

**Sjöfaldur Lottópottur** stefnir í **85 heillandi milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

**30/11 2013** | WWW.**LOTTO.IS**

Fíton/SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION
WLA

facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**

iPhone 5s




# iPhone á lægra

## 4G komið í iPhone hjá Nova!

Viðskiptavinir Nova geta sótt 4G uppfærslu fyrir iPhone 5, 5c og 5s, sem styður allt að tífalt meiri nethraða en 3G. Einnig má uppfæra símann með því að tengjast iTunes í tölvu. Þegar þú ert í 4G sambandi stendur LTE á skjánum. 4G hjá Nova er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.

**Vertu með símkort frá Nova í iPhone símanum þínum og þú ferðast hraðar um netið.**

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri. Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter**

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símnotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is. 4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má nefna að hraði 3G er um 2–4 Mb/s.

iPhone 5c



4G
LTE

Komið í iPhone hjá Nova!

# verði hjá Nova!

1.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir!

**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.

1.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir!

**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Öldrunarheimili Akureyrar fær alþjóðlega viðurkenningu:

# Nú fullgilt Eden-heimili

**ÖLDRUNARMÁL** Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem fullgilt Eden-heimili. Heimilið er það fyrsta sem hér hlýtur slíka viðurkenningu.

Með Eden-hugmyndafræðinni er lögð áhersla á að öldrunarheimili séu heimili íbúanna. Unnið er að því að gera umhverfi íbúanna manneskjulegra og líflegra. Lögð er áhersla á sjálfræði þeirra og einstaklingsmiðaða þjónustu. Innleiðing Eden-hugmyndafræðinnar hjá ÖA hófst árið 2006. - fb



**EDEN-HEIMILI** Lögð er áhersla á manneskjulegt umhverfi.

Hanna Birna Kristjánsdóttir leggur fram lagafrumvarp á næstu dögum:

# Vill fresta nauðungarsölum

**SKULDAMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra leggur á næstu dögum fram frumvarp sem heimilar frestun á nauðungarsölum á íbúðarhúsnæði fram á mitt næsta ár. Ráðherra kynnti málið í ríkisstjórn í gær.

„Við fögnum því að innanríkisráðherra skuli loksins hafa brugðist við ítrekuðum áskorunum okkar,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna.

Þá kynnti Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, í ríkisstjórn frumvarp til laga um fjárhagsaðstoð til einstaklinga vegna kostnaðar sem fellur til við gjaldþrotaskipti þegar önnur úrræði hafa verið fullreynd. Í því er gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara meti skilyrði fyrir slíkri aðstoð og leggi fram tryggingu kostnaðar fyrir hönd skuldarans. Dómarar ákveða nú lágmarkstryggingu við skipti á búum einstaklinga. Sá borgar sem fer fram á gjaldþrot. Algengasta tryggingin nemur 250 þúsund krónum en í frumvarpinu er lagt til að fjárhagsaðstoðin verði takmörkuð við þá fjárhæð.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu kemur fram að gjaldþrot einstaklinga á árunum 2010 til 2012 voru 226. - fb



**HANNA BIRNA KRISTJÁNS-DÓTTIR**






**HERMENN Í AFGANISTAN** Fjórir kanadískir hermenn sem störfuðu í Afganistan hafa framið sjálfsvíg á síðustu tveimur vikum. MYND/AP

# Fyrirfara sér að lokinni herþjónustu

Sjálfsvígum kanadískra hermanna hefur fjölgað ört að undanförnu. Fjórir hafa framið sjálfsvíg á síðustu tveimur vikum og um fimmtíu á árunum 2010-2012.

**KANADA** Fjórir kanadískir hermenn hafa framið sjálfsvíg á undanförnum tveimur vikum. Sá síðasti sem það gerði var Sylvain Lelievre, 46 ára, sem fannst látinn í herstöð skammt frá borginni Quebec á mánudaginn. Hann hafði starfað bæði í Afganistan og í Bosníu á tæplega þrjátíu ára ferli sínum.

Fyrir vikið hafa vaknað upp spurningar um það hvort kanadísk stjórnvöld veiti fyrrverandi hermönnum í Afganistan nægilegan stuðning hvað geðheilbrigði varðar.

Áður en Lelievre framdi sjálfsvíg var kanadíski herinn þegar að rannsaka sjálfsvíg þriggja annarra hermanna sem störfuðu í Afganistan, þeirra Michaels McNeil, Williams Elliot og Travis Halmrast. Sá síðastnefndi hafði verið í fangelsi eftir að hafa verið ákærður vegna heimilisofbeldis.

Samkvæmt þjóðaröryggisstofnun Kanada hafa hátt í fimmtíu hermenn framið sjálfsvíg á árunum 2010 til 2012, að því er sagði í frétt The Guardian. Í framhaldinu sendi kanadíski herinn frá sér myndband þar sem hermenn voru hvattir til að leita sér aðstoðar. Á kanadíska þinginu sökuðu þingmenn stjórnarandstöðunnar ríkisstjórnina um skort á umhyggju og spurðu hvort einhverjar aðgerðir væru í burðarliðnum varðandi dauðsföllin sem ættu sér „engin fordæmi“. Forsætisráðherrann Stephen Harper sagði fyrr í vikunni að stuðningurinn væri til staðar og að séð yrði til þess að hann yrði það áfram.

**50** Um fimmtíu kanadískir hermenn frömdu sjálfsvíg frá 2010 till 2012.

Þegar hæst lét voru kanadískir hermenn í Afganistan þrjú þúsund talsins. Þeim var fækkað árið 2011 en Kanada mun aðstoða við heræfingar í landinu fram á næsta ár.

Reynsla Kanadamanna af sjálfsvígum hermanna er svipuð og í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þar hafa yfirmenn hersins verið varaðir við aukinni tíðni áfallastreituröskunar, sem algengt er að hermenn greinist með. Sjúkdómurinn tekur að meðtali ellefu ár að ná bólfestu í mönnum og er búist við auknum fjölda tilfella á næstu árum vegna þeirra sem tóku þátt í stríðinu í Írak og í Afganistan á síðasta áratug.

freyr@frettabladid.is

BOSS HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO RALPH LAUREN

ARMANI COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI collezione

bugatti

Stenströms

LLOYD

BELLINI collezione

Herra lagerinn outlet

# Jóla-sprengja!

# 40 til 60% afsláttur af öllum vörum!

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

ath. opið sunnudag

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



Ná má sátt um almannaútvarp:

# Óvinir Ríkisútvarpsins

Sátt um Ríkisútvarp í almannaeigu var ekki rofin með niðurskurðinum nú. Sáttin var rofin með ohf-væðingunni svokölluðu. Þá var tekin upp sú grímulasua stefna að um fyrirtæki í samkeppnisrekstri væri að ræða. Þess vegna borgar sig að segja upp dagskrárgerðarfólki á Rás 1 en hrófla ekki við markaðs- eða auglýsingadeildinni. Og þess vegna meta stjórnendur stofnunarinnar það svo að yfirboð á boltaleikjamótum úti í heimi séu fyllilega réttlætanleg.



Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is

Ekki þarf að velta því lengi fyrir sér að samkeppni og Ríkisútvarp í allra eigu geta ekki farið saman. Sátt um Ríkisútvarpið hlýtur að snúast um að stofnunin sinni ákveðnu hlutverki og það hlutverk snýr einkum að umfjöllun um menningu og varðveislu menningarverðmæta. Þau okkar sem hafa bent á hvaða villigötum stofnunin er á eru ekki endilega óvinir Ríkisútvarpsins.

Þau sem fylltu Háskólabíó í vikunni voru ekki að biðja um að Páll Magnússon útvarpsstjóri sækti það fastar að kaupa enska boltann á nýja íþróttarás Ríkisútvarpsins. Þau voru heldur ekki að óska eftir fleiri peningaþáttum á laugardagskvöldum eða að Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri keypti fleiri gamanþætti frá bandarískum sjónvarpsstöðvum. Krafa þessa fólks er sú að Ríkisútvarpið sinni hlutverki sínu; íslenskri menningu. Til þess þarf stofnunin ekki að herja á auglýsingamarkað, meðal annars í blóðugum slag við eigendur sína. Í raun er lítið mál að reka öflugt Ríkisútvarp, sem almenn sátt væri um, fyrir aðeins hluta af nefskattinum.

Mörg gild rök hníga að því að Ríkisútvarp eigi fyllilega rétt á sér, en við eigum ekki að breyta Ríkisútvarpinu í Stöð 2 eins og reynt hefur verið að gera með misheppnuðum árangri síðustu ár. Sú vegferð hófst með ráðningu sjónvarpsstjóra Stöðvar 2 í starf útvarpsstjóra og dagskrárstjóra Stöðvar 2 í starf dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur talað á skynsamlegum nótum um Ríkisútvarpið á umliðnum dögum og vikum. Hann hefur staðið í fæturna þótt einhverjum hinna svokölluðu „vina“ Ríkisútvarpsins finnist eins og hann sé óvinurinn. Illugi vill ekki leggja stofnunina niður en hann virðist hafa þor til að endurhugsa hlutverk hennar, sem löngu er tímabært.

Íslendingar hafa ekkert með Ríkisútvarp Páls Magnússonar að gera. Við þurfum öflugt Ríkisútvarp sem rekur sjónvarps- og útvarpsstöð sem lætur ekki afvegaleiðast og blindast í keppni á auglýsingamarkaði. Gott Ríkisútvarp á að losa sig við markaðs- og auglýsingadeildir og sinna því sem einkareknar stöðvar geta ekki sinnt. Ríkisútvarp er ekki fyrirtæki heldur stofnun sem á ekki að vera í samkeppnisrekstri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



HAFRALÓNSÁ / VESTURDALSÁ

Laus veiðileyfi

- Eigum laus veiðileyfi í Hafralónsá í ágúst.
- Eigum laus veiðileyfi á besta tíma í Vesturdalsá.

Einstakt tækifæri til að fá veiðileyfi á góðum tíma í þessum rómuðu ám.



Vesturdalsá hefur verið lokuð og friðuð fyrir almennri veiði í mörg ár og er því afar spennandi kostur.

Pantanir og nánari upplýsingar fást í síma 696 1130 og gisli@laxinn.is

VESTURÁRDALUR ehf.

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Á að hræðast þá sem færa gjafir?

„Ég hræðist Grikki, einnig þegar þeir færa oss gjafir.“ Þetta segir Virgill í Eneasarkviðu. Viðlíka tilfinningar hafa ekki vaknað í kjölfar gjafa ríkisstjórnarinnar til þeirra sem skulda íbúðarlán. Gjafir geta vakið ólík tilfinningaleg viðbrögð fyrir þá sök að menn horfa ýmist skammt eða langt fram á veginn þegar þær eru metnar til verðs.



Hagfræðingur hjá Danske Bank sagði nýlega í tilefni af skuldaniðurgreiðsluáformunum að íslenskir stjórnmálamenn stjórnuðust alfarið af skammtímasjónarmiðum. Sami maður varð þjóðardýrlingur hér um hríð eftir hrun fyrir þá sök að menn uppgötvuðu að hann hafði fyrir hrun hræðst það sem þá var í gangi meðan við vorum óttalaus og skopuðumst að þeim sem voru hræddir.

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa áhrif á þremur sviðum: Í fyrsta lagi virka þær beint á bókhald margra heimila. Auðvelt verður að mæla þau áhrif og þau verða jákvæð í fyrstu. Frá þessu afmarkaða sjónarhorni er fátt að óttast.

Í öðru lagi eru þær af þeirri stærðargráðu að hafa áhrif á reikninga þjóðarbúsins. Það mælist á lengri tíma og er ekki auðrekjanlegt en gæti haft öfug áhrif á hag heimilanna þegar fram í sækir. Þetta víða sjónarhorn gefur því tilefni til nokkurrar hræðslu. Þannig hefur skuldatryggingaálag Íslands þegar hækkað.

Í þriðja lagi mæla skoðanakannanir áhrifin á pólitíkina. Þau eru strax komin fram. Það ræðst síðan af því hvaða mælistiku er brugðið á loft hvort gjafirnar vekja tilfinningar ánægju eða hræðslu.

## Mælikvarði dagsins

Nýja Framsókn er í eðli sínu fremur flokkur augnabliksins en langtímasjónarmiða. Síðustu kosningar sýndu umtalsverða spurn eftir slíkri pólitík. Í samræmi við það heimtir forsætisráðherra helminginn af því fylgi sem tapast hefur frá kosningum. Það er býsna gott þótt væntingin hafi verið meiri. Frá gagnstæðu sjónarhorni verðskuldar forsætisráðherra hrós fyrir að sætta sig við að aðgerðin skuli aðeins vera þriðjungur af því sem lofað var fyrir kosningar.

Fjármálaráðherra hefur með aðhaldssamri sýn á ríkisfjármál áunnið sér vaxandi traust og virkað sem kjölfesta samstarfsins. Í því ljósi munu margir réttilega þakka honum að loforðið var skorið niður um tvo þriðju. Á móti kemur að aðgerðin víkur eigi að síður af vegi hófsemi í ríkisfjármálum og frá framtíðarmarkmiðum í peningamálum.

Tap Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnun Morgunblaðsins gæti skýrst af því að fylgjendur hans kalli eftir ríkari ábyrgð en felst í þessum ráðstöfunum. Líklega liggur orsökin þó fremur í hinu sem nú er orðið ljóst að ætlunin er að svíkja loforðið um þjóðaratkvæði um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Stjórnarandstaðan er í þeirri klípu að jákvæðu áhrifin á bókhald einstakra heimila koma fyrst en neikvæðu áhrifin á þjóðarhag koma síðar. Sagan kennir að stjórnarandstaða þarf ekki að andæfa aðgerðum til þess að hagnast sjálfkrafa á neikvæðu áhrifum þeirra þegar þau birtast. Þrátt fyrir það er snúið að stíga ölduna í miklum veltingi milli lang- og skammtímasjónarmiða. Engu er líkara en stjórnarandstaðan viti ekki enn hvort hún eigi að fleyta kerlingar í umræðunni eða ögra strax kenningu danska hagfræðingsins.

## Mælikvarði morgundagsins

Í ágúst skipaði fjármálaráðherra efnahagsráð til að rýna hina flóknari Þjóðhagsmælikvarða og leggja á ráðin um skynsamlega nýtingu fjármuna. Álit þess hefur ekki verið birt. Það hlýtur þó að vera til. Hér er ekki verið að gera því skóna að það sé neikvætt; það á bara ekki að fara leynt.

Helsta réttlæting félagsmálaráðherra er sú að aðgerðirnar auki neyslu. Svigrúm til launahækkana þrengist að sama skapi; ella er hætta á minni afgangi af utanríkisviðskiptum. Það þrengir aftur möguleikana á afnámi hafta. Leiði þetta til verðbólgu étur hún ávinning heimilanna upp. Þessi atriði er að vísu ekki alveg einfalt að mæla fyrirfram. Á endanum sker reynslan ein úr. En hún hefur sýnt að óraunsæi ræður æði oft mati á áhrifum ákvarðana af þessum toga.

Það sem helst orkar tvímælis er þó valið um ráðstöfun skatttekna. Að hluta til er verið að gefa eftir skatttekjur. Það takmarkar sjálfkrafa framlög til annarra verkefna eða skattalækkana til að örva verðmætasköpun. Ný skattheimta sem gefur miklar tekjur er svo nýtt í annað en að létta á skuldum ríkissjóðs. Vaxtagreiðslur af þeim halda þar af leiðandi áfram að vera Þrándur í Götu viðreisnar sjúkrahúsa og skóla að óþörfu.

Veikleikinn felst í því að kaupa stundarvinsældir á kostnað framtíðarhagsmuna er lúta að sköpun verðmæta, velferð og menntun. Þegar lesið er á slíka hagræna og siðferðilega mælikvarða til lengri tíma vandast vörnin hjá ríkisstjórninni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*






## JÓLABALL Á SPÍRUNNI

KRAKKAR!
KETKRÓKUR OG ÞVÖRUSLEIKIR
HALDA JÓLABALL Á SPÍRUNNI
**KL. 15.00 Á SUNNUDAG.**
DANSAÐ Í KRINGUM JÓLATRÉÐ,
BÖRNIN FÁ HOLLAN GLAÐNING,
**FRÍTT INN**

HEITT KAKÓ
Í JÓLATRJÁA-
SKÓGINUM

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Hver vill slá heimsmet?

FJÁRMÁL



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
þingkona Samfylkingarinnar

Í aðdraganda og kjölfar hruns bankanna, hrundi íslenska krónan. Það var svo sem ekki í fyrsta skipti enda á blessuð krónan sér mjög sveiflukennda sögu. Sveiflur á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli viðskiptalanda okkar hafa valdið óhóflegri verðbólgu hér á landi.

Á 8. áratugnum var árleg verðbólga um 35 prósent sem leiddi til þess að árið 1979 voru sett lög um verðtryggingu af ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins. Óðaverðbólga át upp sparifé og olli miklum skorti á lánsfé.

Með verðtryggingunni breyttust aðstæður, auðveldara varð að fá lán og hægt var að hefja uppbyggingu lífeyrissjóða.

Á 9. áratugnum náði verðbólga nýjum hæðum og árlegt meðaltal þann áratuginn var um 48%. Eftir árið 1990 hefur verðbólga að jafnaði verið mun minni hér á landi þó hún hafi verið mun hærri en í nágrannalöndum okkar. Ef við lítum t.d. til Danmerkur, Finnlands og Írlands þá er vart hægt að bera saman verðlagsþróun þessara þriggja landa við Ísland. Á sl. 30 árum hefur verðlag tvöfaldast í þessum ríkjum en tólffaldast á Íslandi. Já – þið lásuð rétt!

Þrálát verðbólgusaga hefur áhrif á lánskjör. Þó verðtryggingin hafi valdið mörgum lántakendum búsifjum á síðustu árum þá er hún ekki rót vandans. Núverandi og fyrrverandi ríkisstjórnir hafa sýnt viðleitni til að bæta lántakendum verðtryggðra lána upp kostnað síðustu ára en sú viðleitni dugir skammt. Verðbólga næstu ára mun verða fljót að hækka höfuðstól lánanna aftur. Fleiri velja nú þá leið að taka óverðtryggð lán til að verja sig gegn höfuðstólshækkunum sem verðtryggingin veldur í mikilli verðbólgu. Í staðinn verður greiðslubyrðin þyngri og sveiflur í afborgunum meiri við vaxtabreytingar.

**➜ Sveiflur á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli viðskiptalanda okkar hafa valdið óhóflegri verðbólgu hér á landi.**

Forsætisráðherra langar til að slá heimsmet. Honum hefur enn ekki tekist það. En það er ein leið fær í þeim efnum. Hún er sú að taka upp annan gjaldmiðil, evruna sem er gjaldmiðill okkar helstu viðskiptalanda. Með því móti gæti hann lækkað greiðslubyrði húsnæðislána varanlega um rúm 30 prósent!

## Mánaðarleg afborgun

**af óverðtryggðu 20 millj. kr. láni með jöfnum afborgunum til 25 ára.**




Landsmót hestamanna verður haldið á mótssvæði hestamannafélagsins Geysis á Hellu dagana 30.6 – 6.7. 2014. Landsmót auglýsir eftir aðilum/fyrirtækjum sem áhuga hafa á því leigja sölubása á mótinu. Búast má við allt að 12.000 gestum á mótið.

Landsmót hestamanna er einn stærsti íþróttaviðburður á Íslandi og er frábær sölugluggi fyrir stóra sem smáa markaðsaðila og fjölbreyttar stærðir sölubása verða til leigu.

Á LM 2014 verður lögð áhersla á fjölbreytni, gæði, snyrtimennsku og þjónustuhraða.

Frekari upplýsingar verða veittar í gegnum netfangið anna@landsmot.is

Landsmót hestamanna, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, landsmot@landsmot.is / www.landsmot.is

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Helgihald jóla og aðventu

8.des. sun. kl. 20:00
**Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.**
Ræðumenn kvöldsins verða rithöfundurinn Jónína Leósdóttir og séra Hjörtur Magni Jóhannsson. Fram koma Bjarni Arason, Svavar Knútur, Kristjana Stefánsdóttir, Sönghópur Fríkirkjunnar, Barnakór Fríkirkjunnar, Tómas R. Einarsson, Matthías Hemstock og Gunnar Gunnarsson sem jafnframt er organisti kirkjunnar og stjórnandi sönghóps. Álfheiður Björgvinsdóttir er stjórnandi barnakórs.

15.des. sun. kl. 14:00
**Guðsþjónusta 3. sunnudagur í aðventu.**

22.des. sun. kl. 14:00
**Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.**
Hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan haldið upp í Safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla.

22.des. sun. kl. 17:00
**Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.**

24.des. þri. kl. 18:00
**Aftansöngur á aðfangadagskvöldi**
Einsöngur Nathalía Druzin Halldórsdóttir. Sönghópur Fríkirkjunnar syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni.

24.des. þri. kl. 23:30
**Miðnætursamvera á jólanótt.**
Páll Óskar og Monika Abendroth ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni. Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

25.des. mið.kl. 14:00
**Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.**
**Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.**
Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni.

31.des. þri. kl. 14:00
**Hátíðarguðsþjónusta á dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund.**

# Að „hjallast“ úr sama farinu

MENNTUN



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Stjórnvöld fengu mjög skýr skilaboð í vikunni. Núverandi fyrirkomulag grunnskólanáms á Íslandi skilar ekki ásættanlegum árangri. Þótt PISA-könnun OECD sé ekki upphaf og endir allrar umræðu um gæði menntunar væri afar skammsýnt að taka niðurstöðurnar ekki alvarlega. Betri samanburður á frammistöðu nemenda er vandfundinn og rannsóknir hafa sýnt sterka fylgni á milli þróunar árangurs í PISA-könnunum og hagvaxtar.

Ísland er í sérstakri stöðu hvað þessa hluti varðar. Fjárframlög hins opinbera á hvern grunnskólanema hafa farið vaxandi undanfarin 15 ár á sama tíma og dregið hefur verulega úr framlögum á hvern háskólanema. Ísland er enn fremur eina þjóðin innan OECD sem ráðstafar meiri fjármunum á hvern grunnskólanemanda en háskólanemanda. Þrátt fyrir þetta eru laun grunnskólakennara á Íslandi í lægri kantinum og almenn óánægja með starfskjör. Það er óhugsandi að ekki sé hægt að nýta fjármunina betur.

### Nýjar leiðir hafa borið árangur

Fjölbreytni í rekstrarformi opinberrar þjónustu hefur skilað mjög góðum árangri, jafnt hérlendis sem erlendis. Á nýlegum fundi Samtaka verslunar og þjónustu um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila hélt framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, Áslaug Hulda Jónsdóttir, afar áhugavert erindi um starfsemi og árangur fyrirtækisins.

Það bregður mörgum í brún þegar orðið fyrirtæki er nefnt í þessu samhengi, enda hefur aðkoma einkaaðila að opinberri þjónustu verið viðkvæmt viðfangsefni á undanförnum árum. Þetta á einkum við þegar rætt er um menntun og heilbrigðisþjónustu. Slík viðhorf markast gjarnan af því að umræðu um fjármögnun og aðgengi að opinberri þjónustu er blandað við umræðu um rekstur hennar.

Þegar horft er á þann árangur sem starfsemi fyrirtækis eins og Hjallastefnan hefur náð er óumflýjanlegt að spyrja hvort hér liggi ekki hluti af lausn vandans í grunnskólakerfinu. Námsárangur nemenda innan Hjallastefnunnar hefur verið góður, nemendum líður vel og ásókn í skólana er langt umfram það sem starfsemin annar.

Hér er ekki átt við að uppskrift Hjallastefnunnar sé sú eina rétta. Það sem velgengni hennar sýnir aftur á móti fram á eru þau miklu tækifæri sem samkeppni, nýsköpun og fjölbreytileiki skapa. Í dag eru einungis 2,5% grunnskólanemenda í sjálfstæðum skólum og fæstir foreldrar standa frammi fyrir valkostum þegar kemur að grunnskólamenntun barna sinna. Þessu ætti að breyta.

**➜ Fjölbreytni í rekstrarformi opinberrar þjónustu hefur skilað mjög góðum árangri, jafnt hérlendis sem erlendis.**

### Tækifærin liggja víðar

Að lokum er vert að benda á að vandinn í grunnskólakerfinu á sér sterka hliðstæðu í stærra viðfangsefni: Hvernig efla megi opinbera þjónustu á sama tíma og dregið er úr útgjöldum? Fram til þessa hefur aðferðafræði hagræðingaraðgerða í opinberum fjármálum fyrst og fremst gengið út á að reyna að gera sömu hlutina með sama hætti fyrir minni fjármuni. Í stað þess að hjakka í sama farinu verður að nýta þessar áskoranir með uppbyggilegri hætti og spyrja í auknum mæli hvað megi gera öðruvísi.

Þar spilar samstarf og verkaskipting hins opinbera og einkaaðila lykilhlutverk. Aukin aðkoma einkaaðila að opinberum rekstri getur skilað miklum ávinningi ef rétt er haldið á spilunum eins og dæmin sanna. Þessi ávinningur er ekki eingöngu fólginn í hagkvæmni í rekstri, heldur ekki síður auknu vali neytenda og hvötum til nýsköpunar. Hleypidómar, íhaldssemi og tortryggni mega ekki koma í veg fyrir að allir kostir verði skoðaðir til hlítar á málefnalegan og skynsamlegan máta.

# Ungmennatrygging í Reykjavík

SAMFÉLAG



Sverrir Bollason
fulltrúi Samfylkingarinnar í velferðarráði Reykjavíkurborgar

Ungir karlmenn í Reykjavík eru margir illa staddir og ég hef áhyggjur af þróuninni. Ef rýnt er í tölur um fjárhagsaðstoð er ljóst að stærsti einstaki notendahópurinn í Reykjavík er ungir karlmenn.

Það þýðir að þeir eru ekki í vinnu og líklega ekki í skóla, óvirkir þátttakendur í samfélaginu. Við höfum séð hvað andvaraleysi gagnvart slíku ástandi getur þýtt. Óeirðir í París, London og Stokkhólmi á liðnum misserum voru afleiðing af vanmáttarkennd, áhrifaleysi og skorti á skilningi á aðstæðum ungs fólks, ekki síst ungra karlmanna.

Rétt er að taka fram að íslensk ungmenni eru til mikillar fyrirmyndar heilt á litið. Þau stunda heilbrigðara líferni en fyrirrennarar þeirra og nýta vel þau fjöldamörgu tækifæri sem hefur verið kappkostað að bjóða í námi, íþróttum og listum. Þegar svo vel tekst til við að umbreyta þeim slæmu siðum sem hér tíðkuðust áður verður sárara að sjá stækkandi hóp ungmenna sem sér ekkert í spilunum fyrir sig.

Á Íslandi er atvinnuþátttaka með því allra mesta sem gerist í heiminum. Sjálfsmynd Íslendinga er að mjög miklu leyti samofin þátttöku á vinnumarkaði og á það sérstaklega við um karlmenn sem jafnframt eiga sín sterkustu félagslegu tengsl á vinnustaðnum. Þá er atvinnuþátttaka kvenna óvenju mikil hér á landi. Almennt vinna Íslendingar marga og langa daga í samanburði við nálægar þjóðir og gildir það um ungmennin líka, sem vinna fleiri daga í viku meðfram námi en jafnaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndunum. Þessi staða skapar töluverðan þrýsting á að fólk sé í vinnu og taki þeirri vinnu sem bjóðist. Þannig er okkar samfélagssáttmáli búinn að vera, þeir vinna sem geta og vinnan verður útveguð.

### Ekki má gefa eftir

En hvað gerum við þegar ungt fólk fær ekki aðild að sáttmálanum? Störfin bjóðast ekki eða þeim gefst ekki tækifæri til að vinna þau störf sem bjóðast. Hvað gerum við þegar uppeldi, skóli og atvinnulíf hafa skapað væntingar um innihaldsrík og skemmtileg framtíðarstörf en engin slík verða til? Eða hvað gerum við þegar væntingar um laun og starfsaðstæður eru órafjarri því sem menntun og árangur getur staðið undir? Til næstu ára litið þá er ekki mikil von til þess að ungir menn sem hafa verið óvirkir um hríð geti gert mikið til að rétta stöðu sína hjálparlaust. Þegar fram líða stundir geta þeirra vandamál undið upp á sig og þeirra vandi verður vandi maka þeirra og barna. Ýmis virkniúrræði eru í gangi til að tækla þann vanda. Þar má ekki gefa eftir því öll virkni er leið til betri lífsskilyrða.

**➜ Mest um vert er þó að skapa ekki aðstæður vonleysis hjá fleiri ungmennum.**

Mest um vert er þó að skapa ekki aðstæður vonleysis hjá fleiri ungmennum. Mín tillaga er því sú að Reykjavíkurborg taki upp ungmennatryggingu. Við sameinumst um að hver einasti einstaklingur á aldrinum 16-20 ára fái tækifæri til að mennta sig, stunda starfsnám eða fái vinnu við hæfi. Stöðvum brottfallið úr framhaldsskólanum með því að finna fyrst nám við hæfi, styðjum svo við þá sem eru í hættu að flosna upp. Raunar ætti að ganga lengra og sýna hverju einasta ólögráða ungmenni að samfélaginu er ekki sama um framtíð þess og fylgja þeim betur eftir sem þess þurfa.





ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning

Lokabindið í magnaðri ritröð Guðmundar Páls Ólafssonar um náttúru Íslands kemur í verslanir fimmtudaginn 12. desember.

FORLAGIÐ




# Það er erfitt að vera fátækur

SAMFÉLAG



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum

**➜ Börn í þessari stöðu fara að sætta sig við skort …**

Fátækt er samfélagsmein sem hefur aukist á Íslandi síðustu ár, líkt og gerst hefur í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Samkvæmt opinberum tölum Hagstofunnar og íslenskum rannsóknum búa nú tæplega níu þúsund börn á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum eða við fátækt hér á landi.

Barnafátækt er staðreynd sem við getum ekki leyft okkur að horfa fram hjá og afleiðingarnar geta haft langvarandi áhrif á þær kynslóðir sem eru að vaxa úr grasi. Hluti íslenskra barna býr ekki við þau lífsgæði, sem almennt eru talin ásættanleg og sjálfsögð til að eiga innihaldsríkt líf og þroskast.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna nú að vitundarvakningu um barnafátækt og afleiðingar fátæktar á börn. Í viðtölum sem samtökin hafa átt við börn sem hafa búið við fátækt og skort á efnislegum gæðum kemur berlega í ljós hversu mikil áhrif skorturinn hefur á andlega líðan þeirra og líf. Þeim finnst þau minni máttar og forðast gjarnan samveru við jafnaldra sína utan skóla þar sem þau gætu verið útsett fyrir efnahagslegum mun. Þau reyna gjarnan að fela ástandið og taka ekki þátt í viðburðum eða öðrum tómstundum með jafnöldrum sínum. Þau hafa litla tiltrú á eigin samskiptahæfni og verða því félagslega einangruð. Þau segja að þau hafi smátt og smátt hætt að leyfa sér að eiga drauma og vonir. Þeim er tíðrætt um að þetta eða hitt hafi ekki verið hægt, því það hafi ekki verið til peningar, jafnvel ekki fyrir mat.

Börn í þessari stöðu fara að sætta sig við skort og þau virðast smátt og smátt hafa hætt að sýna frumkvæði, eiga ekki áhugamál og meta ekki líf sitt sem jafn gott og líf annarra. Þau sjá litla framtíðarmöguleika og sjá yfirleitt ekki fram á að geta menntað sig. Bakgrunnur barnanna er mismunandi, en gjarnan er langvarandi atvinnuleysi foreldra hluti af vandanum.

Það þarf að vera samfélagsleg sátt og skilningur á því að allir eiga rétt á að lifa með reisn og njóta velferðar. Velferð hvers samfélags byggir ekki síst á því að tryggja velferð barnanna okkar. Ekkert íslenskt barn á að vera undanskilið.

Fjáröflun Barnaheilla stendur nú yfir á jolapeysan.is. Einnig er hægt að senda SMS-skilaboð með textanum „jol“ í síma 903 1510/20/50 og styrkja starfið um 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.

# Byltingarnar í lífi HIV-jákvæðra

HEILBRIGÐISMÁL



**Sigurlaug Hauksdóttir**
félagsráðgjafi hjá Embætti landlæknis og á Landspítala

**➜ Telja má víst að þessi rannsókn eigi eftir að hafa mikil og jákvæð áhrif á kynlíf HIV-jákvæðra og efla lífsgæði þeirra.**

Hugleiðingar í tilefni 25 ára afmælis HIV-Íslands í ár. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 25 árum frá stofnun félagsins og heilbrigði og aðstæður HIV-jákvæðra hafa batnað verulega. Ný og öflug lyf komu á markaðinn árið 1996 sem bættu líkamlegt heilbrigði þeirra og langlífi. Það var áhrifaríkt að sjá veikt fólk nánast standa upp úr hjólastólunum og fara út í lífið. Það var ekki alltaf auðvelt því stundum varð fyrst að vekja vonina sem hafði nánast horfið með tímanum. Einnig gat verið erfitt að vita hvert skyldi stefna. Það er gleðilegt og í raun ótrúlegt að sjá hvað margir í dag lifa góðu lífi; stunda alls kyns nám og vinna mikilvæg störf í samfélaginu. Bara yfirleitt að lifa innihaldsríku og góðu lífi með eigin fjölskyldu, vinum og vandamönnum.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í lyfjamálum HIV-jákvæðra frá árinu 1996. Inntaka lyfjanna er nú mun einfaldari en áður og nóg að taka eina töflu á dag í stað um 20 taflna eins og algengt var fyrir um 15 árum. Þetta hefur svo sannarlega einfaldað líf margra. Aukaverkanir af lyfjunum eru jafnframt hverfandi, en framan af þótti ekki óeðlilegt að vera til dæmis daglega með niðurgang og ógleði í tengslum við inntöku lyfjanna.

## Ánægjulegra kynlíf?

Nýleg þróun á vafalaust eftir að hafa mikil og góð áhrif í lífi HIV-jákvæðra og landsmanna allra. Hún varðar kynlífsþáttinn sem mörgum sem greinast með HIV finnst oft hvað erfiðastur. Nýleg rannsókn á gagnkynhneigðum einstaklingum sýndi að smithætta í kynlífi, sem oftast er undir 1%, minnkar um 96% til viðbótar séu HIV-jákvæðir í virkri HIV-lyfjameðferð og í traustu sambandi. Enn vantar rannsóknir á samkynhneigðum og sprautufíklum.

Telja má víst að þessi rannsókn eigi eftir að hafa mikil og jákvæð áhrif á kynlíf HIV-jákvæðra og efla lífsgæði þeirra. Hún geti auðveldað þeim tilhugsunina um kynlíf eftir greiningu og dregið úr óttanum við höfnun þegar þeir segja frá smiti sínu áður en kynlíf er stundað. Sömuleiðis verði einfaldara fyrir þá að stofna til tengsla við ósmitaða einstaklinga og óttinn við smitun í sambandi kann að minnka eða hverfa alveg. Áhrifanna gæti jafnframt í barneignum, því í stað tæknilegra lausna eins og „sæðisþvottar“, geti fólk í meira mæli stundað hefðbundið kynlíf við getnað. Hvert par þarf að ákveða fyrir sig hvort það hætti alveg smokkanotkun sé annar aðilinn í virkri HIV-lyfjameðferð. Vafalaust kjósa sumir að nota alltaf smokkinn ef einhverjar líkur eru á smiti á meðan aðrir meta smithættuna það litla að það taki því ekki. Þetta verða pör að gera upp við sig eftir greinargóðar upplýsingar hjá sérfræðingi.

HIV-jákvæðir og landsmenn allir þurfa að vera vel upplýstir um þessa nýjustu byltingu hvað varðar smithættu. Fordómar þurfa að víkja fyrir þekkingu sem ætti að auðvelda kynni HIV-jákvæðra við ósmitaða og efla gæði samskipta þeirra og tengsla.

Þrátt fyrir miklar framfarir í heimi HIV-jákvæðra er enn mikilvægt að setja smokkinn á oddinn; fyrir einhleypa og alla fyrsta hálfa árið í sambandi. Þá er kjörið að fara í kynsjúkdómaskoðun og breyta síðan yfir í hormónagetnaðarvörn til dæmis pilluna.




# Veldu MeisterStück frá Bosch fyrir jólin.

## Frábær tækni, enginn óþarfi, heldur nákvæmlega það sem til þarf á afar hagstæðu verði.

Bosch hefur nú sett á markað nýja þvottavél og nýjan þurrkara sem bæði eru MeisterStück-tæki en þegar eru komnar í hópinn þrjár glæsilegar MeisterStück uppþvottavélar.
MeisterStück er tákn um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægða(n). Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni innan 100 daga.
Bosch er rótgróið þýskt vörumerki og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.

### Uppþvottavél, hvít

SMU 55M12SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Uppþvottavél, stál

SMU 55M15SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 169.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Uppþvottavél, alklæðanleg

SMV 55M00SK

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirkt kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).
Fyrir 13 manna borðbúnað.

**Jólaverð: 189.900 kr.**

Fullt verð: 229.900 kr.

**Þú sparar 40.000 kr.**



### Þvottavél

WAS 32471SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði: 1600 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát.
Sérkerfi: Dúnkerfi, sérkerfi fyrir dökkan þvott, skyrtur, sérkerfi fyrir íþróttafatnað, mjög stutt 15 mín. hraðkerfi, húðverndar-kerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**

10 ára ábyrgð á mótornum



### Þurrkari

WTW 86371SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+.
Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi: Ull, íþróttafatnaður, dúnkerfi og 40 mín. hraðkerfi. Stór og skýr skjár. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Jólaverð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 209.900 kr.

**Þú sparar 60.000 kr.**



Green Technology inside

Made by Germans

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



HELGARSPRENGJU **VERÐ!**

# Nature's Comfort heilsurúm




JÓLAVEISLA **119.900** KRÓNUR

- Sterkur botn
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðar stállappir
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af

Nature's Bedding

Stærð: 160x200
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 149.900
**ÞÚ SPARAR 40.000 kr.**

---

# OSLÓ tungusófi



Aukahlutur á mynd: Hauspúði

JÓLAVEISLA **99.900** KRÓNUR

Stærð: 230x90 cm. Tunga 150 cm.
Fæst í fjórum litum. Ljósgrár, dökkgrár, svartur og karamellubrúnn.
**ÞÚ SPARAR 40.000 kr.**

# SILO svefnsófi með tungu



JÓLAVEISLA **119.900** KRÓNUR

Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm.
Dökkgrátt áklæði. Tunga getur verið beggja vegna.Rúmfatageymsla.
**ÞÚ SPARAR 20.000 kr.**

---

# AFTON hægindastóll



JÓLAVEISLA **59.900** KRÓNUR

Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur. Fullt verð 99.900
**ÞÚ SPARAR 40.000 kr.**

# Vattsæng og -koddi!

Stök vattsæng kr. 5.900
Stakur vattkoddi kr. 2.990
**ÞÚ SPARAR 2.990 kr.**



TVENNUTILBOÐ **5.900** SÆNG+KODDI

# CLASSIC sæng

700 gr. 140x200 cm
50% hvítur gæsadúnn
50% fínt gæsafiður
Fullt verð 19.900
**ÞÚ SPARAR 5.000 kr.**



JÓLAVEISLA **14.900** KRÓNUR

**Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00 og sunnu**



**Grjóna-púðar**
Margir litir,
3 stærðir

JÓLAVEISLU-AFSLÁTTUR
25%

JÓLAVEISLUVERÐ FRÁ 9.740



OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

# JÓLAVEISLA Í DORMA ALLA HELGINA



JÓLAVEISLA
8.900
KRÓNUR

JENNY
borðstofustóll
Fullt verð 13.990
**ÞÚ SPARAR 5.000 kr.**

JACKPOT
fjölskyldusófi



JÓLAVEISLA
149.900
KRÓNUR

Stærð: 276x203 H: 82 cm
Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Fullt verð 189.900
**ÞÚ SPARAR 40.000 kr.**

C&J satín-sængurverasett.



JÓLAVEISLA
4.900
KRÓNUR

100% bómull með rennilás, 4 litir. Fullt verð kr. 6.900

DORMA
– býður góða nótt

döga kl. 13.00–16.00 • Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100



**Sara Vilbergsdóttir myndlistarmaður**

## Slökun og barnabörn

Ég stefni á djúpa og góða slökun með allar tær í loft upp í dag og fer svo í matarboð með kvöldinu. Sunnudagurinn verður ömmubarnadagur, þau eru tvö, annað hér heima en hitt á Skype.



**Elís Pétursson tónlistarmaður**

## Jólalög og piparkökur

Um helgina ætla ég að verða mér úti um vínylplötuna Skemmtilegustu lög Gáttaþefs með Ómari Ragnarssyni og baka piparkökur.



**Guðrún Heimisdóttir bankastarfsmaður**

## Jólaball og hlaðborð

Ég byrja daginn hjá júdódeild Ármanns þar sem börnin tvö stunda krílajúdó. Svo er það barnajólaball Arion banka en í kvöld jólahlaðborð á Hótel Holti. Á morgun ætlar fjölskyldan að njóta aðventunnar, baka smákökur og pakka inn jólagjöfum.



**Grímur Atlason tónleikahaldari**

## Körfuboltaleikur og læri

Ég ætla til Keflavíkur að horfa á uppáhaldskörfuboltakonuna mína, Ástu Júlíu Grímsdóttur, hjóla í þær „kebblvísku“. Um kvöldið er það læri með góðum vinum í tilefni 43 ára minna í þessari sveit.



**Möguleikhúsið**

## Aðventusýning

**LEIKHÚS** Á sunnudaginn sýnir Pétur Eggerz í Möguleikhúsinu leikritið Aðventu þar sem unnið er eftir aðferðum frásagnarleikhússins með aðeins einum leikara á sviðinu. Í leikritinu er sagt frá svaðilförum vinnumannsins Benedikts sem fer til fjalla í vetraríki aðventunnar að leita þess fjár sem eftir varð er smalað var um haustið. Söguna byggir höfundur á frásögnum af frægum svaðilförum Benedikts Sigurjónssonar, öðru nafni Fjalla-Bensa, á Mýrdalsöræfum. Aðeins tvær sýningar eru á verkinu, nú á sunnudaginn kl. 20.00 í Tjarnarbíói og á sunnudaginn næstu helgi á eftir.



**Gömlu jólin**

## Aðventudagur í Laufási

**Jólaundirbúningur** Aðventudagur í Gamla bænum Laufási verður haldinn á sunnudaginn. Gestum gefst tækifæri til að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla sveitasamfélaginu. Dagskráin hefst með jólastund í Laufáskirkju klukkan hálf tvö. Jólastemning verður í Kaffi Laufási þar sem gestir geta notið veitinga við jólalegan harmóníkuleik. Og á jólamarkaðnum verður handverksfólk úr héraði með spennandi vörur. Það er Minjasafnið á Akureyri og Gamli bærinn Laufás sem standa að dagskránni.



**RAKEL STEINARSDÓTTIR MYNDLISTARKONA** Vildi lífga upp á planið fyrir utan hjá sér og ákvað að breyta því í gallerí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óskastígur í hjarta bæjarins

Listin er oft vettvangur breytinga. Hún skapar umræðu og farveg fyrir gagnrýna samfélagshugsun. Í dag opna átján myndlistarmenn óvenjulega sýningu á Frakkastígnum sem hefur verið umbreytt í listagallerí.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is

Við myndlistarmenn erum alltaf að tjá okkur. Við viljum láta rödd okkar heyrast,“ segir Rakel Steinarsdóttir myndlistarkona og íbúi á Frakkastígnum. Það er að frumkvæði sem þetta nýja og óhefðbundna sýningarrými hefur orðið til: Óskastígur.

„Ég bý hérna á Frakkastígnum, hér er stórt plan og oft hálfgert öngþveiti um helgar þegar bílar keyra hér fram og til baka. Planið er hluti af minni lóð og mér datt í hug að það væri hægt að glæða það lífi. Þannig kviknaði hugmyndin. Ég hafði samband við fjölda listamanna auk þess sem nágranni minn Tora Victoria listamaður varð mér að liði og allir tóku vel í þessa hugmynd,“ segir Rakel.

Þeir myndlistarmenn sem eiga verk á sýningunni eru: Áslaug Thorlacius, Baldur Geir Bragason, Björk Guðnadóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Eygló Harðardóttir, Finnur Arnar Arnarson, Gunnar M. Pétursson, Hulda Hákon, Ingimar Ólafsson Waage, Jón Óskar, Magnea Ásmundsdóttir, Olga Bergmann, Ósk Vilhjálmsdóttir, Rakel Steinarsdóttir, Tora Victoria, Þóroddur Bjarnason og ljóðskáldið Linda Vilhjálmsdóttir.

**Ádeila á neyslusamfélagið**

„Þetta er þriggja vikna sýning og nú eru allir í óða önn að setja upp verkin. Fólk má búast við fjölbreyttri sýningu – það er verið að mála á veggina, hengja upp myndir, búa til innsetningar, hljóðverk og vídeóverk. Ætli það mætti ekki lýsa þessu sem skemmtilegri samsuðu af samtímamyndlist.“

En það felst líka pólitískur boðskapur í sýningunni. Rakel segir þetta svæði einkennast af andstæðum. Þarna séu aðliggjandi verslunargötur þar sem markaðshyggjan og jólabrjálæðið blasi við. Og svo séu þarna barir sem tilheyri annars konar og sorglegri stemningu.

> **Auðvitað er þetta að ákveðnu leyti ádeila á samfélagið eins og það blasir við manni.**
> *Rakel Steinarsdóttir myndlistarkona*

„Auðvitað er þetta að ákveðnu leyti ádeila á samfélagið eins og það blasir við manni,“ segir Rakel. „Sýningin er pólitísk.“

Opnunin á Óskastígnum fer fram á laugardaginn klukkan 16.00 þar sem listamennirnir afhjúpa sín verk og er borgarbúum boðið að skoða sig um og njóta verkanna undir berum himni.

## TWIX-BITAR



**Botn:**
125 g mjúkt Ljóma
4 dl hveiti
0,5 dl sykur

**Karamella:**
175 g Ljóma
2 dl sykur
3 dl rjómi
0,5 dl síróp

**Yfir:**
200 g rjómasúkkulaði

Hnoðið hráefnunum í botninn á formi sem er ca. 20 x 30 cm. Bakið við 175°C í 20 mínútur.

Setjið öll hráefnin í karamelluna í pott og látið suðuna koma upp. Sjóðið við vægan hita í 45–50 mínútur. Til að sjá hvort karamellan er tilbúin er gott að setja smá af henni í glas með ísköldu vatni. Ef það gengur að hnoða karamelluna í kúlu er hún tilbúin. Karamellan á að vera mjúk en hægt að rúlla henni saman. Hellið karamellunni yfir botninn og setjið í ísskáp í ca. 15 mínútur.

Bræðið súkkulaðið og hellið því yfir karamelluna. Látið kólna í ísskáp og skerið síðan í bita.




# Diskóstemning á Harlem

Frægur bandarískur diskókóngur þeytir skífum í Reykjavík.

Bandaríski diskókóngurinn Sleazy McQueen þeytir skífum á Harlem-bar á laugardagskvöldið. Sleazy er einn af forsprökkum nýbylgju diskósenunnar vestanhafs og rekur útgáfufyrirtækið Whiskey Disco. Á Harlem mun Sleazy leika bæði nýja diskótónlist auk gamalla gullmola úr vínylsafninu.

„Hann Sleazy er á smá Evróputúr. Var að koma frá Ósló og ætlar að spila hjá okkur um helgina,“ segir Steindór Grétar Jónsson sem hitar upp fyrir Sleazy. Hann lýsir tónlist Sleazy svona: „Þetta er mjög litrík, skemmtileg og dansvæn tónlist sem sækir í gamlan grunn en er samt í þessum nýja búningi, taktföst og mikið af nýjum áhrifum. Hann hefur verið að endurvinna gamla diskóslagara. Það er mikill iðnaður í því núna. Svo vonandi fer hann um víðan völl og spilar bæði frumsamda tónlist og annarra manna verk.“

Dagskráin á Harlem nefnist „Bronx-kvöld“ en þetta er þriðja kvöldið í röðinni. Á fyrsta Bronx-kvöldinu, sem fram fór í ágúst, spilaði þýski plötusnúðurinn Tagträumer², en á öðru kvöldinu í október hin kanadíska DJ Maya Postepski úr hljómsveitinni Austra. - sb



**SLEAZY MCQUEEN Í STUÐI** Endurvinnur gamla diskótónlist og setur í nýjan búning.

# KAUPIÐ NÚNA!

**SPARAÐU 40-50%**

## TOYS"R"US ER MEÐ RISAVAXIÐ ÚRVAL LEIKFANGA Á LÁGU VERÐI




125933
**DÚKKA OG BJALLA**
Venjulegt verð 14.999

**7.999**
SPARIÐ 7.000




533227
**CIRCUS PLAYSET**
Venjulegt verð 14.999

**7.499**
SPARIÐ 7.500

Gildir 7-8 desember



THE ULTIMATE MAGIC

025985
**GLÆSILEGT GALDRASETT**
Venjulegt verð 8.999

**4.999**
SPARIÐ 4.000



BOSCH

063558
**MEGA SET**
Venjulegt verð 12.999

**6.999**
SPARIÐ 6.000

## TOYS"R"US HEFUR ALLT SEM ÞARF

- ✓ RISAVAXIÐ ÚRVAL
- ✓ LÁGT VERÐ
- ✓ STÓRAR VERSLANIR
- ✓ ÓTAKMARKAÐUR SKILARÉTTUR

Toys R Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Tilboðin gilda til 31-12 nema annað sé tekið fram. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.



**BÆJARSTJÓRINN** „Ég er ánægð með lífið og hlakka til að koma í vinnuna á hverjum einasta degi," segir Regína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borgarstjórinn á Skaganum

**Regína Ásvaldsdóttir** settist í stól bæjarstjóra á Akranesi, fyrst allra kvenna, í upphafi þessa árs. Áður hafði hún haldið um ótal þræði í Ráðhúsi Reykjavíkur, undir lokin sem yfirmaður átta þúsund starfsmanna og staðgengill borgarstjóra.

„Ráðning mín hér á Akranesi var samþykkt í bæjarstjórninni með 9-0 og allar stórar og erfiðar




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


ákvarðanir sem við höfum þurft að taka hafa verið samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Það er öðruvísi en í borginni. Þar er ekki hefð fyrir mikilli samvinnu meiri- og minnihluta. Allt getur orðið að máli. En einn góðan veðurdag verður maður að geta unnið í andrúmslofti sem er meira mannbætandi," segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi sem starfaði í fimmtán ár við stjórnsýsluna í Reykjavík, þar af tíu í Ráðhúsinu. Síðasta árið var hún yfirmaður allra sviða og staðgengill núverandi borgarstjóra, fyrsta ár hans í embætti. Hún kveðst skilja Jón Gnarr vel þegar hann tók þá ákvörðun að hætta. „Það er þessi harka sem gerir það að verkum að starf stjórnenda verður svo lýjandi. En viðfangsefnin eru auðvitað spennandi, borgin er stór og fjölbreyttur vinnustaður og manni leiðist þar aldrei hvað verkefnin varðar," segir hún og bætir við að þar starfi frábært fólk. Tekur líka fram að hún hafi ekki verið orðin þreytt á þeim meirihluta sem var við völd, heldur þessu pólitíska andrúmslofti. „Það komu og fóru átta borgarstjórar á tíu ára tímabili," minnir hún á.

### Hlakkar til hvers vinnudags

Við sitjum í makindum á skrifstofunni hennar Regínu á Skaganum, með kaffi og góðgæti á bakka. Málverk prýða veggina og útsýnið út um horngluggann væri milljóna virði ef penslar hefðu komið þar við sögu. Kennileitin Akrafjall og Skarðsheiði – ekki eins og fjólubláir draumar heldur næstum áþreifanleg – og á hina síðuna ólgandi brimið við ströndina því þennan dag er stíf suðvestanátt.

Regína kveðst hafa þurft að setja sig inn í marga nýja hluti sem bæjarstjóri þrátt fyrir að hafa hjá Reykjavíkurborg þekkt ágætlega til Akraness í gegnum Faxaflóahafnir og Orkuveituna, sem Akraneskaupstaður eigi hluta í. „Þetta er búið að vera spennandi ár. Ég er ánægð með lífið og hlakka til að koma í vinnuna á hverjum einasta degi," segir hún brosandi. Hún býr á Akranesi og segir ekkert annað koma til greina en búa í samfélagi við fólkið sem hún sé að vinna fyrir. „Maðurinn minn starfar hjá Advania og tekur strætó milli Akraness og borgarinnar. Honum finnst það ekkert mál," segir hún og upplýsir að hann heiti Birgir Pálsson. „Við kynntumst fyrir 22 árum. Hann á eina dóttur, Auði Kolbrá og ég tvær, Ernu Maríu og Ýri. Þær eiga nú allar lögheimili í 101 Reykjavík en Ýr er í skiptinámi í Belgíu."

### Selstúlka í Guðbrandsdal

Regína er úr Kópavogi og sleit smábarnsskónum í Birkihlíð. „Afi og amma áttu landskika, ráku þar gróðrarstöð og ræktuðu skóg. Ég var mikið í kringum þau enda byggðu foreldrar mínir, þau Ásvaldur Andrésson og Erna María Jóhannsdóttir, hús þar skammt frá. Það var yndislegt að alast upp í þessu umhverfi." Sextán ára hélt hún til Noregs að vinna á sumarhóteli við Sognefjord. „Ég heillaðist af staðnum og fór þangað aftur sumarið eftir. Útþráin var kviknuð þannig að ég hætti í Menntaskólanum í Kópavogi eftir tvo vetur, fór að vinna á vínberjabúgarði í Frakklandi og síðan skíðahóteli í Geiló í Noregi. Við fórum líka þrisvar á Interrail-flakk á þessum árum. Þetta var mjög ævintýralegur tími. Svo komum við heim og kláruðum menntó."

Síðar flutti Regína aftur til Noregs í háskólanám með þáverandi eiginmanni sínum og dótturinni Ernu Maríu sem er fædd 1981. „Ég fór í heimspeki og afbrotafræði og lauk cand.mag.-prófi í félagsráðgjöf, með afbrotafræðina sem aukagrein. Á þessum tíma fæddist okkur önnur dóttir, hún Ýr."

Regína starfaði við ýmislegt á námsárunum í Noregi, skúraði til dæmis í ráðhúsi Óslóarborgar. „Ég mætti upp úr sex á morgnana og þurrkaði rykið af möppunum," rifjar hún upp hlæjandi. „Svo vann ég í Vigelandsparken en mest spennandi var að vera í fjallaseli í Guðbrandsdalnum sumarið 1984. Ýr fæddist í apríl og í lok maí vorum við mætt í selið með dæturnar tvær þar sem við sáum um að mjólka fimmtíu kýr og gæta þeirra. Þarna var bara útikamar og við þurftum að hita allt vatn til þvotta og baða."

### Íbúalýðræðið umdeilt

Að námi loknu vann Regína á barnaverndarskrifstofu Óslóar í um eins árs skeið. „Það var mikil harka í undirheimum Óslóar og mörg erfið mál að fást við," rifjar hún upp. „Eftir að ég kom heim 1988 fór ég að vinna hjá Félagsmálastofnun Kópavogs og svo Reykjavíkur." Innt eftir samanburðinum við Ósló svarar hún: „Auðvitað eru erfið mál í Reykjavík og hafa orðið æ erfiðari eftir því sem árin líða en á þessum tíma var mikill munur á."

> **Minnihlutinn var ósáttur við þetta fyrirkomulag þannig að enn var róstusamt í pólitíkinni og Jón Gnarr var þráfaldlega spurður hvort hann væri að afhenda öll sín völd til embættismanna.**

Ekki hafði Regína þó fengið nóg af Noregi því þangað hélt hún aftur árið 1993 til að starfa sem ráðgjafi á göngudeild barna-og unglingageðdeildar í Askim. En þegar henni bauðst félagsmálastjórastaða í Skagafirði sló hún til og flutti til Sauðárkróks í ársbyrjun 1995. „Við bjuggum á Króknum í tvö og hálft ár og kunnum mjög vel við okkur, eiginmaðurinn fékk hins vegar ekki starf sem honum hentaði fyrir norðan svo við fluttum suður og ég fór að vinna sem framkvæmdastjóri við tilraunaverkefnið Miðgarð í Grafarvogi. Það fólst í að samþætta ýmsa þjónustu fagfólks svo sem félagsráðgjafa, skólasálfræðinga, leikskólaráðgjafa og tengja íþrótta- og tómstundamálin við. Yfir Miðgarði var hverfisnefnd Grafarvogs sem fékk ákveðin völd og var fyrsti vísir að auknu íbúalýðræði í borginni. Þetta var mikið frumkvöðlastarf og skemmtilegur tími," lýsir Regína, sem eftir þetta var fengin í Ráðhúsið til að setja á laggirnar fimm þjónustumiðstöðvar í viðbót og undirbúa stofnun hverfisráða sem bakhjarla. Þá voru lagðar niður stórar stofnanir eins og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Félagsþjónusta Reykjavíkur. „Þetta var gríðarlegt umrót og mörgum var ógnað í þessum breytingum. Við buðum öllum af gömlu stofnunum störf en það varð breyting á starfsumhverfi margra," segir Regína.

*Varstu óvinsæl?* „Já, um tíma var ég óvinsæl en nú held ég að almenn ánægja ríki með þetta fyrirkomulag. Það var líka pólitísk kergja í spilinu, R-listinn var við völd en minnihlutinn var algerlega á móti breytingunum. Ég brann hins vegar fyrir þessu viðfangsefni því ég trúði því að aukið samstarf fagfólks og samráð við borgarbúa myndi bæta þjónustuna."

### Dramatík í Ráðhúsinu

Þórólfur Árnason var borgarstjóri þegar hér var komið sögu. Regína segir hann hafa staðið eins og klett við hlið hennar í verkefnunum. „Stuttu síðar var hann hrakinn frá völdum, fórnað út af olíusamráðinu. Það var mjög dramatískt að sjá á eftir tveimur borgarstjórum meðan verið var að taka þessi mikilvægu skref í stjórnsýslu borgarinnar. Það gerðist nefnilega líka skyndilega að Ingibjörg Sólrún hætti, því einstaka borgarfulltrúar í R-listanum voru ósáttir við að hún byði sig fram til Alþingis fyrir Samfylkinguna. Eftir Þórólf tók Steinunn Valdís Óskarsdóttir við boltanum í Ráðhúsinu. Þá voru þjónustumiðstöðvarnar orðnar að veruleika en minnihlutinn var alltaf á móti þeim og um leið og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tók við sem borgarstjóri ákvað hann að færa þær af þjónustu- og rekstrarsviði yfir á velferðarsvið og ▶


VÍSINDA-VILLI sýnir vísindabrellur og spjallar við gesti í mælaherbergi Toppstöðvarinnar
VÍSINDABÓK VILLA
VÍSINDA- OG ÆVINTÝRA-
BÓKAFJÖR í TOPPSTÖÐINNI,
ELLIÐAÁRDAL, 8. DESEMBER KL. 14-16
Andri Snær Magnason
TÍMAKISTAN
Andri Snær Magnason leiðir gesti inn í ævintýraheim TÍMAKISTUNNAR í túrbínusalnum og les úr bókinni
Örmarkaður Toppfólks – frumlegar jólagjafir
Veitingar á vægu verði
www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## OPINBER STÖRF REGÍNU TIL ÞESSA

- 1987 – Félagsráðgjafi Barnaverndarskrifstofu Óslóarborgar
- 1989 – Forstöðumaður vistunarsviðs Félagsmálastofnunar Reykjavíkur
- 1993 – Fjölskylduráðgjafi á barna- og unglingageðdeild Askim í Noregi
- 1995 – Félagsmálastjóri Sauðárkróks
- 1997 – Framkvæmdastjóri Miðgarðs í Grafarvogi
- 2002 – Breytingastjórnun í Ráðhúsi Reykjavíkur
- 2005 – Sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar
- 2008 – Skrifstofustjóri borgarstjóra
- 2011 – Framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja
- 2013 – Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar

1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

▶ draga úr vægi þeirra innan stjórnkerfisins. Mér var boðið að starfa áfram en fannst komið gott og ákvað að fara í mastersnám í breytingastjórnun við hagfræðideildina í háskólanum í Aberdeen í Skotlandi.“

*Gast þú ekki bara kennt þau fræði þar eftir alla reynsluna?* „Ég var allavega með mikla praktíska reynslu. En það var mjög gaman í þessu námi eins og náminu í opinberri stjórnsýslu sem ég var áður búin að fara í gegnum.“

Þegar staða skrifstofustjóra borgarstjóra Reykjavíkur var auglýst laus runnu tvær grímur á Regínu. Þá var Dagur B. Eggertsson orðinn borgarstjóri. „Dagur var mikill talsmaður þjónustumiðstöðvanna og íbúalýðræðis. Mér fannst heillandi að vinna með honum, sótti því um starfið og fékk það, pakkaði niður og kom heim en þá hafði Ólafur F. Magnússon tekið við borgarstjórastarfinu deginum áður. Tjarnarkvartettinn var búinn að vera. Ég hafði frétt þetta til Skotlands en þá var ég búin að pakka, ganga frá íbúðinni og öllum mínum málum.“

Regína segir mikið rót hafa verið innan borgarinnar á þessum tíma. „Borgarstjórar komu og fóru og í stjórnsýslunni var fólk með sterkar skoðanir á hverfavæðingu, bæði með og á móti.“

Starf Regínu fólst í stjórnun skrifstofu borgarstjóra og erlendum samskiptum. „Ég þurfti ekkert að kvarta yfir verkefnaskorti. Það var mikið djöflast í Ólafi F. svo ég segi bara alveg eins og er. Hann hefur oft kvartað yfir því hvað fjölmiðlar hafi verið ágengir og ég get alveg staðfest það.“

*Þurftir þú að svara fyrir hann og hans gjörðir?* „Ekki pólitískt, en það mæddi mikið á skrifstofunni og þetta var erfiður tími fyrir alla.“









### Féll fyrir Jóni Gnarr

*Hvernig leið þér þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir tók við veldissprotanum og Ólafur F. var settur til hliðar?*

„Hanna Birna kom inn með miklum krafti. Það var bjart yfir henni en hún var ekki búin að vera í starfi nema í örfáar vikur þegar hrunið skall á. Næstu mánuði var blóðugur niðurskurður og varnarbarátta gagnvart öllu kerfinu. Hanna Birna tók á málum af mikilli festu og minnihlutinn, til dæmis Sóley Tómasdóttir og Dagur, stóðu sig mjög vel í að vinna með henni. Þar náðist góð samstaða í að taka á erfiðum málum. Innan sveitarfélaganna hugsaði fólk, eins og allir stjórnendur á þessum tíma: Eigum við fyrir launum um næstu mánaðamót? Þarf að segja fólki upp? Þetta var mikil reynsla.“

*Þurftir þú að segja upp fólki?* „Sú stefna var tekin að reyna að vernda starfsfólkið eins og hægt var en ráða ekki í stöður sem losnuðu. Á skrifstofu borgarstjóra varð til dæmis um 30% niðurskurður og því ljóst að það þurfti að færa fólk til í störfum og breyta. Auk þess var ég í tengiliðarhlutverki gagnvart sviðsstjórum þannig að ég tók þátt í öllu þessu ferli. Hanna Birna hafði fólkið með sér í þessum niðurskurði og það skipti miklu máli. Ég var ákveðin í að hætta þegar þessu kjörtímabili lyki. Fannst það tímabært. Það var komið nýtt afl sem bauð sig fram og ég var ekki sérlega spennt fyrir því, eftir allt umrótið. En í Jóni Gnarr hitti ég hins vegar fyrir greindan og hlýjan mann sem vildi gera góða hluti og þegar ég fékk beiðni um að vera í eitt ár staðgengill hans og við stjórn Reykjavíkurborgar með honum freistaðist ég til að segja já. Ef satt skal segja þá var ég á leið til viðræðna við bæjarstjórn í bæ einum í Norður-Noregi þar sem ég hafði fengið tilboð um starf framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, þegar þessi beiðni kom. Maðurinn minn er ævarandi þakklátur Jóni,“ segir Regína hlæjandi. „Hann var ekki eins spenntur fyrir að flytja til Norður-Noregs.“

Tímabundin stjórnkerfisbreyting var gerð sem fólst í því að skrifstofustjóri borgarstjóra varð yfirmaður allra sviða í borginni í stað þess að þau heyrðu beint undir borgarstjórann, að sögn Regínu. „Minnihlutinn var ósáttur við þetta fyrirkomulag þannig að það var róstusamt í pólitíkinni og Jón var þráfaldlega spurður hvort hann væri að afhenda öll sín völd til embættismanna,“ segir Regína og tekur fram að engin launahækkun hafi fylgt hennar auknu ábyrgð.

*En má ekki segja að Jón hafi afsalað sér völdum?* „Nei, en hann var að koma úr skemmtanaiðnaðinum inn á stærsta vinnustað Íslands með átta þúsund starfsmönnum – og kynnast flóknu kerfi sem er eins og að snúa Titanic ef einhverju á að breyta. Hann ákvað að treysta þeim sem fyrir voru og það gerði fólkið sem var með honum líka þannig að þétt samstaða myndaðist. Þetta skipti máli meðan nýtt fólk var að koma sér inn í hlutina því það var ekki bara Jón Gnarr sem var að byrja heldur allir borgarfulltrúarnir í Besta flokknum.“

Meðal verkefna Regínu þetta ár var að undirbúa tillögu að framtíðarstjórnskipulagi borgarinnar sem meðal annars fól í sér fækkun og sameiningu sviða og endurupptöku embættis borgarritara. „Rétt áður en minn ráðningartími rann út sá ég auglýst starf við að koma Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, á laggirnar, fannst það góður tími til að læða mér út úr Ráðhúsinu og fékk starfið.“

### Vinnuþjarkur og krimmaaðdáandi

Mikið verk er fram undan í skipulagsmálum á Skaganum. „Við verðum að taka miðbæinn okkar í gegn og erum byrjuð á aðaltorginu. Svo verður stór íbúafundur í janúar um sementsverksmiðjusvæðið. Þar þurfum við að hugsa til langs tíma,“ segir bæjarstjórinn sem ásamt bæjarstjórn og íbúum stefnir líka að því að efla atvinnulíf á svæðinu. „Um síðustu helgi var haldinn stefnumótunarfundur um atvinnumál sem á annað hundrað manns kom á sem tókst einstaklega vel,“ segir hún. Hún segir sjálfsmynd bæjarins snúast mikið um sjávarútveg og að mörg öflug fyrirtæki í bænum tengist sjávarútvegi með beinum eða óbeinum hætti eins og HB Grandi, Skaginn, Norðanfiskur, Vignir Jónsson, og Akraborg. Rekstur margra þessara fyrirtækja fari hljótt þó þau séu að gera frábæra hluti, eins og Akraborg sem hafi flutt 13 milljónir dósa af þorsklifur á erlenda markaði í fyrra. Hún hrósar skólunum á svæðinu í hástert og segir mikið lagt upp úr því að manna sem flestar stöður með fagfólki. Það skili sér. „Capacent gerir könnun innan sveitarfélaga árlega og við erum númer tvö á landsvísu yfir ánægða foreldra með leikskóla og númer þrjú með grunnskóla. Í samræmdu prófunum í stærðfræði í 7. bekk voru 14,4% þeirra nemenda sem fengu 10 frá Akranesi þó við eigum bara 2,9% af nemendafjölda landsins. Þegar ég kem úr stærra samfélagi inn í þetta sé ég auðvitað strax hvað hér er frábær þjónusta í skólunum og hversu vel er haldið utan um nemendur. Ýmis stoðþjónusta er algerlega í toppi.“

Í lokin er Regína aðeins spurð út í áhugamálin. Hún hnyklar brýnnar. „Áhugamálin? Mér finnst náttúrulega rosalega gaman í vinnunni. En mér finnst líka gaman að ganga á fjöll og fæ mikla næringu út úr því. Síðan hef ég gaman af að fara á skíði, bæði svigskíði og gönguskíði og er að fikra mig áfram í golfinu. Eiginmaðurinn er á kafi í því og ég á golfsett, en er alger byrjandi. Einnig finnst mér gaman að lesa krimma og horfa á krimma. Elska góðan mat og hann er betri þegar maðurinn minn eldar hann en ég.“



**Í VINNUNNI** Regína ásamt Sveinborgu Kristjánsdóttur félagsmálastjóra og Sædísi Alexíu Sigurvinsdóttur verkefnastjóra.

# EINSTAKT TÆKIFÆRI

## Áritun í dag!

**Jónína og Jóhanna munu árita bókina *Við Jóhanna* í Eymundsson kringlunni suður í dag laugardaginn 7. desember milli klukkan 14 og 15.**






**VIÐ JÓHANNA**
Jónína Leósdóttir
Vildarverð kr. 4.999
Fullt verð kr. 5.999




**DÍSU SAGA**
Vigdís Grímsdóttir
Verð kr. 6.299




**NÁTTÚRAN**
Leiðsögn í máli og myndum
Verð kr. 13.999




**RANNSÓKNIR HERÓDÓTUSAR**
Heródótus
Verð kr. 6.999

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




EKKI GLEYMA GJAFAKORTI EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | eymundsson@eymundsson.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is




Klukkur Verð frá 39.900,-








DSR plaststóll
39.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950

DSW plaststóll
54.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950

DAR armstóll
49.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Wooden Dolls (22 tegundir)
18.500,- Hönnun: Alexander Girard, 1963



House Bird fuglinn
23.900,-



Hang it all kúluhengi
Sértilboð 29.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1953



Corniches hillur
Lítil 8.900,- Mið 11.900,- Stór 14.900,-
Hönnun: Ronan & Erwan Bouroullec, 2012



Uten Silo vegghirslur
Lítil 39.900,-
Stór 49.900,-
Hönnun: Dorothee Becker, 1969



RAR ruggustóll
74.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Coffee table sófaborð
Verð frá 298.500,- Hönnun: Isamu Noguchi, 1944

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is




# HNÉSÍÐ PILS & HÁTÍÐLEGAR BUXUR

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

Nú þegar hátíðirnar eru handan við hornið er ekki úr vegi að fara yfir hvað hönnuðir heimsins sýndu á tískupöllunum í byrjun árs. Samkvæmt haust- og vetrartískunni taka buxurnar við keflinu af kjólunum sem hátíðarfatnaður í ár. Víðar skálmar við háa hæla og einfalda toppa. Buxnadragtin heldur áfram sigurgöngu sinni í tískuheiminum, munstruð eða einlit. Fyrir þá sem kjósa heldur pils eða kjóla er hnésíddin áberandi, í fínum kjólum jafnt sem víðum pilsum. Svartur og hvítur verða ofan á í litapallettunni þó að blár og rauður fái líka að slæðast með.

















40%
EKTA BELGÍSKAR
Verð áður .... 9.999
TILBOÐ .... 5.999
Þú sparar .... 4.000
VINSÆL JÓLAGJÖF
HAMBORGARAPRESSA
GERIR FYLLTA BORGARA
VERÐ ..... 2.499
MELISSA ÍSVÉL
VERÐ ..... 7.995
VINSÆL JÓLAGJÖF
20%
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
Verð áður .... 9.999
TILBOÐ .... 7.999
Þú sparar .... 2.000
AEG
KAFFIVÉL
SJÓÐANDI HEITT KAFFI
VERÐ ... 12.995
VINSÆL JÓLAGJÖF
FISSLER POTTASETT PARIS
ALÞEKKT FISSLER GÆÐI
VERÐ ..... 39.999
JÓLA BÚÐIN ÞÍN
SERÍUR
KAUPTU 2
50% AFSL.
AF ÓDÝRARI
ÍSLENSKA PÖNNUKÖKUPANNAN
EINS OG AMMA Á ;)
VINSÆL JÓLAGJÖF
VERÐ ..... 9.999
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
20%
EVA SOLO
GRAVITY POTTAR
KYNNING
UM HELGINA
NESCAFÉ Dolce Gusto
KYNNING Á LAUGARDAG
Yfir 25 gerðir af kaffi
Til jóla fylgja 3 pakkar af Dolce Gusto kaffi
VINSÆL JÓLAGJÖF
GENIO
29.995
CIRCOLO
SJÁLFVIRK
34.995
CIRCOLO
SJÁLFVIRK
34.995
MINIME
19.995
VINSÆL JÓLAGJÖF
WILFA
BLANDARI
18.995
1200W
20%
BABYLISS BLÁSARI
ÖFLUGUR AC MÓTOR
Verð áður ............ 10.999
TILBOÐ ............ 8.995
Þú sparar ............ 2.004
KitchenAid
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT + MATREIÐSLUBÓK
ÞÚ SPARAR
15.000
HVÍT
VERÐ FYRIR ... 99.989
TILBOÐSVERÐ ... 84.990
LITUÐ
VERÐ FYRIR ... 102.989
TILBOÐSVERÐ ... 87.990
WasserMaxx sódavatnstæki
FRÁBÆRT VERÐ! HYLKI FYLGIR MEÐ
VERÐ ÁÐUR ... 14.999
TILBOÐ ... 12.999
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita
FAMILY
VERÐ ÁÐUR ............... 16.995
TILBOÐSVERÐ ............ 14.995
COMPACT
VERÐ ÁÐUR ............... 11.995
TILBOÐSVERÐ ............ 9.995
VINSÆL JÓLAGJÖF
EVA SOLO
HITAKANNA 1L
VERÐ
10.999
TRISTAR
RAFMAGNS SALT & PIPARKVÖRN
2 Í PAKKA
Verð... 5.990
TILBOÐ ... 4.990
VINSÆL JÓLAGJÖF
JÓLASVEINAR
VERÐ ...1.870
VINSÆL JÓLAGJÖF
AEG TÖFRASPROTI 500W
VERÐ ..... 10.999
VINSÆL JÓLAGJÖF
GRUNWERG MANDÓLIN
SNEIÐIR, SKRÆLAR OG RÍFUR
VERÐ ..... 7.499
VINSÆL JÓLAGJÖF
MEDISANA HITAPÚÐI
FYRIR HÁLS OG BAK
VERÐ ..... 6.995
MORTÉL MARMARA
20%
Verð áður ......... 4.499
TILBOÐ ......... 3.599



# KULDA-DAGAR



20% AFSLÁTTUR af öllum ÚTIVISTAR-VÖRUM* *NEMA DEVOLD

**SKOGSTAD GLACIER DÚNÚLPA**
Græn, dökkblá og ljósblá.
Stærðir: 80–116.
**13.592 KR.**
Verð áður 16.990 kr.



**SKOGSTAD SNAPP DÚNÚLPA**
Bleik og ljósbrún.
Stærðir: 80–116.
**13.592 KR.**
Verð áður 16.990 kr.



**COLUMBIA ALPINE ÚLPA**
Svört og græn.
Stærðir: 104–152.
**11.992 KR.**
Verð áður 14.990 kr.



**DIDRIKSONS BIGGLES LÚFFUR**
Grænar, fjólubláar, bláar, svartar, rauðar og dökkbláar.
**2.392 KR.**
Verð áður 2.990 kr.



Munið gjafabréfin!

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is



**HEIMAVÖLLURINN** Vesturbærinn er heimavöllur Eiríks Guðmundssonar, þar eru Þjóðarbókhlaðan, sundlaugin og heimilið.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Maður er mella í mánuð

**Eiríkur Guðmundsson** rithöfundur var á dögunum tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina 1983–uppvaxtarsögu sem gerist í sveitaþorpi úti á landi. Hann segist hryggur yfir árásum stjórnvalda á íslenska menningu, klofningnum hjá þjóðinni og samstöðuleysi.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is



Það fylgir ekki mikil sannfæring svarinu þegar ég spyr Eirík hvernig hann hafi það og hann svarar: „Bara ágætt.“ Kannski er það kuldakastið, snjórinn, honum kyngir niður, eða myrkrið. „Nei, ég er nú aðallega dapur út af Ríkisútvarpinu,“ segir Eiríkur sem vann á Rás 1 í fjölda ára, flutti pistla í Víðsjánni þar sem músík frá níunda áratugnum og tilvistarheimspeki fengu að njóta sín til jafns. Hann er hættur í útvarpinu, pistlarnir urðu að skáldsögum og nú hefur nýjasta bók Eiríks, 1983, litið dagsins ljós.

### Horfinn þorpsheimur

***Af hverju ekki 1984?*** „Það er nú til bók sem heitir því nafni og er framtíðarsaga. Bókin mín er fortíðarsaga. Hún lýsir horfnum þorpsheimi. Það verða miklar breytingar á íslenskum þorpum á þessum tíma. Segja má að 1983 sé eins konar vendipunktur. Það eru teknar ákvarðanir um fiskveiðar sem breyta samfélaginu. Og án þess að ég sé að skrifa bók um kvótakerfið þá er þetta tímabil sem mig langaði að skrifa um.“

***Ertu haldinn fortíðarþrá?*** „Nei, ég held ekki. Ég myndi ekki segja að þesi bók sé beinlínis nostalgísk. Ætli hún sé ekki frekar melankólísk en nostalgísk ef við viljum nota falleg orð. Það er auðvitað ein elsta klisjan í heimi að skrifa þorpssögu en ég vona að mér takist að gera það á annan hátt en áður hefur verið gert. Ég minnist til dæmis varla á fisk nema í myndlíkingum. Ég er að beina sjónum mínum að krökkum og unglingum sem lifa á jaðri samfélagsins. Áherslan er á persónur en ekki fortíðina.“

Þorpssagan á sinn stall í íslenskum bókmenntum. Til dæmis Þorpið eftir Jón úr Vör sem markaði að ákveðnu leyti upphaf módernismans í íslenskum skáldskap. Lýsingar Steinars Sigurjónssonar á Akranesi eða Guðbergs Bergssonar á Grindavík.“

***Hvert sækir þú innblástur þinn?*** „Þetta eru allt höfundar sem ég veit afskaplega vel af. Ég þekki þeirra verk og ber virðingu fyrir þeim. Það er ákveðin áskorun að nálgast efni sem aðrir hafa gert svo vel. Og líka að skrifa um gömlu góðu klisjuna, strák sem verður ástfanginn af ríku stelpunni í þorpinu. Dáist að henni úr fjarlægð. Það var líka áskorun að skrifa sögu þar sem sögumaðurinn er tólf ára gamall en um leið mögulega miklu eldri. Hann vitnar jöfnum höndum í Simple Minds og Albert Camus. Mig langaði að búa til söguhetju sem veit í senn allt og ekki neitt!“

### Lítur hörmulega út

***Hefur rithöfundurinn ráðið niðurlögum fjölmiðlamannsins?*** „Já, hann hefur verið að taka yfir á síðustu árum. Ég vann alltaf að þessu jöfnum höndum til að byrja með. Skrifaði mikið fyrir útvarpið og sinnti skáldskapnum með. Svo kom að því að mig langaði til að athuga hvort skrif mín fyrir útvarpið gætu jafnvel staðið ein og sér án þess að það kæmi gott lag á eftir. Rithöfundurinn tók bara yfir. Ég hygg ekki á frekari störf á fjölmiðlum í nánustu framtíð, að minnsta kosti ekki meðan staðan á þeim fjölmiðli sem ég ber mestar taugar til er eins og hún er.“

***Er Rás 1 „rjúkandi rúst“?*** „Þetta lítur hörmulega út í mínum augum. Það er dimmt ský yfir manni. Ég þekki auðvitað fólkið sem varð fyrir þessu og líka fólkið sem eftir situr með sárt ennið. Þetta hefur mjög mikil áhrif á mann og manni finnst eins og verið sé að gera Ísland enn óbyggilegra en það var fyrir. Það er verið að eyðileggja eitthvað sem skiptir máli. Stjórnvöld hafa ekki sterkara bein í nefinu en þetta. Vega að Rás 1 og nánast skera hana á hol. Mér finnst það sorglegt, sérstaklega af því við höfum talið okkur eiga efni á að reka menningarstofnanir á borð við Ríkisútvarpið og Þjóðleikhúsið á tímum þegar þjóðin átti varla til hnífs og skeiðar. Þetta svíður óendanlega.“

> Þessi öfl líta svo á að það þurfi ekkert að hlúa að menningunni og því listalífi sem dafnar hér í landinu og gerir landið byggilegt.

***Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?*** „Ég vakna á morgnana eins og flestir aðrir. Og reyni að skrifa á hverjum degi. Ég bý í vesturbæ Reykjavíkur og ætli það megi ekki segja að mikilvægustu punktarnir í mínu daglega lífi séu heimili mitt, Þjóðarbókhlaðan og Sundlaug Vesturbæjar. Þetta eru svona hornsteinarnir í mínu lífi. Ég er reyndar fæddur og uppalinn vestur á fjörðum, í Bolungarvík. Bjó þar til 14 ára aldurs. En ég hef búið hér í Reykjavík síðan.“

***Líturðu þá á þig sem Reykvíking eða lifir þorpið enn í þér?*** „Þegar ég bjó fyrir vestan leit ég ekki á mig sem Vestfirðing. Og hér ekki endilega sem Reykvíking. Ætli ég sé ekki bara klofinn. Ég er ekki mikið fyrir að skilgreina mig. Kannski nú, þegar maður eldist, leitar hugurinn meira til baka. Bernskan er mikilvægasta æviskeiðið.“

### Ættum að reyna að ná sátt

***Nú er bókin þín með hinn svokallaða gullstimpil. Fáein orð um jólabókaflóðið?*** „Það fylgja þessum tíma blendnar tilfinningar. Það er gaman að hitta höfunda og lesa upp. En svo er maður líka taugaveiklaður og ómögulegur að einhverju leyti. Það er hægt að týna sér í þessu. Einn ágætur höfundur orðaði þetta ágætlega um daginn. Maður er mella í mánuð. Ætli maður þurfi ekki bara að passa sig á að tapa sér ekki alveg í þessu. Svo fylgir þessu auðvitað fjölmiðlaharkið. Það er búið að veikja svo fjölmiðla á Íslandi og menningarumfjöllun í blöðum er minni en hún var. Það er minni umræða um það sem skiptir máli. Og þess vegna er enn sorglegra að vegið skuli að Ríkisútvarpinu á þennan hátt.“

***Af hverju ríkir ekki meiri sátt um menningu?*** „Ég hef einmitt verið að hugsa það sama. Það er stórfurðulegt að árið 2013 skulum við vera að standa í þessari umræðu. Þjóðleikhús eða Landhelgisgæsla, RÚV eða spítali. Ég skil þetta hreinlega ekki. Við gátum byggt upp grunnstoðir samfélagsins þegar við áttum miklu minni pening. En nú eru öfl á sveimi – raddir sem telja sig geta stillt þessu svona upp. Þetta er bara lýðskrum. Þessi öfl líta svo á að það þurfi ekkert að hlúa að menningunni og því listalífi sem dafnar hér í landinu og gerir landið byggilegt. Svo einfalt er það. En að við skulum þurfa að eiga í þessari umræðu, núna árið 2013, er út í hött. Maður gat kannski skilið það á fjórða áratugnum, í miðri heimskreppu, þegar þjóðin deildi um hvort hún vildi byggja sér Þjóðleikhús. En hér og nú. Það finnst mér algjörlega óskiljanlegt.“

***Jólaboðskapurinn í ár?*** „Ég held við ættum bara að reyna að ná einhverri sátt um hlutina. Reyna að komast að niðurstöðu um það þjóðfélag sem við viljum tilheyra. Ég held að stærsti hluti þjóðarinnar vilji hafa aðgang að kröftugu Ríkisútvarpi og Þjóðleikhúsi og ég held að það sé alveg mögulegt að ná um það sátt. En það er hræðilegt hvernig umræðan einkennist af skotgrafarhernaði þar sem hver höndin upp á móti annarri. Við sitjum uppi með stjórnvöld sem hafa ekki mikinn áhuga á menningu en ég er svo bláeygður að ég held að sátt meðal þjóðarinnar felist í því að hlúa að þessum stofnunum sem sinna góðu starfi og skipta sköpum fyrir tilveru okkar hér á þessu landi.“

Við elskum jólin

# BETRA VERÐ FYRIR JÓLIN

## OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI






TRUE NORTH barnakuldaskór
5.999kr
ÓDÝRT

TRUE NORTH Gæsadúnúlpur
19.990kr
~~24.990~~
TILBOÐ

BLACK&DECKER rafhlöðuborvél
9.995kr
~~13.995~~
TILBOÐ

SMÁRAFTÆKI
20% afsláttur

RUSSELL HOBBS BLANDARI DESIRE
10.790kr
~~15.495~~
TILBOÐ

**True North barnakuldaskór**
Stærðir 28-39
5872399-401

**True North**
Gæsadúnn,4 litir herra og kvennastærðir
5872403

## ÚTISERÍUR
## 20% afsláttur





FROSTRÓS INNI OG ÚTI
2.690kr
~~3.690~~
TILBOÐ




ÚTISERÍUNET 320 ljósa
5.990kr
~~7.990~~
TILBOÐ



Jólastjarna
2 fyrir 1
1.490 kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gildir til 8. desember eða meðan birgðir endast. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar", tilboðsvörum og KitchenAid vörum.



HLÝTT Í VETUR MEÐ
DEVOLD



DEVOLD SPORT POLO
Rauður, kvk. Stærðir: S–XL
Blár, kk. Stærðir: S–XXL
12.990 KR.



DEVOLD SPORT
Bleikar, kvk. Stærð: S–XL
Svartur, kk. Stærðir: S–XXL
10.990 KR.



DEVOLD ACTIVE
Blátt og rautt. Stærðir: 2–16
6.990 KR. STK.



DEVOLD ACTIVE BABY
Fj.blátt og blátt. Stærð: 74–98
6.490 KR. STK.



Munið gjafabréfin!

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is




**UMFANGSMIKILL LEKI** Um 80 þúsund smáskilaboð, SMS og lykilorð voru meðal þess sem hakkari komst yfir á heimasíðu Vodafone.

# Allir hafa eitthvað að fela

Margir vöknuðu af værum blundi þegar hakkari braust inn á vef **Vodafone** og opinberaði viðkvæmar persónuupplýsingar. Um 80 þúsund smáskilaboð, lykilorð og kennitölur voru meðal þess sem almenningur fékk aðgang að. Vodafone-málið vekur spurningar um netöryggi en það eru fáir sem kjósa að nýta sér þær dulkóðunarvarnir sem í boði eru og eru tiltölulega einfaldar í notkun.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is



Helstu rökin fyrir því að fólk hugsar ekki betur um öryggi sitt á netinu eru þau að viðkomandi sé einfaldlega ekkert svo merkilegur. Hver ætti að vilja hafa áhuga á mér? Ég lifi bara venjulegu lífi. Engu að síður fór um marga „venjulega einstaklinga“ þegar í ljós kom að 80 þúsund smáskilaboð væru komin á netið. Stofnaðar hafa verið síður á internetinu þar sem „gullkorn“ úr skilaboðunum er að finna. Þessi gullkorn eru oft kynferðislegs eðlis, lýsa þrám og löngunum venjulegs fólks, rifrildum og deilum eða vangaveltum um holdafar. Í Vodafonelekanum var þó aðeins brotabrot af þeim upplýsingum sem fólk lætur frá sér á rafrænu formi á degi hverjum.

„Jú, ég þekki þessi rök vel,“ segir Smári McCarthy, pírati og forritari. „Yfirleitt segir fólk við mig þegar ég tala um öryggi á netinu: „Já, en ég hef ekkert að fela.“ Ég spyr þá fólk á móti hvort það vildi láta mig fá aðgang að kreditkortanúmeri, fæðingarvottorðum, sjúkraskrám eða öllum ljósmyndunum á símanum og þá bregst fólk öðruvísi við. Það kemur í ljós að það hafa allir eitthvað að fela. Ekki endilega eitthvað dónalegt eða bannað heldur einfaldlega upplýsingar sem eru einkamál. Eitthvað sem við viljum ekki að aðrir sjái.“

Smári hefur síðustu mánuði unnið að tölvupóstforriti sem kallast Mailpile ásamt Bjarna Rúnari Einarssyni og Brennan Novak. Forritið á að auðvelda fólki að eiga í dulkóðuðum samskiptum. Hann hefur líka unnið að frumvarpi um afnám gagnageymdar sem Píratar lögðu fram á Alþingi í vikunni. Að baki frumvarpinu var skýrsla sem Smári gerði fyrir tveimur árum þar sem hann varaði við þeirri hættu sem geymd rafrænna gagna í sex mánuði hjá fjarskiptafyrirtækjum hefur í för með sér. Segja má að Smári hafi verið sannspár því með Vodafonelekanum kom í ljós að þessi gögn eru ekki bara geymd á óöruggan hátt heldur braut Vodafone lög með því að geyma gögn lengur en lög gera ráð fyrir.

## Alvarleg uppákoma

„Því miður þarf oft svona uppákomu eins og um síðustu helgi til að fólk geri sér grein fyrir alvarleika þessara mála,“ segir Smári. „Upprunalega voru þessi lög samþykkt til að auðvelda lögreglu að leysa sakamál. Í skýrslunni minni færði ég rök fyrir að það væri ekki bara gagnslaus og ótrúlega dýr nálgun heldur hefur geymsla gagna af þessu tagi aldrei virkað sem skyldi. Hins vegar eru gallarnir við svona gagnageymslu miklir. Þarna er hægt að búa til ansi stóra mynd af einkalífi fólks. Fjarskiptafyrirtækin geyma í raun öll símtöl, vefsíður sem fólk heimsækir og smáskilaboð en það er ekkert eftirlit með því hversu vel þetta er geymt.“



**SMÁRI MCCARTHY FORRITARI** varaði við geymslu gagna hjá fjarskiptafyrirtækjum fyrir tveimur árum í skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Yfirleitt segir fólk við mig þegar ég tala um öryggi á netinu: „Já, en ég hef ekkert að fela.“**
> *Smári McCarthy*

## Mál til að læra af

Smári segist vonast til að Vodafonelekinn hafi frekar jákvæð áhrif en neikvæð. „Vonandi verður fólk meðvitaðra og hugsar sinn gang áður en það sendir persónuleg skilaboð frá sér. Og reyni þá frekar að nota örugg samskiptatól ef skilaboðin eru þess eðlis. Við eigum öll í okkar daglega amstri í mjög persónulegum samskiptum. Við tölum við lækna eða lögfræðinga, eða ættingja eða maka. Og mörg þessara samtala eiga ekkert erindi við almenning. Og vonandi fylgja þessu líka jákvæðar lagabreytingar. Það þarf að byrja á að fjarlægja gagnageymdina úr lögum, styrkja Persónuvernd sem stofnun og gefa henni svigrúm til að ráða til sín fólk með tækniþekkingu en ekki bara lögfræðinga. Það sitja margir eftir með sárt ennið vegna lekans en það er okkar að draga lærdóm af þessu og bæta netöryggi til framtíðar.“

## → Umfangsmestu njósnir sögunnar

NSA-lekinn, sem kenndur er við Edward Snowden, er líklega einn stærsti leki sögunnar. Skjöl Snowdens hafa afhjúpað hið gríðarlega umfang njósna sem Bandaríkin og bandamenn þeirra stunda. Ríki á borð við Þýskaland, Frakkland, Spán, Tyrkland og Belgíu eru meðal fórnarlamba njósna NSA-stofnunarinnar þrátt fyrir að vera vinaríki Bandaríkjanna og bandamenn í stríði. Skjölin hafa vakið reiði í Evrópu, sér í lagi í Þýskalandi, eftir að upp komst að Bandaríkin hleruðu síma sjálfrar Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Auk þess sem NSA hleraði og fylgdist með um hálfri milljón símtala þýskra ríkisborgara, tölvupóstum og smáskilaboðum. Franskir fjölmiðlar hafa greint frá því að NSA fylgdist með um 70 milljónum símtala franskra ríkisborgara í hverjum mánuði.

# GEFÐU NÝJA TÖSKU Í JÓLAGJÖF

## 40% afsláttur af töskum*




**Turf bakpoki**
Rauður eða svartur

**4.190,-**
Verð áður 6.990,-

**Rebel fartölvupoki**
Fyrir allt að 15" tölvur

**9.590,-**
Verð áður 15.990,-




**Hello Kitty skólataska**
Með góðum stuðningi

**7.790,-**
Verð áður 12.990,-

**Urban fartölvupoki**
Fyrir allt að 17" tölvur

**10.790,-**
Verð áður 17.990,-

**Tribune fartölvupoki**
Fyrir allt að 17" tölvur

**10.790,-**
Verð áður 17.990,-



EXPLORE

**Explore skóltatöskur**

**8.390,-** Verð áður 13.990,-

Léttar og sterkar töskur · Liggja þétt að hryggnum og mjöðmunum · Hlífa bakinu · Tvær töskur í einni, áfestanleg íþróttataska í stíl fylgir · Axlaólar breiðar og bólstraðar

Þetta tilboð gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð


www.a4.is / sími 580 0000
**A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
**A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana **A4** á www.a4.is

A4


*Afslátturinn gildir af öllum Ogio-, Explore- og Nike töskum

# EINFALDAR VARNARAÐGERÐIR TIL AÐ AUÐVELDA ÞÉR LÍFIÐ

**→ Lykilorð**
Ekki nota sama lykilorðið á mörgum vefsvæðum. Búðu til flókið lykilorð með lág- og hástöfum, tölustöfum og merkjum á borði við #%!. Notaðu frumlegar aðferðir til að muna lykilorðið. Eða notaði lykilorðaforrit á borð við LastPass og DirectPass.

**→ Leynispurning eða endurræsing lykilorðs**
Ein algengasta leiðin til að hakka sig inn á vefsvæði eða póst er með óöruggri leynispurningu. Spurðu sjálfan þig hvort svarið við spurningunni sé eitthvað sem enginn veit. Sumir gefa upp svörin á samfélagsmiðlum, nöfn á fyrsta gæludýri eða grunnskóla. Mundu að svarið við leynispurningunni þarf ekki endilega að vera satt.

**→ Samfélagsmiðlar**
Samfélagsmiðlar sem eru miðlægir (þar sem eign og umsjón samfélagskerfisins er í höndum eins aðila, t.d. Facebook) eru varasamir. Upplýsingar um notendur eru seldar og mikilvægt að muna að upplýsingum sem notendur gefa upp á þessum miðlum verður aldrei eytt. Ekki deila of miklum upplýsingum. Sérstaklega ekki nafninu á fyrsta gæludýrinu þínu.

**→ Tölvupóstur**
Gerðu ráð fyrir að allur tölvupóstur sem er sendur í gegnum þjónustur á borð við Hotmail eða Gmail séu ekki einkaskilaboð. Athugaðu hvort þú sért að nota öll þau öryggistæki sem forritin hafa upp á að bjóða.

**→ Leitarvélar**
Leitarvélar: Taktu þér smá frí frá Google og prufaði minni leitarvél. Til dæmis DuckDuckGo.com eða startpage.com sem heldur ekki skrá yfir leitarsögu þína.

**→ Snjallsímar**
Engin skilaboð sem þú sendir með snjallsímum eru fullkomlega örugg. Athugaðu sérstaklega hvaða upplýsingum þú hleður upp á iCloud, Dropbox, Evernote eða aðrar slíkar þjónustur. Allar þessar þjónustur hafa veitt upplýsingar um viðskiptavini sína til stjórnvalda.

**→ Köngulóarvefurinn**
Með tilkomu snjallsímans, spjaldtölvunnar og samskiptavefja verður internetnotkun okkar samtengdari. Ef hakkara tekst að brjótast inn á eina þjónustu er líklegt að hann komist inn á þá næstu. Haltu yfirlit um hvernig þjónusturnar tengjast.




**VODAFONE** Stóra hakkaramálið vekur upp margar spurningar um netöryggi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## → Svona notum við netið

Fréttablaðið leitaði til nokkurra þekktra einstaklinga sem allir nota netið mikið í sínum daglegu störfum. Spurningarnar voru þrjár.

**1** **Lýstu þinni daglegu notkun á netinu.**

**2** **Hvernig tryggir þú öryggi þitt á netinu?**

**3** **Telur þú þig örugga/n á netinu?**



### Árni Páll Árnason,
formaður Samfylkingarinnar

**1** Ég nota mikið Facebook og svo Twitter nú í vaxandi mæli. Ég er með mína eigin heimasíðu – sem var nú brotist inn á í febrúar 2011 og tilkynnt um afsögn mína – svo úr varð mikið fréttaefni. Á öllum þessum miðlum er maður með of gömul lykilorð og þarf að huga að því að skipta reglulega í ljósi nýjustu fregna.

**2** Þingkerfið krefst reglulegra skipta á lykilorðum og ég nota oft VPN-aðgang þess, en geri ráð fyrir að nota hann meira héðan í frá.

Almennt séð hef ég reynt að nálgast netsamskipti á þann veg að maður eigi ekki að segja þar neitt sem ekki þoli almenningssjónir. Mér finnst margt sem fólk lætur frá sér í ummælum á netinu bera þess merki að fólk heldur að það sé að skrifa fyrir sjálft sig og fáa aðra og áttar sig ekki á að ósvífin og dónaleg komment munu varðveitast um aldur og ævi ritanda til ævarandi háðungar. Sama á að sínu leyti við um tölvupóst – ég hef alltaf reynt að skrifa hann á þann veg að hann geti farið víðar en til viðtakanda.

**3** Ég nota sms mikið til að gantast og fíflast og fá útrás fyrir svartan húmor og held að opinber birting sms-a frá mér gæfi heldur undarlega mynd af mér, þegar aðstæður eru ekki til að skýra efnisinnihaldið. Ég hafði nú ekki hugarflug fyrir þennan Vodafone-skandal til að láta mér detta í hug að efnisinnihald slíkra skilaboða gæti einhvers staðar sést fyrir aðra til lestrar en sendanda og viðtakanda. Vonandi verður hann til að fjarskiptafyrirtækin axli ábyrgð sína af upplýsingaöryggi betur en hingað til.



### Eva Hauksdóttir
aðgerðasinni

**1** Ég nota Twitter lítið en Facebook á svo til hverjum degi og er reyndar að fylgjast með Facebook af og til allan daginn.

**2** Ég treysti öryggisstillingum Facebook ekki svo ég bið fólk frekar að senda mér tölvupóst ef það er með trúnaðarupplýsingar. Reglan er sú að fólk ætti ekki að segja neitt á samfélagsmiðlum, msn eða í síma, sem það vill ekki segja löggunni, mömmu sinni og skattinum.

**3** Ég upplifi mig ekki örugga á netinu en finnst frábært að hafa aðgang að öllum þessum upplýsingum svo ég nota það mjög mikið en forðast að nota það fyrir einkalíf mitt og annað sem ég vil alls ekki að fari á flakk.



### Ágúst Borgþór Sverrisson
rithöfundur

**1** Ég nota Facebook mjög mikið og Twitter annað slagið. Ég er með blogg á DV.is sem ég skrifa af og til á, auk þess skrifa ég nokkuð á vefi fyrir KR og dreifi því efni á Facebook-hópa. Ég er með tölvupóst á Gmail og svo vafra ég auðvitað heilmikið á netinu, les fréttir og horfi á myndbönd á YouTube.

**2** Ég er með nokkuð sterk lykilorð fyrir minn aðgang að samfélagsmiðlum sem og póstföngum en ég beiti engum öryggisráðstöfunum fyrir utan það.

**3** Ég á erfitt með að svara þessu. Ég er kannski fullandvaralaus gagnvart hættunum en ég hef engan veginn á tilfinningunni að það sé verið að reyna að hakka mína vefi. Hins vegar fæ ég oft sent alls konar drasl, aðallega á Facebook, sem virkar óheiðarlegt en ég leiði það hjá mér.



# KRÓNAN




**4279 kr.** Grimmd




**3949 kr.** Sæmd




**4119 kr.** Við Jóhanna




**2998 kr.** Háski í hafi




**4389 kr.** Hemmi Gunn




**4219 kr.** Dísusaga




**2979 kr.** Tímakistan

# GEFÐU BÓK UM JÓLIN!

Verðin gilda 7. - 8. desember

## Bættu við 500 kr. og fáðu

Nóa konfektkassa 135 g með bókinni!

Gildir eingöngu um þessa titla í auglýsingunni






**3939 kr.** Lokkar




**2989 kr.** Afmælisveislubókin




**3739 kr.** Matargleði Evu

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

**Ariete**

# ÍSVÉL OG JÓGÚRTVÉL

**Ariete 635**
Ís -og jógúrtgerðarvél. Hraðfrystandi skál með tvöfalda einangrun. Auðvelt að taka í sundur. Tekur 1,2L.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**PHILIPS**

**Philips HQ6925**
Rakvél með hleðslu og CloseCut tækni. Flex & Float - Reflex Action. Easy Grip þægilegt grip. 8 klst. hleðsla gefur 35+ mínútur í rakstri.

VERÐ **7.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**VATNSHELD**
**MÁ NOTA Í STURTU OG SKOLA UNDIR KRANA**

**PHILIPS**

**Philips AT750**
Vatnsheld AquaTouch hleðslurakvél með Super Lift&Cut. Fyrir krem eða raksápu. Easy Rubber Grip. HQ8 hausar.

VERÐ **16.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**PHILIPS**

**Philips 6624560**
Vandaðar hárklippur með hleðslurafhlöðu 2-21mm stillingum og 41mm klippibreidd ásamt flottum nef- og eyrnahárklippum saman í pakka.

TILBOÐ **8.995** FULLT VERÐ 10.790

---

**TONI&GUY**

**Toni&Guy TGDR5362**
Öflugur 2000w hárblásari með Ion Conditioning og Cool Shot tækni. 3 hita og 2 hraðastillingar. Diffuser fylgir. 3m kapall.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**PHILIPS**

**Philips HX3110DP**
Tveir Sonicare tannburstar með hleðslu. Ítarlegri hreinsun fyrir tennur og góma. 15.000 strokur á mín. Hreinsar tannstein betur en venjulegir burstar. Endurhlaðanleg rafhlaða.

**TILBOÐ 2 SAMAN**

TILBOÐ **10.995** FULLT VERÐ 2.995

---

**TONI&GUY**

**Toni&Guy TGIR1922**
Bylgjujárn með extra djúpum Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**TONI&GUY**

**Toni&Guy TGST2992**
Sléttujárn með 20mm Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 210°. 360° snúningur á kapli. 3M snúra.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**TONI&GUY**

**Toni&Guy TGIR1919**
Keilujárn með 32mm - 19mm Tourmaline keramík plötum. Mjótt í miðjunni. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**TONI&GUY**

**Toni&Guy TGIR1920**
Keilujárn með 13mm-23mm Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**Ariete**

**Ariete 2770**
Handryksuga með skafti.

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**iRobot Roomba**

**iRobot Roomba IRO-620**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Þriggja stiga hreinsikerfi.

VERÐ **59.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**iRobot Roomba**

**iRobot Roomba IRO-650**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind og tímastilli. Einn sýndarveggur fylgir svo hægt er að afmarka svæði.

VERÐ **79.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**iRobot**

**iRobot Scooba IRO-390**
**SKÚRINGAVÉLMENNI**
Sjálfvirk skúringavél sem hreinsar allt að 50 fermetra á einni vatnsfyllingu.

VERÐ **84.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**Ariete**

**Ariete DC1911**
1000w HEILSUGRILL með hitastilli og hitaljósi. Efri hluti færist eftir þykkt matar. Non-Stick - Auðvelt að þrífa.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**MELISSA**

**Melissa 16330090**
700W örbylgjuofn með 5 hitastillingum. 20 lítrar. 25,5sm diskur.

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**MEDISANA** *made for Life*

3ja ára ábyrgð!

**Medisana 88295**
Nuddtæki með 2 styrkleikum og 4 mismunandi nuddhausum. Fyrirferðalítið og hægt að nota heima eða taka með.

VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**MEDISANA** *made for Life*

3ja ára ábyrgð!

**Medisana 88940**
Nuddtæki fyrir axlir, háls og læri. 10 stillanlegir styrkleikar. Hentar fyrir háls, herðar, fætur og mjaðmir. 5 nudd taktar. Auðvelt og þægilegt í notkun.

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**MEDISANA** *made for Life*

3ja ára ábyrgð!

**Medisana 88930**
Shiatsu nuddsæti fyrir bak, axlir og háls. 3 nuddsvæði. Hita eiginleiki. Víbríngsnudd í setu. Styrkleikastillir. Hita eiginleiki. Fjarstýring.

VERÐ **29.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**KENWOOD** multipro compact

**Kenwood FPM250**
Ltil og nett 750w matvinnsluvél úr burstuðu stáli. +Skálin tekur 2,1 lítra og blandarinn sem fylgir tekur 1,2 lítra og með fylgir sítrupressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

**DeLonghi**

**DeLonghi EC145**
Handvirk espressó kaffivél með flóunarstút með stillanlegu gufumagni. Þrýstingur 15 bör. 1L Tankur. 2 filterar.

VERÐ **15.995** FRÁBÆRT VERÐ

---

TÖLVULISTINN · Heimilistæki

## 6 VERSLANIR
**REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI**
**SELFOSS - HÚSAVÍK - EGILSSTAÐIR**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ


tl.is
TÖLVU LISTINN
MEIRA JÓLAÚRVAL
LÆGRA VERÐ !
ASUS
10" INTEL ATOM MEMOPAD
ASU-ME302C1B015A
Ein sú besta í úrvalinu fyrir jólin. Kraftmikill Intel Atom örgjörvi, fullkominn 10,1" IPS FULL HD skjár og mjög öflugt PowerVR SGX 544P skjákort. 32GB Flash minni og 2GB vinnsluminni. Allt að 10 tíma rafhlöðuending.
79.990
nextbook
VINSÆL 8" MEÐ DUAL CORE !
Spjaldtölvur eru frábær jólagjöf fyrir börn. 8" er mjög hentug barnastærð. Nextbook Trendy kemur með sprækum Dual Core örgjörva og 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan, heyrnartólstengi, MicroUSB, miniHDMI og Bluetooth. Allt að 6 klukkutíma rafhlöðuending.
NEX-NEXT800T
Bluetooth
19.990
10" DUAL CORE Á 29.990 !
nextbook
Frábær kaup. Öflugur örgjörvi og 10,1" fjölsnertiskjár með 1280x800 upplausn. Android 4.1 Jelly Bean.
NEX-NX010HI8G
29.990
COOLTAB MEÐ HÖGGVÖRN
Lenco
Bláar og bleikar Lenco spjaldtölvur með bleikri og blárri silikonhulsu til að hún þoli meira hnjask. Allwinner A13 örgjörvi.
LEN-COOLTAB80PI
19.990
7" ASUS MEMOPAD
ASUS
Sterkbyggð og flott spjaldtölva frá Asus sem vegur aðeins 360 grömm. 1024x600 upplausn og 16GB flash minni sem hægt er að stækka með SD korti.
ASU-ME172V1B077A
29.990
27"
PHILIPS
PHS-274E5QHSB
49.990
HD SJÓNVARPSFLAKKARI
A.C.Ryan
ACR-PV73500
19.990
ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH
noontec
NOO-ZOROWIRELESSWH
19.990
3TB INTENSO FLAKKARI
INTENSO
INT-MEMORYCENTER3TB
21.990
INTEL NUC i3 SMÁTÖLVA
intel
INT-BOXDC3217IYE
69.990
TÖLVUHÁTALARAR
Logitech
LOG-Z323BK
11.990
2TB NAS NETFLAKKARI
Seagate
SEA-STCG2000200
24.990
180GB INTEL SSD DISKUR
intel
INT-SSDSC2CT180A4K5
23.990
OFURNÆM LEIKJAMÚS
RAZER
RAZ-DEATHADDER2013
14.990
ÞRÁÐLAUS PRENTARI
EPSON
EPS-XP315
14.990
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
PROMENNT
ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !
0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
7 VERSLANIR UM ALLT LAND

# OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
## LAUGARDAG 11-18 / SUNNUDAG 13-18

OPNUNARTÍMI Á
**AKUREYRI**
LAU. 11-18 SUN 13-17

## TOSHIBA
FRÁBÆRT VERÐ
FYRIR INTEL i3

### 16 GB MINNI OG 1TB DISKUR
Hönnuð fyrir þá sem gera alvöru kröfur til vinnsluhraða með Quad Core AMD A6 og Radeon HD 8400 skjákorti.
TOS-M50DA112
**129.990**

15,6"
TOS-C50A19U
Þessi er mjög vinsæl. Öflugur Intel i3 örgjörvi, Intel HD Graphics 4000 skjákort og 500GB harður diskur. Mikið fyrir peninginn.
**99.990**

### ÖRÞUNN LEIKJATÖLVA
15,6"
TOSHIBA
Intel i5 Haswell og sérstaklega öflugt 2GB nVidia GeForce GT 740 leikjaskjákort. Allt að 7 klukkutíma rafhlöðuending.
TOS-M50A118
**149.990**

### EIN SÚ BESTA FRÁ TOSHIBA
TOSHIBA
Nýjasti Intel i7 Haswell örgjörvinn, 2GB GeForce GT 745M skjákort fyrir leiki og grafík. 8GB vinnsluminni og stór 750GB harður diskur. 2MP Full HD vefmyndavél.
TOS-P50A12K
**199.990**

### 8GB MINNI OG 1TB DISKUR
15,6"
TOSHIBA
Intel Dual Core örgjörvi, stórt 8GB vinnsluminni og 1TB harður diskur fyrir mikið gagnamagn.
TOS-L50A152
**89.990**

### INTEL i5 HASWELL
15,6"
TOSHIBA
TOS-C55A1MW
**119.990**

### TVEGGJA DISKA NAS BOX FYRIR HEIMANET MEÐ RAID
ZyXEL
ZYX-NSA320
**19.990**

### WACOM TEIKNIBORÐ
WACOM
WAC-CTL470K
**12.990**

### RAZER ANANSI
RAZER
RAZ-ANANSI
**19.990**

### HÁGÆÐA MYNDASKANNI
EPSON
EPS-V370
**21.990**

### ÖFLUGUR TURNKASSI
COOLER MASTER
CM-RC912PKKN1
**16.990**

### 24"
PHILIPS
PHS-246V5LSB
**34.990**

### iPAD AIR OG iPAD MINI Á LÆGRA VERÐI
iPad

### HEYRNARTÓL FYRIR LEIKINA
steelseries
STE-4H
**7.990**

### 23" INTEL i5 SKJÁTÖLVA MEÐ 1080P FULL HD SKJÁ
intel
ACE-DQSQQEK001
**199.990**

## AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM!

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Allir vilja vera á sviðinu

Í nýútkominni listaverkabók um **Karólínu Lárusdóttur** skrifar Aðalsteinn Ingólfsson ítarlega grein um ævi og listþróun listakonunnar, en bókin geymir auk þess 146 litmyndir af verkum Karólínu og fjölda ljósmynda úr fjölskyldualbúmi hennar.

**Karólína Lárusdóttir**
Höfundur: **Aðalsteinn Ingólfsson**
Útgáfa: **JPV útgáfa**
Fjöldi síðna: **328 bls.**

Ekki verður hjá því komist að fjalla stuttlega um uppruna og uppeldi Karólínu, svo mjög sem þetta tvennt er samofið því sem gerist í myndlist hennar. Móðurafi hennar var hinn víðkunni og stórbrotni Jóhannes Jósefsson, ungmennafélagsfrömuður, glímukappi, skemmtikraftur og athafnamaður, en minnisvarði hans, Hótel Borg, var hluti af þeirri ævintýraveröld sem Karólína og Hildur systir hennar fengu hlutdeild í langt fram á unglingsár. Meðan Jóhannes hélt heilsu var hann óskorað höfuð fjölskyldu sinnar og máttu aðrir fjölskyldumeðlimir sitja og standa eins og hann sagði fyrir um. Hann var einnig sú ímynd karlmennskunnar sem dætur hans og dótturdætur lögðu til grundvallar í samskiptum sínum við sterkara kynið; ekki komu ýkja margir karlmenn vel út úr þeim samanburði. Ekki er ólíklegt að svartklæddur ættfaðirinn, sitjandi samanrekinn og þegjandalegur í dagstofunni á Hótel Borg með hunda sína og byssur allt um kring og neftóbakspontu í hendinni, sé ein helsta fyrirmynd þungbrýndu stútungskarlanna sem víða koma fyrir í myndum Karólínu. Með einni saman nærveru sinni verða þeir aflmiðja hverrar frásagnar.

Amma listakonunnar og nafna, Karólína Guðlaugsdóttir, var stór í lund, engu síður en eiginmaður hennar, en frábrugðin honum að öðru leyti. Hún var sænsk í móðurættina, af stórri og velmegandi embættismannafjölskyldu – Jóhannes var af fátæku fólki – og fékk að ganga menntaveginn, auk þess sem þær systur (þar á meðal var Soffía Guðlaugsdóttir leikkona) fengu kennslu bæði í hannyrðum og tónlist. Með listfengi sínu og óhefðbundnum framgangsmáta hafði hún meiri áhrif á nöfnu sína en nokkur annar í fjölskyldunni. Á efri árum klæddi hún sig eftir eigin höfði, sótti einungis þær samkomur sem hún hafði áhuga á, las erlendar bækur á mörgum tungumálum, og það sem var kannski mest um vert, skapaði barnabörnum sínum griðastað þegar naprir vindar blésu um þau. Um hana segir Karólína: „Ég bý enn í dag að áhrifum sem návist hennar og lífsmáti hafði á mig.“ Amma Karólína var einnig helsti bakhjarl nöfnu sinnar á námsárunum í Bretlandi, greiddi fyrir hana uppihald og helstu útgjöld, meðal annars opnaði hún reikning fyrir hana hjá Rowney-fyrirtækinu í Lundúnum og mátti listaspíran taka út liti, striga og pappír eftir þörfum. Sennilega er amma Karólína helsta fyrirmyndin að mörgum kvenskörungunum í myndum listakonunnar. Í sínum himinbláu eða eldrauðu drögtum eða kápum taka þær af skarið alls staðar þar sem þess er þörf og kæra sig kollóttar um afleiðingarnar.

Hafi amma Karólína verið upprennandi listakonunni birtingarmynd frjálsræðis og sköpunargleði, var föðuramma hennar, Ingigerður Eyjólfsdóttir frá Ísafirði, fulltrúi samkvæmis- og félagslífsins sem reykvísk borgarastétt hafði tileinkað sér og sonardóttir hennar fjallar um í ótalmörgum verkum sínum. Að sögn Karólínu var amma hennar „mikil samkvæmiskona, eldrauðhærð og kát … og naut sín aldrei betur en í stórum veislum.“ Hins vegar voru veislur hennar ævinlega haldnar af sama tilefni, veislugestir voru þeir sömu frá ári til árs og matseðillinn sá sami: „Tómatsúpa með slettu af þeyttum rjóma, hamborgarhryggur, ís í eftirrétt og kampavín fyrir fullorðna fólkið.“ Sömuleiðis voru allar afmælisveislur á æskuheimili Karólínu í ákaflega föstum skorðum, með tilheyrandi boðum og bönnum. Um þessa félagslegu hringekju segir listakonan:

„Þetta var eins og sunnudagsleikrit þar sem allir kunnu hlutverkin sín og ég hygg að sama leikrit hafi verið á fjölunum á mörgum heimilum þótt það væri ekki með viðhafnarsviðsbúnaði eins og hjá mínu fólki.“

Myndir Karólínu eru framar öðru sviðsetningar mannlegra samskipta, eins konar upphafin „sunnudagsleikrit“.

En leiksýningin var ekki einasta innbyggð í daglegt líf Karólínu og fjölskyldu hennar, eins og svo margra annarra borgaralegra fjölskyldna á þessu tímabili, heldur var veldi Jóhannesar afa hennar, og þar með bæði virðingarsess hans og velmegun, beinlínis grundvallað á dramatískum uppfærslum – „show business“. Fyrri hluta ævi sinnar starfaði Jóhannes víða um heim með umflakkandi sýningarhópum, meðal annars ameríska Barnums & Baileys sirkusnum og sjálfum Houdini, þar sem hann setti á svið aflraunir og sýningar á íslenskri eða grísk-rómverskri glímu, auk þess sem hann tók þátt í margháttuðu sjónarspili um kúreka og indjána sem þá var í tísku. Uppsafnaðan afrakstur þessara skemmtana, 500.000 íslenskar krónur, hafði Jóhannes með sér til landsins seint á þriðja áratugnum og lagði í hótelbygginguna.

Fjölskylda Jóhannesar tók virkan þátt í þessum sirkusuppfærslum; Karólína kona hans hafði umsjón með sviðsmyndum og búningum, og þegar dætur þeirra uxu úr grasi fengu þær að troða upp sem þokkagyðjur eða fjaðurprýddar indjánameyjar. Heimkomnar höfðu þær systur metnað til frekari frama í leikhúsi, tóku að sér dansstjórn og danskennslu fyrir revíu sem Leikfélag Reykjavíkur setti upp á árunum 1931–32, og unnu síðan fyrir föður sinn sem eins konar skemmtanastjórar á Hótel Borg á fjórða áratugnum. En vísast hefur skemmtana- og leikhúslíf í Reykjavík á árunum milli stríða verið helst til fábrotið fyrir ungar heimskonur. Hekla Jóhannesdóttir Jósefsson hvarf til Bandaríkjanna, þar sem hún gekk að eiga þarlendan auðmann og setti upp dansskóla, en Daisy, móðir Karólínu, lagði listrænan metnað sinn á hilluna og giftist inn í eina auðugustu fjölskyldu Reykjavíkur, Lárusi syni Lúðvíks Lárussonar sem oftast var kenndur við glæsilega skóverslun sína í Bankastræti. Lúðvík föðurafa sínum kynntist Karólína ekki, hann lést nokkrum árum áður en hún fæddist.

Í ljósi þessara beinu tengsla Jóhannesar og fjölskyldu hans við sjónleiki, í víðasta skilningi, er ekki að undra þótt listrænn laukur þessarar ættar hafi sterka tilhneigingu til að túlka mannlega breytni sem dramatískar uppákomur þar sem allt getur gerst. Í ofanálag er hugmyndin um „leiksýninguna“ eitt af leiðarstefjunum í myndveröld Karólínu. „Allir vilja vera á sviðinu“ heitir mynd eftir listakonuna, ein af fjölmörgum tilbrigðum hennar um þetta stef. Einhvers staðar uppi í íslenskri sveit hafa menn reist voldugt svið, sem stundum minnir óþægilega á aftökupall. Upp á það klifra nærstaddir til að fá útrás fyrir listamannsdrauma sína: klumsa söngkvartettar, gildvaxnar dansmeyjar og harmónikkuleikarar að sligast undan hljóðfæri sínu. Svo eru þeir sem standa aðgerðalausir og bíða átekta, eins og ráðvilltir statistar í verki eftir Beckett eða Ionesco.



**TRÖLLVAXIN SÖNGKONA** Olía á striga eftir Karólínu Lárusdóttur frá 1996.



**GÓÐAN DAGINN** Olía á striga frá 2004.

Allt í kringum þetta fólk er svo náttúran, víðáttumikil, gjafmild og fögur. En enginn virðist taka eftir henni.

Í myndum Karólínu þarf ekki leiksvið til að vekja sýni- og tjáningarþörfina með mannfólkinu. Snemma á ferli sínum málar hún mynd sem hún kallar Kona montar sig. Þar sjáum við uppáklædda konu í heimsókn uppi í sveit; fær hún skyndilega þá köllun að klifra upp á grindverk. Þar stendur hún keik á öðrum fæti, heldur á skóm sínum hvorum í sinni hendi og baðar út handleggjum sem væri hún þaulvanur línudansari. Í námunda við hana stendur fylgdarlið hennar og fylgist með tilburðunum, ekki nema í meðallagi forviða á þessari háttsemi. Í skógarferð tekur einhver upp nikkuna og þá er stutt í dansinn, píanógarmur í reiðileysi dregur að sér heilan karlakór, fiðla í réttum höndum fær fyrrverandi ballerínu til að rifja upp fyrstu posisjón. Stundum er löngun allt sem þarf; í hverri myndinni á fætur annarri grípa karlar konur sínar fyrirvaralaust og hefja dans, ýmist úti á engjum, inni í skógi eða niðri í fjöru, án þess að hljóðfæri komi við sögu.

En kannski er réttara að tala um brýna þörf fremur en löngun. Þótt sýn Karólínu á þessar uppákomur einkennist yfirleitt af góðlátlegri kímni, er skyndileg og tilefnislaus tjáningin sem við sjáum í þessum myndum undarlega gleðisnauð, eins og afleiðing af langvarandi bælingu drauma og vona. Í viðtölum hefur listakonan oftlega ýjað að því að þessar myndir séu einhvers konar portrett af íslenskri þjóðarsál á því tímabili sem listakonan þekkti hana gerst.

**Þetta var eins og sunnudagsleikrit þar sem allir kunnu hlutverkin sín og ég hygg að sama leikrit hafi verið á fjölunum á mörgum heimilum þótt það væri ekki með viðhafnarsviðsbúnaði eins og hjá mínu fólki.**

Um leið er ástæða til að ætla að alvöruþungi og angurværð þessara verka, og raunar flestra verka listakonunnar í seinni tíð, endurspegli í einhverjum mæli lævi blandið andrúmsloftið sem hún upplifði á unglingsárum sínum bæði í ævintýrakastala afa Jóhannesar og ömmu Karólínu og á heimili foreldra sinna á Hagamelnum.

Gildir **7-8.** des. 2013

markhönnun ehf






**Gamlar syndir, nýjar lygar, óhugnanlegar tilviljanir. Yrsa Sigurðardóttir bregst ekki lesendum sínum í nýrri og spennandi glæpasögu!**

# 4.348 KR

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og/eða myndavíxl

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

nettó
*Kræsingar & kostakjör*
bækur

# Netárásir alvarleg ógn

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra segir netárásir ógna nútímasamfélagi og nánast útilokað sé að koma algjörlega í veg fyrir þær. Hins vegar sé hægt að tryggja að allar persónuupplýsingar séu dulkóðaðar og koma þannig í veg fyrir leka á borð við þann sem átti sér stað um síðustu helgi þegar ráðist var á heimasíðu Vodafone á Íslandi.



### Reykjavíkurflugvöllur

„Ég er þeirrar skoðunar að skipulagsvaldið skuli vera hjá sveitarfélögunum og að ríkið eigi ekki að vera að hrófla við því. Ef ríkið vill koma að samgöngumálum á einstökum svæðum þá á að gera það í samvinnu og samstarfi.“

### Aukinn vopnaburður lögreglu

„Það hugnast mér ekkert sérstaklega vel. Það hugnast mér að lögreglan fái aðbúnað við hæfi og að hún geti varið sig. En það hugnast mér ekki að almennir lögreglumenn fái að bera skotvopn.“

### Innflytjendur

„Það eru mikil tækifæri fólgin í því að samfélagið sé fjölbreytt og að það sé umburðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum og gleði yfir því að það séu einstaklingar sem hafa áhuga á að setjast hér að. Vinna og ala upp börnin sín. Það eru sóknarfæri fólgin í því.“

Þetta er sú ógn sem flest lönd eru að fást við núna. Menn eru að velta því fyrir sér hvernig er hægt að tryggja öryggi þegar kemur að síma- og netnotkun almennings. Árásin um síðustu helgi er hörð áminning fyrir okkur að taka betur á þessu og þess vegna hef ég sett í gang innan ráðuneytisins sjálfstæða úttekt á því hvernig þessir atburðir gátu átt sér stað,“ segir Hanna Birna. Þúsundum smáskilaboða ásamt lykilorðum og kennitölum viðskiptavina Vodafone á Íslandi var lekið á Netið um síðustu helgi þegar ráðist var á heimasíðu fyrirtækisins. Hanna Birna segir að um grafalvarlegt mál sé að ræða og að árás sem þessi ógni nútímasamfélagi. Hún segir að stjórnvöld og eftirlitsaðilar þurfi að tryggja að allar persónuupplýsingar séu dulkóðaðar. „Við vitum að þessir einstaklingar sem eru að hakka sig inn í kerfi og heimasíður eru meira og minna að sýna yfirvöldum og almenningi að þeir geti það. Það er því ekki útilokað að þetta gerist aftur. Við viljum tryggja að almenningur þurfi þá ekki að hafa áhyggjur,“ segir Hanna Birna.

## Vopnuð lögregla

Lögreglumenn hafa viljað skoða möguleikana á því að fá auknar heimildir til vopnaburðar. Í könnun sem Landssamband lögreglumanna lét gera í byrjun síðasta árs kom fram sterkur vilji meðal lögreglumanna til að kanna málið meðal annars vegna aukinnar hörku í undirheimum. „Lögreglan er að skoða þetta og meta þessa áhættu og öryggisþörf og mér skilst að þeirri vinnu ljúki í kringum áramótin. Við þekkjum þessa umræðu og ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur stjórnmálamenn að leyfa lögreglunni að klára þessa vinnu. Við erum auðvitað öll að vonast til þess að við getum búið í samfélagi sem er tiltölulega laust við þessa hluti. Þar sem þetta er ekki hluti af veruleika venjulegs fólks. En lögreglan verður auðvitað að geta gripið til slíks við aðstæður þar sem þess gerist þörf. Þannig að ég mun sjá niðurstöðurnar og fara yfir þær,“ segir Hanna Birna.

## Fjölgun hælisleitenda

Hælisleitendum hefur fjölgað verulega hér á landi á undanförnum árum. Í lok septembermánaðar höfðu komið fram 137 umsóknir um hæli samanborið við 83 umsóknir í fyrra. Hanna Birna segir viðbúið að þessi þróun haldi áfram og hefur lagt áherslu á að hraða málsmeðferð slíkra mála. „Þegar einstaklingar þurfa að bíða í langan tíma eftir svari þá er það þungt fyrir kerfið og kostnaðarsamt og líka afar erfitt fyrir hælisleitandann. Þannig að við viljum tryggja að þeir fái svör fyrr og hraðar. Við höfum talað um svokallaða 48 klukkustunda reglu. Það er norska leiðin. Það þýðir að hælisleitandinn fær svar innan 48 klukkustunda um hvort hann fær hæli eða ekki.“

## Einkaaðilar fjármagni vegaframkvæmdir

Hanna Birna vill skoða hvort hægt sé að fá einkaaðila til að koma í auknum mæli að fjármögnun vega- og samgönguframkvæmda. Hún vísar til reynslu Norðmanna og Hollendinga í þessum efnum. „Ríkið hefur takmarkað fjármagn til vegaframkvæmda og þess vegna finnst mér mikilvægt að við skoðum leiðir eins og hafa verið farnar í Noregi, Hollandi og víðar þar sem einkaaðilar hafa komið að þessum framkvæmdum,“ segir Hanna Birna. Hún nefnir Sundabraut í Reykjavík sem dæmi og segir að borgaryfirvöld hafi tekið vel í þá hugmynd að einkaaðilar fjármagni það verkefni að einhverju eða öllu leyti. „Við munum vonandi fyrir áramót kynna tvö til þrjú verkefni sem við teljum að geti hentað vel sem samstarfsverkefni einka- og opinberra aðila. Við teljum að þannig megi hraða framkvæmdum, auka gæði þeirra og tryggja að þær fari fyrr af stað heldur en ella,“ segir Hanna Birna.

**VIÐ VITUM AÐ ÞESSIR EINSTAKLINGAR SEM ERU AÐ HAKKA SIG INN Í KERFI OG HEIMASÍÐUR ERU MEIRA OG MINNA AÐ SÝNA YFIRVÖLDUM OG ALMENNINGI AÐ ÞEIR GETI ÞAÐ**

## STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA

- **1995–1999** Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna.
- **1995–1996** Í stjórn hverfafélags sjálfstæðismanna í Austurbæ og Norðurmýri.
- **1997–1998** Formaður nefndar menntamálaráðherra um mótun símenntunarstefnu.
- **2002-2013** Borgarfulltrúi.
- **2008-2010** Borgarstjóri Reykjavíkur.
- **2013** Varaformaður Sjálfstæðisflokks.
- **2013** Þingmaður og innanríkisráðherra.

1984 1985 1986 1990 1991 1993 1994 1995 1997 1999 2000 2002 2005 2008 2010 2013

## MENNTUN OG HELSTU STÖRF

- **1984** Verslunarpróf VÍ.
- **1986** Stúdentspróf frá Kvennaskólanum í Reykjavík.
- **1990-1991** Starfsmaður öryggismálanefndar.
- **1991** BA-próf í stjórnmálafræði HÍ.
- **1993** M.Sc.-próf í alþjóðlegum og evrópskum stjórnmálum frá Edinborgarháskóla.
- **1994–1995** Deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu.
- **1995–1999** Framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins.
- **1999–2006** Aðstoðarframkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

Höskuldur Kári Schram
hks@frettabladid.is



**visir.is**
Viðtalið við Hönnu Birnu er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**


ALLT Í PAKKANN
CAMELBAK
BRÚSAR Í RÆKTINA, MARGIR LITIR
FRÁ 3.990 KR.
GPS GARMIN
FORERUNNER 10 ORANGE
23.900 KR.
UNDER ARMOUR
BUXUR - ÓMISSANDI Í RÆKTINA
11.990 KR.
NORTH FACE
BRÚSABELTI - HÓLF, VASI OG ÞÉTTIÓL
7.990 KR.
POLAR
FT4
17.990 KR.
ADIDAS
TASKA
8.990 KR.
HELGAR-JÓLATILBOÐ
ALLIR NIKE FREE SKÓR Á
19.990 KR.
ADIDAS
GRIFFLUR Í RÆKTINA DÖMU OG HERRA
FRÁ 3.990 KR.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**AFGANISTAN** Steinunn Björk Pieper ásamt tveimur hermönnum. Þau bera öll fjólubláan fána 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi.



**KABÚL** „Þetta var frábær reynsla,“ segir Steinunn.

> **Fólkið sem vinnur við þessar aðstæður er ýmsu vant. Harka færist í átök á sumrin og haustin. Þá, eins og raunar alltaf, eru menn í viðbragðsstöðu.“**

# ENGINN FRIÐUR ÁN JAFNRÉTTIS

**Steinunn Björk Pieper** bjó í nítján mánuði í gámi á stríðssvæði í Afganistan þar sem hún sinnti starfi jafnréttisfulltrúa á vegum NATO. Hún segir jafnréttismál afar mikilvæg þegar kemur að því að byggja upp stríðshrjáð samfélög.



**ÞAÐ SNJÓAR** „Veðrið þar er fullkomið fyrir fólk sem á góð hús, góð föt og vatn.Það er ískalt yfir veturinn en allt að 40 stiga hiti yfir sumarið,“ segir Steinunn.




**Hanna Rún Sverrisdóttir**
hannarun@365.is



Steinunn Björk Pieper bjó í 19 mánuði í gámi á stríðssvæði í Afganistan. Þar sinnti hún starfi jafnréttisfulltrúa á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) en slík störf heyra til nýjunga hjá þessu gamla hernaðarbandalagi. Áður starfaði Steinunn á Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Þegar Steinunn kom til starfa í Kabúl bjuggu og störfuðu um tvö þúsund manns í búðunum, en álíka búðir á vegum Nató eru staðsettar víðsvegar í Afganistan. Starfinu sinnti hún í höfuðstöðvum ISAF (International Security Assistance Force) í höfuðborginni Kabúl. Starfið var á vegum friðargæslu utanríkisráðuneytisins og verkefnin fólust í að í vinna með afgönskum og alþjóðlegum stofnunum og samtökum, sem og NATO, að jafnréttismálum innan ISAF og í afgönsku samfélagi almennt, með áherslu á stöðu kvenna í afganska hernum og lögreglunni.

## Bjó í gámi

*Hvernig voru aðstæðurnar sem þú bjóst við í búðunum í Kabúl?*

„Flestir sem voru á svæðinu bjuggu í gámum, hvort sem þeir voru borgaralegir starfsmenn eða óbreyttir hermenn, og tvær til þrjár manneskjur í hverjum gámi. Það var hægt að búa til ágætis blokkir úr gámunum með því að stafla þeim upp. Gallinn var að það var erfitt að þrífa þá. Reyndar bjuggu þeir sem hærra voru settir við þann munað að þurfa ekki að deila gámi,“ segir Steinunn og bætir við að nú sé reyndar farið að reisa blokkir á svæðinu eftir tíu ára veru Nató þar. „Í upphafi bjóst enginn við að Nató yrði jafn lengi á svæðinu og raunin varð og því voru settir upp gámar, sem svo fjölgaði smám saman.“

*Hvernig var lífið í búðunum og hvernig fólk býr á svona stað?*

„Meirihluti starfsfólksins í búðunum voru hermenn og þarf ekki að koma á óvart að karlmenn voru mun fleiri en konur,“ segir Steinunn.

Hún tekur fram að svæðið sé ekki stórt og því hafi myndast þar stemning áþekk þeirri sem myndast í þorpum. „Maður kannaðist nánast við alla. Það var mikill samgangur vinnunnar vegna og þetta var mjög lifandi. Þarna var mötuneyti, þar sem allir borða saman en svo voru líka veitingastaðir þarna þar sem hægt var að kaupa góðar pitsur og afganska rétti. Þarna var hægt að fara í líkamsrækt og bíó og sækja bingó- og salsakvöld. Einnig voru kaffihús og verslanir, svokallaðar „Px“, þar sem allar helstu nauðsynjar fengust,“ segir Steinunn og rifjar upp að úrvalið hafi yfirleitt verið einkennilegt. Eina vikuna hafi verslanirnar til að mynda verið fullar af súkkulaði og rakspíra, en næstu viku hafi áherslan verið á sjampó og úrval af hermannaskóm.

„Fólk er samt innilokað. Maður kemst nánast ekkert út fyrir svæðið nema starfsins vegna, en þá var farið í fylgd vopnaðra bílstjóra. Þetta er svolítið eins og að búa í vinnunni sinni og vera alltaf þar. Maður hittir alltaf sama fólkið,“ segir Steinunn.

## Konurnar komast ekki á klósettið

Spurð um störf jafnréttisfulltrúa hjá Nató segir Steinunn að starfið sé fremur nýtt. Enginn jafnréttisfulltrúi hafi verið á vegum bandalagsins fyrr en árið 2009, en bandalagið hefur verið þar frá árinu 2003. Hún segir enn fremur að miklar framfarir hafi orðið í þessum málaflokki innan NATO sem spennandi hafi verið að taka þátt í.

Starf jafnréttisfulltrúa gengur út á að vinna að jafnréttismálum innan hersins og í afgönsku samfélagi, en einnig innan afganska hersins og lögreglunnar. Í Afganistan fylgdist Steinunn með framvindu mála sem varða konur, frið og öryggi á þeim sviðum sem tengjast störfum NATO. „Við veittum hershöfðingjum Nató og afgönskum ráðamönnum ráðgjöf um hvað betur mætti fara, stefnumótun og fleira. Allt var þetta unnið í samvinnu, til dæmis við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, aðrar alþjóðastofnanir, sendiráð og þróunarsamvinnustofnanir hinna ýmsu þjóða, frjáls félagasamtök og fleiri,“ útskýrir Steinunn.

*Er mikilvægt að vinna að jafnréttismálum á svona stöðum?*

„Jafnréttismál eru afar mikilvæg þegar kemur að því að byggja upp stríðshrjáð samfélög. Það er ekki hægt að koma á varanlegum friði án þess að taka jafnrétti með í reikninginn. Það hefur lítið upp á sig til lengri tíma að laga vegi, byggja upp menntastofnanir, reisa hús og setja reglur til þess að koma í veg fyrir spillingu ef það gleymist alveg að tala við helming þjóðarinnar, konurnar,“ segir Steinunn.

Hún bendir á að karlar og konur í Afganistan hafi ekki endilega sömu hugmyndir um hvað þurfi að gera til stuðla að friði, enda sé mikill munur á hlutverkum kynjanna og þau sinni oft ólíkum störfum. Samfélagsheföir hvetji ekki til mikils umgangs milli kynjanna. „Þó að það sé vilji til að breyta þessu þykir mörgum það óþægileg tilhugsun og hugmyndin um að kynin deili til dæmis vinnuaðstöðu getur vakið reiði sumra karla. Þetta getur skapað vandræði. Til dæmis getur það verið erfiðleikum bundið fyrir konur að vinna á hefðbundnum karlavinnustöðum, bara vegna þess að enn hefur ekki verið útbúin sér salernisaðstaða fyrir þær. Konurnar hvorki vilja né geta notað sama salerni og karlarnir og komast því kannski ekkert á klósettið allan daginn,“ segir Steinunn.

Hún tekur fram að konur og karlar hafi ekki endilega sömu sýn á hlutina. „Svo dæmi sé tekið utan af landsbyggðinni, þá er líklegt að konur og karlar svari ólíkt þegar fólk er spurt hvar ætti að fjarlægja jarðsprengjur úr jarðvegi. Það helgast einmitt af því að algengt er að kynin verji tíma sínum á mismunandi stöðum og forgangsraði atriðum sem hafa með öryggi að gera á mismunandi hátt. Þar sem hefðir eru svona gamlar og rótgrónar er ekki heillavænlegt að streitast um of á móti til að byrja með,“ segir Steinunn og bætir við að betra sé að haga málum þannig að bæði karlar og konur geti tjáð sig og haft áhrif á gang mála.

## Alltaf í viðbragðsstöðu

Steinunn segir að búðirnar sem hún bjó í séu á svokölluðu grænu svæði, þar sem öryggi er meira en annars staðar. Til að mynda sé bandaríska sendiráðið í Afganistan á græna svæðinu. Þegar hún var nýkomin til Afganistans hafi verið gerð árás í nágrenni búðanna. „Þá var gripið til ráðstafana og öllum skipað að halda sig inni,“ segir Steinunn. Engan sakaði á kampinum í þessari árás, en sprengju var kastað yfir vegg við búðir Steinunnar. Hún segir að þrátt fyrir þetta hafi hún upplifað öryggi innan svæðisins. „Fólkið sem vinnur við þessar aðstæður er ýmsu vant. Harka færist í átök á sumrin og haustin. Þá, eins og raunar alltaf, eru menn í viðbragðsstöðu.“

Steinunn bendir á að fólk sem býr fyrir utan varnarsvæði búi sífellt við hættu af árásum talibana. „Þetta er veruleikinn sem fólk tekur með miklu jafnaðargeði, en ég fann ekki eins fyrir því þar sem ég var varin innan svæðisins.“

## Lengi þráð að kynnast Afganistan

Eftir heimkomuna í mars á þessu ári sneri Steinunn aftur til fyrri starfa sinna á Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hún segir aðspurð að hún geti vel hugsað sér að halda aftur til svipaðra starfa og þeirra í Afganistan. „Þetta var frábær reynsla, ég hafði lengi þráð að kynnast Afganistan frá öðrum sjónarhóli en úr bókum og samtölum við vini. Þó svo að kynni mín af landinu hafi vissulega verið takmörkunum háð kynntist ég fullt af Afgönum og öðru fólki víða að úr heiminum, með sín ólíku áhugamál og siði og venjur, og slíkt gefur lífinu gildi.“

# Gott fyrir heimilið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

Kaffivél með Thermo hitakönnu 10-12 bolla, 900w

**2.490,-**



**Spandy** heimilisryksugan
- 1600W
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

**5.990,-**



Öflugur djús/ávaxtablandari með 1,3 l glerkönnu

**3.990,-**



Blandari og matvinnsluvél

**4.990,-**



**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

**7.490,-**



Cyclon ryksuga Model-LD801
- 2200W
- 3 lítrar
- Sogkraftur > 19KPA
- raf snúra 4,8 metra

**8.990,-**



Rafmagnshitablásari 2Kw

**1.890,-**

**Góður í kuldanum**



## Hentugt til jólagjafa!

Töfrasproti – Blandari

**1.890,-**



Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Sterkasti maður í heimi

Í ævisögu **Jóns Páls Sigmarssonar** skrifar Sölvi Tryggvason um æviferil þjóðhetjunnar sem varð fjórum sinnum sterkasti maður heims en lést langt fyrir aldur fram. Hér segir frá erfiðri uppgötvun og síðustu andartökunum.

**Jón Páll – Ævisaga sterkasta manns í heimi**
Höfundur: **Sölvi Tryggvason**
Útgáfa: **Tindur**
Fjöldi síðna: **250 bls.**

Eftir að Jón Páll hafði slitið samvistum við barnsmóður sína, Ragnheiði Sverrisdóttur, var hann ekki í föstum samböndum um nokkurt skeið. En um tveimur árum eftir sambandsslitin við Ragnheiði kynntist hann Halldóru Blöndal. Hún var ekki orðin tvítug þegar þau kynntust, en Jón Páll 27 ára gamall og þegar tvöfaldur sterkasti maður heims. En hrifningin var mikil og hún spyr ekki að aldri. Þau hittust strax frá byrjun mjög oft og byrjuðu að búa saman aðeins nokkrum mánuðum eftir að þau kynntust. Veturinn 1987 bjuggu þau Jón og Halldóra saman á Framnesveginum í sama húsi og Hjalti „Úrsus“ og konan hans. Halldóra lýsir Jóni Páli sem yndislegum sambýlismanni.

### Sambúð hefst

„Umfram allt var hann rosalega góður og hlýr. Það var ekki hægt að biðja um meira á mörgum sviðum, hann var duglegur við að segja fallega hluti og vildi allt fyrir mig gera, þó að ég hafi verið bölvaður krakki. Lítið dæmi um það var þegar ég fór án hans til Spánar og lét ekkert heyra í mér á meðan ég var úti og ég fékk ekki að heyra það fyrr en seinna að hann var alltaf að spyrja mömmu mína um mig og var mjög áhyggjufullur. En hann var virkilega skilningsríkur og við elskuðum hvort annað, enda ákváðum við að trúlofa okkur þetta sama ár, þó að við hefðum ekki verið búin að vera saman í eitt ár einu sinni. Við fórum meðal annars saman í frábæra ferð til Færeyja og vorum afskaplega góðir vinir. Það eina sem ég gat sett út á Jón Pál var að þegar það fauk í hann varð hann verulega illskeyttur og eins að hann var dálítið lokaður varðandi ákveðna hluti. Sérstaklega uppvöxtinn og pabba sinn. Honum fannst þægilegast að hafa hlutina á léttu nótunum og átti ekki auðvelt með að tala um eitthvað sem risti svona djúpt.“

En eins og gengur og gerist ganga hlutirnir ekki alltaf upp og Jón Páll og Halldóra hættu saman tímabundið eftir að hafa verið saman í rúmt ár. En tilfinningar þeirra til hvors annars voru samt það sterkar að þau hófu sambúð á nýjan leik nokkrum mánuðum síðar. Skömmu síðar uppgötvaði Halldóra að hún væri ólétt, eftir að hafa fundið mikið til í maganum á æfingu með Jóni Páli í Engihjalla.

„Ég hafði ekki misst úr blæðingar og allt var eðlilegt og það kom mér þess vegna gríðarlega á óvart að ég væri ólétt og komin meira en tvo mánuði á leið. En ég vissi um leið að barnið væri ekki Jóns Páls, heldur Magnúsar Scheving, en við höfðum verið saman eftir að við Jón slitum sambúðinni. Þó að Jón hafi í raun innst inni vitað það líka og við rætt þetta fram og til baka vonuðum við samt bæði að barnið væri hans. Alla meðgönguna vorum við Jón Páll í sambúð og hann stóð eins og klettur við hliðina á mér og var í einu orði sagt frábær. Hann kom svo með mér á fæðingardeildina, en átti það erfitt með að fylgjast með barninu koma í heiminn að það leið næstum því yfir hann.“

### Barnið sem Jón Páll átti ekki

Í júlí 1988 kom dóttir í heiminn og það kvisaðist strax út að Jón Páll væri orðinn pabbi. Halldóra segir frá:

„Við vorum átta saman í herbergi á fæðingardeildinni og það er spurt svo allir heyra hver sé pabbi barnsins og við áttum engan annan kost í stöðunni en að segja að Jón Páll ætti barnið. Þá liðu ekki margir klukkutímar þar til það var komið í útvarpið að Jón Páll væri orðinn pabbi í annað sinn og opinberlega var barnið hans fyrst um sinn og Sunna dóttir mín var skírð Jónsdóttir og hét það fyrsta árið.“

Jón Páll og Halldóra voru áfram í sambúð í átta mánuði eftir að Sunna kom í heiminn, en þá ákváðu þau að slíta samvistum í annað og síðasta sinn.




**EKKERT MÁL FYRIR JÓN PÁL** Þjóðhetjan Jón Páll Sigmarsson með einn af mörg hundruð verðlaunagripum sem hann hlaut á ferlinum.

„Jón Páll sýndi rosalegan manndóm í öllu þessu ferli, en þetta var mjög erfitt fyrir okkur bæði. Hann var mikill pabbi við Sunnu fyrstu mánuðina og sýndi hvaða mann hann hafði að geyma. En mér leið illa og ég var með mikið samviskubit. Hann hélt enn þá í vonina og talaði um að það væri svipur með sér og stelpunni. Á endanum fór Jón Páll í blóðprufu og eins og ég hafði í raun vitað allan tímann kom í ljós að Magnús Scheving átti barnið. Fljótlega upp úr því ákváðum við að enda sambandið okkar, ekki síst af því að ég hreinlega gat þetta bara ekki. En ég get eiginlega ekkert sagt um Jón Pál Sigmarsson annað en að hann var ofsalega góður maður og við vorum í sambandi allt fram undir það síðasta hjá honum. En ég dró mig alveg í hlé gagnvart honum eftir að hann eignaðist unnustuna Heli í Finnlandi. Hann sagði mér að hann væri mjög ástfanginn af henni og mér fannst ekki rétt að við værum í neinum samskiptum að ráði eftir það.“

### Síðasta æfingin

Það er laugardagsmorgunn snemma í janúar árið 1993. Síminn hringir um klukkan 9 hjá Kjartani Guðbrandssyni, sem er að snæða morgunmat. Á hinni línunni er Jón Páll Sigmarsson. Hann segist ætla að taka æfingu í Gym 80 um klukkan 10. Kjartan segist vera í sömu hugleiðingum og báðir ætla þeir að æfa bakvöðva þennan daginn, þannig að þeir ákveða að hittast á Suðurlandsbrautinni og æfa saman.

Rúmum klukkutíma síðar eru þeir komnir í svokallað „power herbergi“ í æfingastöðinni, sem er aðskilið frá salnum þar sem eru handlóð og hlaupabretti. Jón Páll er byrjaður að hita upp fyrir réttstöðulyftu þegar Kjartan sér að gervihnettinum hefur slegið út. Hann ákveður því að hoppa upp á þak og laga hann svo þeir geti horft á sjónvarpið á milli lyftingaæfinga.

„Ég segi Jóni Páli að ég ætli að stökkva upp á þak og gera við þetta. Svo þegar ég kem aftur niður skömmu síðar og labba í gegnum eldhúsið sé ég Jóhann Möller eldri þar að vaska upp og hann segir eins og dáleiddur við mig:

„Ég held að Jón Páll sé dáinn!“

Ég sagði ekki neitt, fann bara gríðarlega óraunveruleikatilfinningu og labbaði fram hjá honum inn í lyftingaherbergið. Ég gleymi aldrei því sem ég sá þar. Jón Páll lá á bakinu ofan á bekk og það hryggldi einhvern veginn í honum. Hjá honum var strákur sem æfði mikið í Gym 80 að reyna að blása í hann lífi. Ég hljóp strax að honum og reyndi að hjálpa til. Við margreyndum að hnoða hann og blása í hann lífi, en það eina sem ég man var þetta andlausa hljóð sem kom frá honum, svona svipað og í bíl sem ekki fer í gang. Fyrir mér er þetta enn eitt óraunverulegasta augnablik ævi minnar. Svo var mamma hans, sem var stödd í stöðinni fyrir einhverja ótrúlega tilviljun, fyrir aftan mig og kallaði í sífellu:

„Hvað er að gerast Kjartan? Hvað er að gerast? Geturðu ekki gert eitthvað?“

Þetta var bara í einu orði sagt skelfileg lífsreynsla.“

> **Við vorum átta saman í herbergi á fæðingardeildinni og það er spurt svo allir heyra hver sé pabbi barnsins og við áttum engan annan kost í stöðunni en að segja að Jón Páll ætti barnið.**
>
> *Halldóra Blöndal, fyrrverandi sambýliskona Jóns Páls*

Eins og áður greinir hafði Jóhann Möller yngri látist aðeins nokkrum mánuðum áður. Faðir hans, Jóhann Möller eldri, var í Gym 80 daginn sem Jón Páll dó.

„Ég var á aukavakt í afgreiðslunni, því að það vantaði mannskap þennan laugardag. En það voru mjög fáir í salnum þegar þetta gerðist. Jón hafði sagt mér dagana þarna á undan að hann væri eitthvað slappur, en ég var ekkert að pæla mikið í því, þar sem hann gerði ekki mikið úr veikindunum. Þegar þetta gerðist segir hann fyrst að sig svimi og að hann haldi að það sé að líða yfir sig. Svo bara hrundi hann niður. Mér var í fersku minni aðkoman að syni mínum sem hafði farið á sama veg. Ég man að Jón var með gleraugu og belti á sér þegar hann hrundi niður. Ég tók af honum gleraugun og reyndi að taka af honum beltið, en við þurftum tveir að gera það, það var það stíft og hann var það sterkur og stífur allur. Þá byrjar hann að fá krampa. Ég fór svo á eftir sjúkrabílnum á sjúkrahúsið og tók Dóru mömmu hans í fangið þegar læknirinn tjáði okkur að hann væri látinn. Það var hræðilega erfitt að hugga hana og ég gat sett mig í hennar spor, því að Jóhann sonur minn hafði látist aðeins hálfu ári áður.“

Auk þeirra Kjartans og Jóhanns voru Jón Már Halldórsson, Snæbjörn Aðils og Birgir Viðarsson staddir nálægt Jóni Páli og móðir hans var aldrei þessu vant stödd í Gym 80 þennan örlagaríka dag.

„Svo heyri ég allt í einu þetta svakalega skerandi óp og þá segi ég við Jóhann: „Er þetta sonur minn sem tekur svona hryllilega á því?“ Hann svarar játandi og segir mér að fara til hans. Ég labba inn og fer að sjá hann, en þá er hann bara að líða út af. Svo stóð ég bara þarna yfir honum og við horfðumst í augu, en ég þóttist vita að þetta væri búið.“

Það er varla hægt að ímynda sér erfiðari hlut en að horfa á barnið sitt að leiðinni inn í dauðann, en Dóra segist í dag þakklát fyrir að hafa fengið að vera með honum á þessari stundu:

„Svo kyssti ég hann á ennið þegar hann var kistulagður og ég er þakklát fyrir það í dag og ég er þakklát fyrir það að hann hafi farið hérna á Íslandi úr því hann átti að fara og að ég hafi fengið að vera með honum í dauðanum.“

Kjartan, sem auk þess að hafa nýlega misst einn sinn besta vin, Jóhann Möller yngri, missti svo móður sína tveimur mánuðum eftir að Jón Páll lést og aðeins nokkrum mánuðum síðar lést viðskiptavinur æfingastöðvarinnar í framsæti bíls við hliðina á Kjartani, sem reyndi að blása í hann lífi. Hann gekk í gegnum svo mikið á skömmum tíma að hann segist enn sjá þetta í mikilli móðu.

„En ég man að sjúkraliðarnir voru mjög fljótir að koma og þeir drógu strax fram stuðtæki til að reyna að koma hjartanu á Jóni Páli aftur í gang. Þeir reyndu þrisvar, en það þýddi ekkert. Þá var hann settur á börur og upp í sjúkrabíl. Ég var með aftur í bílnum og fylgdist með vonlitlum tilraunum þeirra til að koma honum í gang á leiðinni. Svo komum við á Landspítalann og börurnar hurfu á bak við lokaðar dyr. Nokkrum mínútum síðar kom læknir fram og tilkynnti okkur að hann væri látinn. Þetta var í einu orði sagt gífurlegt áfall.“

Annar maður sem kom í Gym 80 rétt í þann mund sem sjúkrabílarnir voru að koma var fjórfaldur sterkasti maður heims, Magnús Ver Magnússon.

„Ég var að mæta á æfingu þegar ég sé sjúkrabíla koma þarna að og þegar ég gekk inn í salinn sé ég að það er verið að reyna að hnoða lífi í Jón Pál. Þetta voru svakalegar mínútur og eitthvað sem maður gleymir aldrei.“

Síðustu orð Jóns Páls áður en hann lokaði augunum í hinsta sinn voru þessi:

„Strákar, ég held það sé að líða yfir mig.“

# Jólasteikin

Iceland býður girnilegt úrval af hátíðarmat á frábæru verði.




Gæðafæði hamborgarhr. m. beini
1.698 kr. kg

Taðreykt hangilæri, úrbeinað
2.998 kr. kg

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## Fjölbreytt úrval fyrir matgæðinga

- Reyktar andabringur
- Ensk önd
- Fasanabringur
- Hreindýralund
- Fersk kalkúnabringa
- Kengúrufillet
- Skosk rjúpa




OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

ICELAND ENGIHJALLA

Iceland

# VILD

# 100

## HEPPNIR VILDARÁSKRIFENDUR FÁ JÓLAKÖRFU (GJAFAKORT) FRÁ BÓNUS AÐ VERÐMÆTI 30.000 KR.

Skráðu þig á **stod2.is/vild**

Hvert skráð greiðslukort gildir sem þátttökumiði

50 körfur verða dregnar út í Íslandi í dag **13. desember** og 50 körfur **20. desember**

Vinsælar jólavörur í Bónus






# Vild er snilld

**Vildaráskrifendur geta hæglega sparað sér sem nemur áskrift að t.d. Skemmtipakkanum með því að nýta sér afsláttina sem bjóðast hjá samstarfsfyrirtækjum okkar í Stöð 2 Vild.**

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ!



## Samsung Sjónvarp 46" LED
**UE46F5005AK**

- 46 tommur
- LED
- Clear Motion Rate: 100 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD

SPARAÐU 45.000 KR!

**199.990 kr.**

Vildarverð

**154.990 kr.**

Skemmtipakkinn + þetta tæki
= 20.899 kr. á mánuði (vaxtalaust í 12 mánuði)




## Samsung Sjónvarp 46" LED 3D
**UE46F8005ST**

- 46 tommur
- LED 3D Smart TV
- Clear Motion Rate: 1000 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD
- Baklýsing

SPARAÐU 150.000 KR!

**499.900 kr.**

Vildarverð

**349.900 kr.**

Skemmtipakkinn + þetta tæki
= 37.073 kr. á mánuði (vaxtalaust í 12 mánuði)

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

**Hægt er að ganga frá kaupum í Samsung Setrinu Síðumúla 9 og hjá 365 í Skaftahlíð 24**

## ÚKRAÍNUBÚAR VILJA ÝMIST VERA RÚSSAR EÐA EVRÓPUBÚAR

1990 · 1991 · 1992 · 1993 · 1994 · 1995 · 1996 · 1997 · 1998 · 1999 · 2000 · 2001 · 2002 · 2003 · 2004 · 2005 · 2006 · 2007 · 2008 · 2009 · 2010 · 2011 · 2012 · 2013 · 2014

Sjálfstæði eftir hrun Sovétríkjanna, Kravtsjúk kosinn forseti.



**LEONID KRAVTSJÚK**, forseti 1991-1994

Kútsjma kosinn forseti.



**LEONID KÚTSJMA, 1994-2004** forseti, **1992-1993** forsætisráðherra

Ný stjórnarskrá, nýr gjaldmiðill.

Kútsjma endurkjörinn.

Fjöldamótmæli gegn Kútsjma forseta í september, sakaður um spillingu.

Vantraust á Jústsjenkó forsætisráðherra samþykkt á þingi, stjórn hans fellur.

Tugir þúsunda mótmæla Kútsjma í mars, afsagnar hans krafist.

Jústsjenkó sigrar naumlega þegar kosningarnar eru endurteknar í desember, Janúkóvitsj neitar að viðurkenna úrslitin en segir af sér sem forsætisráðherra.

Janúkóvitsj forsætisráðherra sigrar í forsetakosningum í nóvember, Jústsjenkó tapar naumlega, viðurkennir ekki úrslitin, sakar stjórnvöld um kosningasvindl og hvetur til fjöldamótmæla. Appelsínugula byltingin hefst.



**VIKTOR JÚSTSJENKÓ, 2004-2010** forseti, **1999-2001** forsætisráðherra, **1993-1999** seðlabankastjóri, lagði áherslu á efnahagsumbætur og að útrýma spillingu.

Jústsjenkó tekur við sem forseti í janúar, Tímósjenkó verður forsætisráðherra í febrúar en er rekin í september.

Þingkosningar í mars: Flokkur Janúkóvitsj fær flest atkvæði, flokkur Tímósjenkó næstflest, en flokkur Jústsjenkós forseta verður sá þriðji stærsti.

Þingkosningar í september. Tímósjenkó verður aftur forsætisráðherra í desember.

Janúkóvitsj sigrar í forsetakosningum, Tímósjenkó tapar en neitar að viðurkenna úrslitin og segir af sér sem forsætisráðherra í mars.

Tímósjenkó dæmd til sjö ára fangavistar fyrir að hafa misnotað völd sín.

Mannréttindadómstóll Evrópu kemst í apríl að þeirri niðurstöðu að handtaka Tímósjenkó hafi ekki staðist alþjóðalög. Fjöldamótmæli gegn stjórnvöldum hefjast í nóvember.

### ➜ Forsetinn og helstu andstæðingar hans



**VIKTOR JANÚKÓVITSJ, 2010-** forseti, **2002-2007** forsætisráðherra.



**JÚLÍA TÍMÓSJENKÓ, 2005 (jan.-sept.) og 2007-2010** forsætisráðherra, **1999-2001** orkumálaráðherra, **2010** handtekin, dæmd til sjö ára fangavistar 2011.



**ARSENÍ JATSENJÚK,** leiðtogi flokks Tímósjenkó.



**VITALI KLITSJKÓ,** Heimsmeistari í boxi í þungavigt og einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar.



**PETRO POROSJENKÓ** Áhrifamikill stjórnarandstæðingur. Styður aðild Úkraínu að ESB.



**OLEH TJANÍBOK** Leiðtogi Frelsisflokksins, umdeilds flokks hægri þjóðernissinna

# Veigra sér við að styggja Rússa

Allt hefur logað í mótmælum í **Úkraínu** frá því Janúkovitsj forseti ákvað að hætta við ESB-samstarf. Ástandið minnir á appelsínugulu byltinguna fyrir níu árum, þegar einnig var tekist á um hvort rækta eigi tengslin við Evrópu eða Rússland.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



Íbúar Úkraínu skiptast dálítið í tvo hópa eftir því hvort þeir búa í austurhluta landsins og aðhyllast náin tengsl við Rússland, eða í vesturhlutanum og vilja frekar halla sér að Evrópu. Þessi klofningur hefur hvað eftir annað brotist út í pólitískum átökum, og munar þar mest um appelsínubyltinguna svonefndu veturinn 2004 til 2005.

Fjöldamótmælin núna minna mjög á ástandið fyrir níu árum, ekki síst vegna þess að þá, rétt eins og nú, snerust deilurnar um það hvort Úkraína eigi að leggja meiri áherslu á tengslin við Evrópu eða tengslin við Rússland.

Mótmælin beinast líka að mestu gegn sama manninum, þá og nú, nefnilega Viktori Janúkóvitsj, sem var nýkjörinn forseti í umdeildum kosningum haustið 2004 og situr einnig nú í stóli forseta Úkraínu.

#### Þrýstingur Rússa

Mótmælin nú hófust eftir Janúkóvitsj lét undan þrýstingi frá Vladimír Pútín Rússlandsforseta, sem virðist ekki geta hugsað sér að Úkraína halli sér frekar að Evrópu en Rússlandi. Janúkóvitsj hætti nýlega við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið, en hafði fram að því barist fyrir því að þessi samningur yrði að veruleika.

Rússar beittu meðal annars ýmsum viðskiptaþvingunum til að ná fram vilja sínum, svo sem að stöðva allan innflutning á súkkulaði frá úkraínsku sælgætisverksmiðjunni Roshen.

#### Náin tengsl

Tengsl Rússlands og Úkraínu hafa lengi verið náin. Um sautján prósent íbúa landsins telja sig til Rússa og tungumálin eru auk þess náskyld, svo náin reyndar að álitamál verður að teljast hvort réttara sé að tala um tvö sjálfstæð tungumál eða tvær mállýskur sama tungumáls.

Úkraína losnaði undan yfirráðum Rússa þegar Sovétríkin liðu undir lok árið 1991, Leoníd Kravtsjúk, fyrsti forseti sjálfstæðrar Úkraínu, þurfti að hafa töluvert fyrir því að verja hið nýfengna sjálfstæði gegn þrýstingi frá Rússum. Samskiptin við Rússland bötnuðu hins vegar til muna eftir að Leoníd Kútsjma tók við forsetaembættinu árið 1994, og með betri tengslum við Rússa styrktist jafnframt efnahagur Úkraínu.

#### Appelsínugula uppgjörið

Í kosningunum 2004 varð hins vegar pólitískt uppgjör í Úkraínu, þegar Viktor Jústsjenkó, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem hafði verið forsætisráðherra í hálft annað ár um aldamótin bauð sig fram til forseta á móti Viktori Janúkóvitsj, sem naut stuðnings Kútsjmas.

Jústsjenkó naut hins vegar stuðnings frá Júlíu Tímósjenkó, kraftmiklum stjórnmálaleiðtoga sem átti að verða forsætisráðherra ef Jústsjenkó myndi sigra.

Jústsjenkó hafði lagt áherslu á efnahagsumbætur og baráttu gegn spillingu, en tapaði naumlega fyrir Janúkovitsj, sem var fulltrúi þeirra sömu stjórnvalda, sem Jústsjenkó gagnrýndi fyrir spillingu.

Margt benti til þess að svindlað hafi verið við talningu atkvæða, og þá hófust fjöldamótmæli í borgum landsins, appelsínugula byltingin sem á endanum náði því fram að kosningarnar voru endurteknar: Janúkovitsj missti hið nýfengna embætti en Jústsjenkó komst til valda með óskorað umboð til þess að takast á við spillinguna.

Byltingin í Úkraínu fór friðsamlega fram en virtist ætla að hafa mikil áhrif. Kosningasvindl hefur varla þekkst í Úkraínu síðan og stjórnarskrárbreytingar voru gerðar, þannig að dregið var úr völdum forseta.




**MÓTMÆLIN Í KÍEV** Mótmælendur virðast staðráðnir í að halda áfram þangað til Jústsjenkó forseti annaðhvort segir af sér eða gefur eftir, hunsar þrýstinginn frá Pútín Rússlandsforseta og undirritar samstarfssamning við Evrópusambandið NORDICPHOTOS/AFP

#### Appelsínugula upplausnin

Appelsínugula byltingin í Úkraínu fór hins vegar fljótlega út um þúfur, að því er virðist vegna innbyrðis ágreinings þeirra Timosjenkó og Jústsjenkós. Timosjenkó féll í ónáð og afplánar nú fangelsisdóm, sem Mannréttindadómstóll Evrópu telur ekki standast alþjóðalög.

Evrópusambandið hafði meðal annars krafist þess, að Tímosjenkó fengi að fara úr landi til að fá læknishjálp annars staðar, en hún hefur þjáðst í baki undanfarin misseri og því verið á sjúkrahúsi megnið af þeim tíma sem hún hefur setið inni.

Til þess þurfti að breyta lögum, en Janúkovitsj fékkst ekki til þess og gat því ekki mætt til leiks á leiðtogafundi Evrópusambandsins í lok síðasta mánaðar til að undirrita samstarfssamninginn.

Það var Tímosjenkó sem þá hvatti fólk til að halda út á götur að mótmæla, ekki ófrelsi sínu reyndar heldur því að ekkert varð úr samstarfssamningnum. Tímósjenkó á því sinn stóra þátt í þessum nýjum mótmælum, ekki síður en hinum fyrri.

> ➜ Úkraínuforseti sætir nú þrýstingi úr tveimur áttum: frá mótmælendum og frá Pútín Rússlandsforseta

#### Mótmælin halda áfram

Upp úr sauð svo um síðustu helgi þegar óeirðalögreglan réðst harkalega til atlögu gegn mótmælendum. Ofbeldið varð meira en dæmi voru til í appelsínugulu byltingunni, sem hafði gengið að mestu friðsamlega fyrir sig.

Miklu gæti einnig skipt að á miðvikudaginn sendu þrír fyrrverandi forsetar landsins, þeir Leoníd Kravtsjúk, Leoníd Kútsjma og Viktor Jústsjenkó, frá sér sameiginlega yfirlýsingu um stuðning við kröfur mótmælenda.

Þrýstingurinn eykst þar með á Janúkóvitsj, sem fyrir sitt leyti hafði reyndar ekki lýst því yfir að hann væri endanlega hættur við samstarfssamning við Evrópusambandið. Hann vildi bara fá að setjast að einhvers konar samningaborði með fulltrúum bæði frá Evrópusambandinu og Rússlandi.

Úkraínumenn virðast þannig flestir í reynd vilja að samstarfssamningurinn við ESB verði að veruleika. Allt virðist þetta þá snúast um að styggja ekki Rússa, og þar er hinum öfluga og óbilgjarna Pútín forseta að mæta.

Hverju mótmælin fá áorkað gagn honum er ekki gott að sjá. Mótmælendurnir virðast hins vegar ekkert vera á þeim buxunum að draga sig í hlé alveg á næstunni.

# Skúlagata 40

101 Reykjavík
Íbúð í góðu lyftuhúsi í 101.

**Stærð: 117,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 28.850.000**

RE/MAX Senter




**OPIÐ HÚS MÁNUDAG 9.DES KL 18:00-18:30** **Verð: 29.900.000**

RE/MAX SENTER KYNNIR:Falleg 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri við Skúlagötu 40 auk sér bílastæðis í upphitaðri bílageymslu. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. Frábær staðsetning þar sem stutt er í ýmsa þjónustu, mynddyrasími er í húsinu. Íbúðin sjálf er skráð 102,6 fermetrar og afgirt stæði í bílageymslu, skráð 15 fermetrar samkvæmt Fasteignamati samtals 117,6 fermetrar.Allar nánari upplýsingar um eignina veitirGunnar Sverrir í síma 8622001 gunnar@remax.is


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Skipalón 20

220 Hafnarfjörður
Rúmgóð fjögra herbergja íbúð

**Stærð: 127,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 30.100.000**

RE/MAX Senter




**OPIÐ HÚS MÁNUDAG 9.DES KL 17:00-17:30** **Verð: 34.900.000**

RE/MAX SENTER KYNNIR:FALLEGA 4 HERBERGJA ÍBÚÐIÐ FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI Í LYFTUFJÖLBÝLI VIÐ SKIPALÓN 20 Á HVALEYRARHOLTI Í HAFNARFIRÐI.

Lýsing eignar:Glæsileg 127,5 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð merkt 206 í stigagangi nr. 20, ásamt stæði í bílageymslu merktu B44, tvennar svalir suð vestur og norð austur, tvö baðherbergi.
Allar nánari upplýsingar um eignina veitirGunnar Sverrir í síma 8622001 gunnar@remax.is


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Barmahlíð 20

108 Reykjavík
Sérhæð með sérinngangi.

**Stærð: 107,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1947**
**Fasteignamat: 26.800.000**

RE/MAX Senter



**Bóka skoðun hjá Ástþóri í síma 8996753** **Verð: 38.900.000**

Góð 4ra herbergja sérhæð á fyrstu hæð í Hlíðunum. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, hol/gang, tvær stofur, baðherbergi og tvö svefnherbergi á svefngangi, ásamt sameign í kjallara.Eldhúsið er nýlega endurnýjað - flísalagt með hita í gólfi og góðum borðkrók.Baðherbergið var endurnýjað fyrir fáum árum og er allt flísalagt. Vönduð sérsmíðuð eikarinnrétting og rúmgóð sturta. Suðurgarður. Endurnýjuð drenlögn og skólplagnir. Þak málað sumarið 2013.
Góð eign, með sérinngangi, á vinsælum stað.


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Akurhvarf 3

203 Kópavogur
Mikil yfirtaka

**Stærð: 77,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 19.650.000**

RE/MAX Senter



**Bóka skoðun hjá Ástþóri í síma 8996753** **Verð: 24.900.000**

Falleg og rúmgóð 2ja herbergja íbúð á vinsælum stað í Kópavogi. Íbúðin er í nýlegu viðhaldslitlu lyftuhúsi með fallegu útsýni. Með íbúðinni fylgir sér stæði í bílgeymslu.Íbúðin skiptist í forstofu með flísum á gólfi, innaf forstofunni er sér þvottahús. Stofan/borðstofan er opin með eldhúsinu. Á stofunni er parket, einnig er útgengi út á svalir úr stofunni. Eldhúsið er með fallegri eikar innréttingu og flísum á gólfi.


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Furubyggð 23

270 Mosfellsbær
Gott parhús á einni hæð

**Stærð: 231,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 43.050.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter



**Bóka skoðun hjá Ástþór í síma 899-6753** **Verð: 46.500.000**

Fallegt og vel skipulagt parhús á rólegum stað í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og telur alls 231,9fm. Eignin skiptist í forstofu, hjónaherbergi/sjónvarpsherbergi, fataherbergi, eldhús, borðstofu, stofu, baðherbergi, innbyggðum bílskúr, sérstæðum bílskúr og kjallara. Á gólfunum er niðurlímt gegnheilt viðarparket, innihurðarnar eru yfirfeldar og sprautulakkaðar. Garðurinn er með timburpalli út frá stofu.
Á lóðarmörkunum rennur fallegur lækur. Að framan er bílaplönin hellulögð.


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Rauðagerði 39

108 Reykjavík
Tveggja íbúða hús - miðsvæðis

**Stærð: 357,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 8-9**
**Byggingarár: 1982**
**Fasteignamat: 64.850.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Borg




**Opið hús mánudag kl. 18.00-18.30** **Verð: 69.900.000**



RE/MAX Borg og Þóra kynna vandað, tveggja íbúða hús í Smá-íbúðahverfinu.
Um er að ræða efri hæð og hluta neðri hæðar ásamt bílskúr á sér fastanr. annarsvegar (alls 267 fm.) og fallega íbúð með sérinngangi og sér-fastanúmeri á neðri hæð (tæpir 90 fm.) hinsvegar. Stærri hluti eignar skiptist í; Rúmgóða forstofu, stofur með mikilli lofthæð og útgangi út á svalir mót vestri, rúmgott eldhús með góðum borðkrók og búri, baðherbergi og 3 herbergi. Á neðri hæð eru tvö góð herbergi, sjónvarpshol, stórt þvottahús og stór geymsla. Bílskúr er 33.4 fm. með rafmagni, vatni, hillum, innréttingu og gluggum.
Sér-íbúð á neðri hæð skiptist í; Forstofu, stóra stofu með góðum gluggum, svefnherbergi, stórt baðherbergi með þvottaaðstöðu og opnu rými. Möguleiki er á að fá eitt herbergi í viðbót út frá stofu. Einfalt er að sameina eignina í eina heild. Húsið hefur ávallt fengið gott viðhald, m.a. er nýr þakkantur.
Þetta er vönduð eign í grónu umhverfi með útsýn til norðurs yfir til Esjunnar.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

# Skipholt 44

105 Reykjavík
Glæsileg sérhæð með bílskúr

**Stærð: 165,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1958**
**Fasteignamat: 35.100.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús sunnudaginn 8.des 16:00-16:30** **Verð: 39.900.000**

RE/MAX LIND KYNNIR: Mjög fallega og vel skipulagða 4ra herbergja sérhæð á 2. hæð með bílskúr við Skipholt 44 í Reykjavík. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er íbúðin 137,6 fm. og bílskúrinn 28 fm. Bílskúrinn er með hita, heitu-, og kölduvatni. Geymsla með glugga er á jarðhæð sem gæti nýst sem vinnuherbergi. Tvennar svalir. Allar nánari upplýsingar á og utan opnunartíma veitir: Halldór Már Sverrisson lögg. fasteignasali og viðskiptafr. í síma 898 5599 eða halldor@remax.is


Halldór Már
Lögg. fasteignasali
**898 5599**
halldor@remax.is

# Sogavegur 162

108 Reykjavík
Glæsilegt parhús

**Stærð: 130,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2013**
**Fasteignamat: 44.750.000**

RE/MAX Alpha




**Opið hús laugard. 7 des. kl.16-16.30** **Verð: 34.900.000**

Nýtt vel skipulagt parhús á tveim hæðum. Í húsinu eru tvær íbúðir 130,5 fm hvor. Fallegt útsýni til Esjunnar.
Húsin verða afhent tilbúin að utan og einangruð að innan. Möguleiki á að fá þau afhent lengra komin og fullbúin. Neðri hæð: 3 svefnerbergi, bað og þvottahús. Efri hæð: Stofa, borðstofa og eldhús.


Ársæll Ó. Steinmóðsson
Sölufulltrúi
**896-6076**
as@remax.is


Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Stórhöfði 15

110 Reykjavík
IÐNAÐAR-VERSLUNARHÚSNÆÐI

**Stærð: 696,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 1988**
**Fasteignamat: 63.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha



**EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA** **Verð: 79.900.000**

Einstaklega vel staðsett 696,6 fm iðnaðar/verslunarhúsnæði á Stórhöfða. Hægt er að skipta húsnæðinu niður í einingar – 3 inngangar eru í húsnæðið og býður það uppá mikla möguleika. Eignin stendur á horni Stórhöfða og Höfðabakka með fallegu útsýni yfir Grafarvoginn og Bryggjuhverfi. Gluggar eru á norður, austur og hluta af vestur hlið hússins. Eignin samanstendur af verslun og þremur lagerrýmum, en þó er þetta í dag eitt stórt rými. Upplýsingar veitir Þórdís í síma 8621914 eða thordis@remax.is


Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
**8621914**
thordis@remax.is


Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**




**LÉTTUR Í LUND** Guðni Ágústsson hefur hitt margt fólk og mörg dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Migið í klósett ráðherrans

Í bókinni Guðni – Léttur í lund segir **Guðni Ágústsson**, fyrrverandi ráðherra, sögur af sjálfum sér og fólki sem hann hefur mætt á lífsleiðinni. Við sögu koma allt frá óþekktum bændum úr Flóanum til þjóðþekktra stjórnmálamanna.

**Guðni – Léttur í lund**
**Gamansögur og litríkir samferðamenn**
Höfundur: **Guðni Ágústsson**
Útgáfa: **Veröld**
Fjöldi síðna: **251 bls.**

Þegar Finnur Ingólfsson varð iðnaðarráðherra lagði hann mikla vinnu í að efla iðnaðinn, ekki síst lítil og meðalstór fyrirtæki. Oft voru haldnir „Íslenskir dagar, já takk“ á vegum iðnaðarins og ráðuneytisins víða um land. Eitt sinn voru þessir dagar helgaðir sunnlenskum fyrirtækjum. Boðsbréfinu lauk með þessari setningu árið sem Ólafur Ragnar Grímsson var í fyrsta sinn með í förinni, en sjálfstæðismenn nefndu hann stundum „stórgripinn“: „Að lokum verður farið í stórgripasláturhús á Hellu þar sem forsetinn verður kvaddur.“

### Hver er dánartíðnin á Íslandi?

Danski heilbrigðisráðherrann kom í opinbera heimsókn til starfsbróður síns, Jóns Kristjánssonar, og var auðvitað skeggrætt um heilbrigðismál. Þar kom að því að sá danski bar upp mjög sérstaka spurningu og stóðu sérfræðingarnir á gati og horfðu hver á annan. Hann spurði: „Hver er dánartíðnin hjá ykkur á Íslandi?“ Þögn sló á Íslendingana við spurninguna, en Jón ráðherra svaraði og varð fyrstur að átta sig við mikinn létti viðstaddra. Jón sagði með sinni hægð: „Ja, alveg eins og hjá ykkur, það er eitt á mann.“ Með þennan vísdóm fór sá danski heim og varð síðar forsætisráðherra.

### Hann kýs þig ekki oftar, hann Mundi minn

Alþingismenn leggja mikið á sig til að rækta kjósendur sína og eru viðstaddir héraðshátíðir og mannamót. Þeir fylgja vinum sínum til grafar og leggja mikið á sig til að geta það og oft í vondum veðrum. Ingibjörg Pálmadóttir var mjög duglegur þingmaður og sótti jarðarfarir eins og starfsbræður hennar. Þegar Guðmundur bóndi í Dalsmynni í Eyjahreppi var jarðaður um hávetur var ófærð og hálka á vegum. Margrét Guðjónsdóttir kona hans, hinn snjalli hagyrðingur, var mjög glaðlynd og eins og hún sagði sjálf, með „létt skap og liðugan talanda“. Þegar Ingibjörg var að þakka fyrir sig og kveðja hana, sagði hún: „Ég skil ekkert í þér, Ingibjörg mín, að vera að skælast þetta í vitlausu veðri illa búin í hælaháum skóm. Hann Mundi kýs þig hvort sem er ekki oftar.“

### Skreiðin og Guðrún Helga

Garðar Sigurðsson alþingismaður stundaði sjómennsku með kennarastarfi í Vestmannaeyjum. Hann þekkti því vel til sjávarútvegsmála á Alþingi en honum þótti stundum skorta þekkingu samstarfsmanna. Eitt sinn fór hann mikinn í þingræðu um sjávarútvegsmál og hafði skreið komið til tals. Guðmundur J. Guðmundsson snýtti sér hressilega og kallaði fram í ræðu Garðars: „Viltu ekki koma með sýnishorn?“ Þá kallaði Guðrún Helgadóttir fram í: „Slíkt er óþarfi, það eru margar skreiðar hér á Alþingi.“ Garðar horfði stundarkorn yfir efri brún gleraugnanna eins og hann gerði oft, nú beint á Guðrúnu og gerði örstutt hlé á máli sínu. Svo sagði hann af þunga: „Það er rétt, Guðrún mín, það er ýmislegt farið að þorna hérna inni.“

### Þingsæti hrökk úr höndum hans

Baldur Óskarsson yfirgaf Framsóknarflokkinn með Möðruvallahreyfingunni, en hann var formaður SUF og stóðu þeir Ólafur Ragnar Grímsson saman þar í forystu. Baldur varð síðar frambjóðandi Alþýðubandalagsins í Suðurlandskjördæmi í öðru sæti á eftir Garðari Sigurðssyni alþingismanni. Baldur fór mikinn í kosningabaráttunni enda voru kosningarnar sigurkosningar A-flokkanna 1978. Hvollinn var troðfullur af fólki á framboðsfundi allra flokka, allt að þúsund manns og útvarpað. Baldur er áheyrilegur, með djúpa og fagra bassarödd og mjög góður ræðumaður. Hann var á miklu flugi þetta kvöld, mælskur og orðfimur og heillaði kjósendur, átti fundinn. En þegar hann í lok ræðu sinnar sagði af miklum þunga og steytti hnefann að sið vinstrimanna: „Við framsóknarmenn,“ ætlaði allt af göflunum að ganga, menn hlógu og klöppuðu (enda mönnum í fersku minni að Baldur hafði verið framsóknarmaður). Þegar hann loksins komst að, tókst honum að segja: „Við framsóknarmenn vil ég segja þetta.“ Margir töldu að þarna hefði þingmannssætið hrokkið úr höndum hans og tungunni væri það tamast sem hjartanu væri kærast.

### Ég heimsótti kúreka norðursins

Hallbjörn Hjartarson varð þjóðþekktur söngvari og reisti Kántríbæ á Skagaströnd. Þegar ég var þar á ferð með hópi manna, nýorðinn landbúnaðarráðherra, gekk Hallbjörn á móti mér, hneigði sig djúpt í leðurfötunum og sagði: „Þú ert hin landsfræga eftirherma, Jóhannes Kristjánsson.“ Ég jánkaði því og þarna snerist hann kringum mig alla heimsóknina á safninu og sagði í lokin. „Jóhannes, það er nú lágmark að þú hermir eftir einhverjum stjórnmálamanni áður en þú ferð.“ Ég sagði: „Það skal ég gera og er þá ekki best að ég taki nýja landbúnaðarráðherrann, hann Guðna Ágústsson.“ Mæltist þetta vel fyrir og hermdi ég eftir sjálfum mér nokkra stund við mikinn fögnuð. Var það almannarómur á eftir hversu snjöll eftirherma Jóhannes Kristjánsson væri.

### Las þær allar

Þegar ævisaga Guðna Ágústssonar kom út árið 2007 fengu margir framsóknarmenn fleiri en eina í jólagjöf. Einn þeirra var Árni Sigurðsson bóndi í Marbæli í Skagafirði en hann fékk þrjú eintök af Guðni af lífi og sál. Nágrannar hans hentu gaman að þessu. Sóknarpresturinn, sjálfstæðismaðurinn séra Gísli Gunnarsson í Glaumbæ, hitti Árna á förnum vegi og spurði kankvís: „Ertu búinn að skila bókunum um Guðna í Kaupfélagið?“ „Nei, nei,“ sagði Árni, „ég las þær allar og sú síðasta var best.“

### Migið í klósett ráðherrans

Einhverju sinni meðan ég var landbúnaðarráðherra komu á pallinn til okkar Margrétar, í Jórutúnið á Selfossi, borgfirskir sauðfjárbændur, en þeir voru á ferðalagi um Árnessýslu. Þetta var fallegur vetrarmorgunn, bjart og kalt og sólin skein, Ölfusá í klakaböndum, kaupfélagið og kirkjan handan árinnar. Í þessum hópi voru margir ágætir menn, meðal annarra Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson í Bakkakoti, núverandi formaður Bændasamtakanna, og Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka, einstakur höfðingi, forystumaður bænda og hagyrðingur góður. Við gáfum gestum okkar meðal annars harðfisk, bjór og íslenskt brennivín. Magnús lýsti stundinni með eftirfarandi vísu:

*Á Selfossi ég gerði stuttan stans,*
*það stirndi á ánni í sólarglans.*
*Nú hef ég komið mér til manns*
*og migið í klósett ráðherrans.*

### Sú sú, hvað er það?

Fljótlega eftir að ég var í Kína sendu þeir heila nefnd hingað og nú voru það skógræktarmenn sem komu. Ég hélt þeim ærlegt boð í Ráðherrabústaðnum. Þar bar margt á góma og spurði ég nú hvernig þeir segðu „tré“ á kínversku? „Það er sú,“ sögðu þeir. „Hvernig segið þið þá skógur?“ spurði ég? „Það er sú sú,“ sögðu þeir. Sem sé, þar sem tvö tré koma saman, þar er skógur. Í

> **Þegar ég var þar á ferð með hópi manna, nýorðinn landbúnaðarráðherra, gekk Hallbjörn á móti mér, hneigði sig djúpt í leðurfötunum og sagði: „Þú ert hin landsfræga eftirherma, Jóhannes Kristjánsson.“**

frægu áramótaskaupi hafði ég í gervi Jóhannesar Kristjánssonar sem landbúnaðarráðherra sagt við bændur: „Munið svo að þar sem tvö tré koma saman, þar er skógur, drengir.“ Þetta var þá alþjóðleg vitneskja og oft vitnaði ég til tveggja trjáa eftir þetta. Þetta áramótaskaup varð mjög frægt og héldu víst margir að ég hefði verið þarna sjálfur, svo trúverðugur var Jóhannes og gerði þetta vel.

### Guðjón fingur

Guðjón Sigfússon var mikill ágætismaður á Selfossi. Hann var bróðir Matthíasar myndlistamanns. Guðjón var dálítið fljóthuga. Hann vann á trésmíðaverkstæði Kaupfélagsins og þar varð hann fyrir því slysi að missa fingur í vélsög. Þegar Guðjón kom aftur úr veikindafríinu sagði einhver við hann: „Hvernig fórstu að þessu, Guðjón minn?“ „Það var nú lítið mál,“ sagði Guðjón, „ég gerði bara svona,“ og um leið renndi hann hendinni eftir borði vélsagarinnar og flugu nú tveir fingur í viðbót. Þetta varð til þess að hann var alltaf kallaður Gaui putti manna á milli. Guðjón var með rammagerð heima hjá sér til að drýgja tekjurnar. Eitt sinn ætlaði kurteis maður að biðja hann um að ramma inn fyrir sig en fannst þetta hálfasnalegt að maðurinn héti Gaui putti. Þegar hann barði að dyrum og kona Guðjóns kom til dyra, sagði hann: „Er Guðjón fingur heima?“

GOLF-VÖRUR

Gerðu góð kaup fyrir jólin!

FRÁBÆRT VERÐ!

# ÚTSÖLU-MARKAÐUR

# INTERSPORT

ER Í FULLUM GANGI – EKKI MISSA AF ÞESSU

## OPIÐ ALLA DAGA 13:00–18:00




SKÓR

FLOTTAR MERKJAVÖRUR Í JÓLAPAKKANN

ÍÞRÓTTA-FATNAÐUR

GERÐU ÓTRÚLEGA GÓÐ KAUP Á ALVÖRU ÍÞRÓTTAFATNAÐI

adidas McKINLEY RÖHNISCH PRO TOUCH etirel Newline ENERGETICS

TaylorMade ODYSSEY Titleist Cougar cross PING cobra Callaway GOLF Wilson Staff

ÚTSÖLUMARKAÐUR INTERSPORT / MIÐHRAUNI 2, 210 GARÐABÆ / OPIÐ ALLA DAGA 13:00-18:00.


netto
Í JÓLASKAPI
BAYONNESTEIK
ÚR ÍSL. REYKTUM GRÍSAHN.
-50%
999
ÁÐUR 1.998 KR/KG
HANGILÆRI
M/BEINI - KJÖTSEL
-26%
1.997
ÁÐUR 2.698 KR/KG
LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.884
ÁÐUR 2.298 KR/KG
ÖND
HEIL - 2,3 KG
1.392
ÁÐUR 1.698 KR/KG
KALKÚNN
FRANSKUR
1.274
ÁÐUR 1.592 KR/KG
Organic Pizza
Margherita
Organic Pizza
Mozzarella & Pesto
PIZZA
ORGANIC- 3 TEG
498
ÁÐUR 579 KR/STK
coop
Baguettes
coop
Baguettes
HVÍTLAUKSBRAUÐ
COOP - FÍNT/GRÓFT
199
ÁÐUR 299 KR/PK
JARÐARBER
250 G
-50%
299
ÁÐUR 598 KR/PK
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**KJÚKLINGALEGGIR**
NETTÓ
**782**
ÁÐUR 878 KR/KG

**JÓLALEIKUR NETTÓ**

kauptu **kippu af 4x2l Coke** og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir. Nánari uppl. í verslunum.

Dregið **23.12** 2013




**5 heppnir** vinningshafar verða dregnir út í hverri nettó verslun!

**COCA COLA**
-LIGHT - ZERO
4 x 2L
**999**

markhönnun ehf



**KJÚKLINGAVÆNGIR**
HVÍTLAUKS
-43%
**398**
ÁÐUR 698 KR/KG

# JÓLAHÚS NETTÓ OPNAR 6. DESEMBER

Mjódd | Akureyri | Njarðvík | Borgarnes | Egilsstaðir | Selfoss | Grandi



## OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| VIRKIR DAGAR | 12 – 19 |
| LAUGARDAGAR | 12 – 18 |
| SUNNUDAGAR | 12 – 18 |
| 19. - 23. DES. | 12 – 22 |
| AÐFANGADAG | 10 – 12 |

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið.



**SÚKKULAÐITERTA**
1/2
**559**
-30%
ÁÐUR 798 KR/STK




TE & KAFFI
**JÓLAKAFFIÐ**
400G MALAÐ
KOMIÐ Í VERSLANIR



**FROSIN BER**
BLÁ-,HIND-,SKÓGARBER
-25%
**299**
ÁÐUR 398 KR/PK

MUNIÐ GJAFAKORTIN



**Tilboðin gilda 5. - 8. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**SPIKE LEE** Frægðarsól hans er á hraðri niðurleið í Hollywood og Oldboy er enn eitt vindhöggið.

# Fallandi gengi Spike Lee

Spike Lee ákvað að endurgera suður-kóreska meistaraverkið Oldboy. Myndin hefur fengið slæma gagnrýni og hræðilega aðsókn.

Það voru margir hissa yfir ákvörðun bandaríska leikstjórans Spike Lee að endurgera suður-kóreska meistaraverkið Oldboy. Myndin kom út árið 2003 og var hluti af hefndarþríleik Park Chan-wook. Hún vann til verðlauna á Cannes og sjokkeraði fólk víða um heim fyrir gróft ofbeldi og senu þar sem aðalleikarinn leggur sér lifandi kolkrabba til munns.

Spike Lee er hins vegar ekki þekktastur fyrir gróft ofbeldi eða dýraníð. Hans bestu myndir, Do the Right Thing, Malcolm X eða Mo' Better Blues, voru tímamótaverk – leikstýrt af svertingja, með svarta leikara í helstu hlutverkum og fjölluðu um menningu og sögu svarts fólks í Bandaríkjunum. Reyndar hefur Spike Lee aldrei fyrirgefið Óskarsakademíunni fyrir að „sniðganga sig“ árið 1989 þegar Driving Miss Daisy vann Óskarinn en Do the Right Thing var ekki tilnefnd sem besta mynd þrátt yfir að hafa verið talin ein besta mynd þess árs.

Nýja Oldboy-myndin hefur fengið misjafna dóma. Hún skartar Josh Brolin í aðalhlutverki sem þykir standa sig ágætlega. Suður-kóreska útgáfan var skemmtilega „skrýtin“ en endurgerðin nær víst ekki að fanga anda fyrri myndarinnar. Enda hefur hún gjörsamlega „floppað“ í miðasölu. Framleiðendur áttu erfitt með að markaðssetja myndina, hún var sýnd í fáum sölum og halaði á endanum aðeins 1,2 milljónir Bandaríkjadollara í aðgangseyri. Myndin kostaði um 30 milljónir dollara í framleiðslu og því ljóst að einhverjir fjárfestar sitja eftir með sárt ennið.

Gengi Oldboy setur spurningamerki við tilgang þess að endurgera annars frábærar myndir. Stundum virkar það, eins og þegar Martin Scorsese endurgerði Infernal Affairs sem The Departed, en yfirleitt er endurgerðin aðeins skuggi af upprunalegu myndinni og bætir litlu við.

Ég hvet lesendur til að kynna sér hefndarþríleik Park Chanwook. Þrátt fyrir að Oldboy hafi notið mestra vinsælda eru hinar tvær myndirnar, Lady Vengeance og Sympathy for Mr. Vengeance, engu síðri. Allar fjalla þær um hefndina í margvíslegu formi. Kannski mætti lýsa þeim sem asískum útgáfum af Íslendingasögunum þar sem heiðurinn er framar öllu. Að minnsta kosti eru þær ekki fyrir viðkvæmar sálir.

Símon Birgisson

## APP VIKUNAR




### Paper

**Frítt app fyrir þá sem vilja búa til teikningar og listaverk.**
App vikunnar er teikniforritið Paper. Teikniforritið er ókeypis og er frá bandaríska fyrirtækinu 53 Studios. Appið, sem er um eins og hálfs árs, er eingöngu fáanlegt fyrir iPad og þykir einkar skemmtilegt og þægilegt í notkun. Forritið er kjörið til að halda utan um hugmyndir, hvort sem það eru teikningar, útlínur, litir eða bara hvað sem er.

Paper er skemmtileg viðbót og það er einfalt að teikna flottar myndir í því. Hægt er að velja um mismunandi bursta og penna en sumir þeirra kosta aukalega. Maður býr til skissu- eða teiknibækur og getur skreytt þær að utan. Í hverja bók er svo hægt að teikna að vild og halda skipulega utan um listaverkin. Það er mikill kostur að þurfa ekki að dröslast með allar skissu- og teiknibækurnar með sér út um allt, nú er hægt að hafa allt í iPadinum.

Mikið úrval er af litum, til dæmis er hægt að fá vatnsliti. Hægt er að sækja appið á AppStore og er það frítt. Paper virkar eingöngu fyrir iPad.

**Skýringar** App fyrir Apple-tæki

Yfirheyrslan Óttar M. Norðfjörð rithöfundur

# Fyndnast þegar fólk dettur á rassinn



**1** **Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?** Ég hef heyrt að fólk haldi að ég sé leiðinlegur. Það er alls ekki rétt. Ég er mjög skemmtilegur.

**2** **Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?** Að ég horfi á rómantískar gamanmyndir og fótbolta. Fólki finnst það yfirleitt mjög skrítið en ég veit ekki hvers vegna.

**3** **Hvað kemur út á þér tárunum?** Krúttleg dýr, en ég myndi náttúrulega aldrei viðurkenna það opinberlega.

**4** **Hvað gerir þig reiðan?** Mér finnst leiðinlegt að vera reiður, þess vegna reyni ég að verða ekki reiður, en uppsagnirnar hjá RÚV gera mig reiðan.

**5** **Hvað er fyndnast í heimi?** Fólk að detta á rassinn.

**6** **Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Einfaldir hlutir sem verða einhverra hluta vegna flóknir.

**7** **Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?** Ég bý mikið á Spáni og þá fer maður sífellt að meta þögnina meira.

**8** **Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?** Ef ég er ekki sofandi sjálfur ligg ég líklega andvaka og bölva því að vera ekki sofandi.

**9** **Hvaða frægu persónu ertu skotinn í?** Jennifer Connelly, Penélope Cruz, Monicu Bellucci. Og auðvitað Ryan Gosling.

**10** **Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?** How to Survive on a Deserted Island eftir Tim O'Shei, smáskífuna Always Look on the Bright Side of Life og The Great Escape með Steve McQueen.

**11** **Hver er fyrsta minningin þín?** Þegar ég missti disk með brennandi heitum hafragraut yfir magann á mér.

**12** **Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár?** Ég verð vonandi ennþá í 100% vinnu sem listamaður. Það er að minnsta kosti draumurinn.

**13** **Hvað myndirðu gera við milljón borðtenniskúlur?** Fylla tóma sundlaug og synda í þeim.

**14** **Hver var æskuhetjan þín?** Þær voru nokkrar en tengdust allar íþróttum, eins og Michael Jordan, Ian Rush og Þorgrímur Þráinsson.

**15** **Skapar fegurðin hamingjuna?** Já, og öfugt. Þess vegna er hamingjusamt fólk fallegt og fallegt fólk er fallegt vegna þess að það er hamingjusamt.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

NÝTT

JÓLAGJAFIR 24 í Garðabæ og Skeifunni ALLAN SÓLARHRINGINN




DVD
2.499KR

## AULINN ÉG 2




LATIBÆR
JÓLAANDINN
Þáttaröð 3 - diskur 2

2.299KR




BARBIE Í
BLEIKU SKÓNUM

2.499KR

NÝTT




## FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

Allir 6 þættirnir á DVD

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS

2.499KR

EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# ÞEGAR VANDALAR LENTU Á TUNGLINU

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** sleppir gjörsamlega fram af sér beislinu og býr til – á mjög hæpnum forsendum – nýja sögu um öflugt stórveldi í Afríku sem í raun var aldrei til.



Síðustu tvær flækjusögur fjölluðu um ógurlegt stríð Býsansmanna eða Austrómverska ríkisins við Persa í blábyrjun sjöundu aldar eftir Krist, en þeim langvinna slag lauk með því að stórveldin stóðu bæði hálflömuð eftir og urðu því auðveld bráð Aröbum þegar þeir gerðu útrás frá Arabíuskaga og náðu á örfáum árum stórum hlutum bæði Býsans og Persíu. Og tóku síðan að breiða íslam út um heiminn. En gæti sagan hafa orðið öðruvísi? Getum við fundið einhvern tímapunkt þar sem sagan hefði getað breytt um stefnu út af einhverju smáatriði og orðið öðruvísi? Og íslam hefði þá til dæmis aldrei komið til sögunnar?

Og jú, það er hægðarleikur að búa til slíkar sviðsmyndir. Ég hef til dæmis lengi skemmt mér við tilhugsunina um hvernig veraldarsagan hefði orðið öðruvísi ef Gelimer Vandalakóngur hefði ekki fengið hálfgert taugaáfall við að sjá bróður sinn fallinn á vígvelli nálægt Karþagó árið 533. Og út frá því má smíða hátimbraða sögu sem til dæmis leiðir til þess að íslam verður aldrei að alvöru afli í veraldarsögunni en hins vegar hefjast tunglferðir fjórum öldum fyrr en varð í raun og veru.

### Kurteisleg framganga

Vandalar voru germanskur ættbálkur sem fyrst verður fyrir alvöru vart við á sléttum Póllands á fjórðu öld eftir Krist. Innrás Húna inn í Mið-Evrópu varð til þess að þeir hröktust inn í Rómaveldi og fóru um Gallíu eða Frakkland og síðan Spán en stigu árið 429 það óvænta skref að kaupa undir sig skip og flytja alla þjóðina til Norður-Afríku. Þjóðin taldi þá 80.000 sálir, karla, konur og börn, en til samanburðar má geta þess að það er rétt rúmlega sá fjöldi sem fyllir Old Trafford, heimavöll Manchester United. Vandalar náðu svo helstu borg Rómaveldis í Norður-Afríku, Karþagó, tíu árum seinna og stofnuðu ríki sem varð svo öflugt að árið 455 náðu Vandalar sjálfri Rómaborg og rændu mörgum gersemum og auðæfum áður en þeir hurfu á braut. Þeir gengu reyndar kurteislega fram við þetta allt saman, svo það er með öllu óverðskuldað að orðið „vandalismi“ sé kennt við þessa þjóð.

### Algjör örvænting

En nema hvað, tuttugu árum seinna féll Rómaveldi í vestri og ríki Vandala virtist þá hafa alla burði til að hasla sér almennilegan völl í mannkynssögunni. Það var í áratugi öflugasta ríkið við vestanvert Miðjarðarhaf. En við austanvert hafið var Austrómverska ríkið eða Býsans enn við lýði og keisarinn Jústiníanus, sem kom til valda árið 527 lét sig dreyma um að endurreisa hina föllnu dýrð sameinaðs Rómaveldis og sendi sex árum seinna hershöfðingjann Belisaríus með fremur fámennan her til Norður-Afríku til að freista þess að endurheimta svæðið. Vandalakóngurinn Gelimer mætti Belisaríusi með her sinn við þjóðveginn ekki allfjarri Karþagó (skammt þar frá sem Túnisborg stendur nú) og Vandalar virtust lengst af á góðri leið að hrekja Belisaríus á flótta. Þar sem Býsansherinn var fjarri heimaslóðum má telja víst að honum myndi ekki auðnast að fylkja liði á ný, heldur yrði að hrökklast burt og Vandalaríkið stæði óskaddað eftir.





GELIMER KONUNGUR



BELISARÍUS HERSHÖFÐINGI

En þá gerðist nokkuð óvænt. Á vígvellinum gekk Gelimer fram á lík bróður síns Ammatusar sem hafði fallið eftir að hafa drepið tólf menn af liði Belisaríusar. Og svo elskaði Gelimer bróður sinn að hann virðist hafa fyllst algjörri örvæntingu, hætti að eltast við Belisaríus og lét her sinn nema staðar meðan hann jarðsetti Ammatus á vígvellinum með mikilli viðhöfn. Þetta uppátæki Vandalakóngs gaf Belisaríusi færi á að sleppa burt með her sinn og stefna til Karþagó sem nú var óvarin. Þar var honum fagnað af íbúum, enda voru Vandalar aðeins fámenn yfirstétt í landinu, og nokkrum mánuðum síðar sigraði Belisaríus svo Gelimer í úrslitaorrustu og ríki Vandala var þar með fallið og hvarf úr sögunni. Býsansríkið varð hins vegar aldrei máttugt á þessum slóðum og þegar Arabar hófu herferð sína frá Arabíuskaga hundrað árum seinna hrundi ríkið og Norður-Afríka hvarf undir ægishjálm íslams.

### Cirta-játningin fræga

En setjum nú svo að Gelimer hefði elskað bróður sinn ögn minna. Hann hefði haldið áfram að reka flótta Belisaríusar sem hefði lúpast brott með skottið milli lappanna; hvað hefði þá gerst? Jú, það hefði getað breytt ýmsu. Í tímaritinu Skakka turninum bjó ég fyrir fimm árum til fantasíu um það og ætla að leyfa mér að birta hér stuttan útdrátt úr henni, sem er settur fram eins og sannsögul upprifjun af sögu Vandala eftir hinn ímyndaða sigur þeirra gegn Belisaríusi.

Og þá er þar til að taka að eftir sigur Gelimers á Belisaríusi varð Justiníanus Býsanskeisari að viðurkenna yfirráð Vandala í Afríku. Gelimer sneri sér þá að því að sætta alþýðu Vandalaríkis við yfirstjórn sína og landa sinna og í því fólst meðal annars að leggja drög að samvinnu ólíkra kirkjudeilda. Varð úr því Cirta-játningin fræga, þar sem drög voru lögð að samþættingu kristindómsins og hinnar gömlu sólartrúar Rómverja, sem aldrei hafði dáið að fullu út. Þá sneri Gelimer sér að því að vinna Mára til fylgis við Vandala, en þeir bjuggu í vesturhluta ríkisins og höfðu verið bæði Vandölum og þar á undan Rómverjum óþægur ljár í þúfu. Gelimer fékk helsta skáld Vandala til að yrkja mikið söguljóð þar sem farið var fögrum orðum um þátt Mára í sameiginlegri vörn þeirra Vandala gegn innrás Gota frá Spáni. Márar voru og skipaðir í ýmis mikilsháttar embætti í ríkinu. Brátt tóku Márar að líta á sig sem bræður og vini Vandala og ríkið efldist og styrktist að mun. Gelimer endurvakti tengsl Norður-Afríkubúa við hina horfnu Púnverja, sem Rómverjar höfðu svo lengi att kappi við, og risastór stytta af Hannibal Barca, fyrrum Karþagó-kóngi, var reist á torginu í höfuðborginni við hlið álíka stórrar styttu af Gelimier sjálfum, sem dó 581 og hlaut að verðleikum nafnbótina „hinn mikli“.

Árið 603 kom svo Asdrubalus konungur til ríkis og fannst tímabært að hefja útþenslustefnu, hann náði suðurhluta Spánar þar sem til varð bandalagsríki Vandala, Andalúsía, og hann náði líka Egiftalandi um tíma frá Býsansmönnum. Annars voru fyrstu áratugir sjöundu aldar undirlagðir af trúarbragðadeilum, Cirta-játningin þróaðist æ meir til sjálfstæðra trúarbragða en litlir hópar kaþólskra ofsatrúarmanna héldu uppi hryðjuverkum og myrtu meðal annars tvo Vandalakónga á þessum árum. Vandalar náðu hins vegar páfanum í Róm til fylgis við sinn sið.

Á seinni hluta sjöundu aldar glímdu Vandalar við Araba sem höfðu lagt undir sig Miðausturlönd eftir útrás frá Arabíuskaga, innblásnir af herskáum anda spámanns að nafni Múham. Nú kom sér vel hve vildustöður Vandalaríkis voru orðnar styrkar því þeir náðu að hrinda innrás Araba algjörlega og náðu svo Egiftalandi aftur og héldu því upp frá því. Í bandalagi við sína fornu fjendur í Býsans náðu Vandalar svo að hrekja Arabana aftur suður á Arabíuskaga og útbreiðsla hinnar nýju trúar þeirra stöðvaðist og takmarkaðist við upprunaleg lönd Araba. Býsansríkið var þó illa sært eftir átökin og missti brátt mestöll lönd sína í Miðausturlöndum í hendur uppreisnarmanna í Sýrlandi.

Í Evrópu voru risin upp ýmis ríki á rústum Rómaveldis, og um tíma virtist ríki Franka líklegt til afreka, en í hvert sinn sem einhverjir gerðu sig líklega til að ná of stórum svæðum í Evrópu undir sig komu Vandalar til skjalanna, sendu hersveitir og brutu þá á bak aftur. Þeir vildu gæta þess vel að ekki risi eitt öflugt ríki í Evrópu, þótt ekki hefðu þeir áhuga á þeim hrjóstrugu villimannalendum sjálfir.

Þegar komið var rétt fram undir aldamótin 800 urðu afdrifaríkir atburðir. Gæsarek konungur III. hvatti þá landstjóra sinn í héruðum Mára til að leita suður á bóginn meðfram Afríkuströndum og á vesturströnd álfunnar eignuðust Vandalar brátt miklar lendur. Auðæfi þaðan styrktu ríkið enn í sessi og kóngar Vandala notuðu auðæfin til að efla mjög menntun, háskólar voru stofnaðir og vísindarannsóknir jukust gríðarlega.

### Kvenréttindi á oddinn

Frumkvæði og hugmyndaskipti urðu aðalsmerki Vandala. Þeir báru gæfu til að eyða ekki orku í trúarbragðadeilur, enda rúmuðust flest sjónarmið undir Cirta-trúnni sem nú var fullmótuð og fólst í að hverjum væri heimilt að tilbiðja á sinn eigin hátt „tign þess guðs sem sólina skapaði“. Skipaferðir milli Miðjarðarhafs og landa Vandala í Vestur-Afríku urðu svo til þess að ný meginlönd fundust fyrir vestan Atlantshafið, og þá tóku skipaferðir, verslun og landkönnun mikinn fjörkipp. Öll þessi þróun tók nokkurn tíma en um 1250 hófust siglingar Vandala til Asíu fyrir alvöru, og í kjölfar þeirra varð iðnbyltingin í Vandalíu um 1400. Nokkrar öflugar drottningar í Vandalíu settu kvenréttindi á oddinn. Framfarir á öllum sviðum urðu stórstígar eftir það og Vandalarnir Gofas Ulan og Hildo Sertore urðu eins og allir vita fyrstu mennirnir til að lenda á tunglinu árið 1652.

Og ekki vonum seinna!

JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI

Rúmgóður og öflugur sportjeppi



▶Tilboð: 3.650.000 kr.
Ford Escape Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



Vel búinn og öflugur dísil jeppi

▶Tilboð: 5.890.000 kr.
Toyota Land Cruiser VX 4x4 KMR01
Skráður febrúar 2008, 3,0Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 63.000 km.
Ásett verð: 6.190.000 kr.



Fjórhjóladrifinn, sparneytinn og vel búinn

▶Tilboð: 4.490.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD YGG14
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 63.000 km.
Ásett verð: 4.850.000 kr.
Í ábyrgð

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.

# VELDU HOLLARA

**Eina kjúklingavaran á Íslandi sem hefur hlotið gæðavottun Skráargatsins**




## Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.

**Þau eru óspraututð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**



ROSE
Poultry from Denmark

## HORST ER MÆTTUR!

**Fyrsta bókin eftir norska verðlaunahöfundinn Jörn Lier Horst er komin út á íslensku. Það er bókin Veiðihundarnir sem hlaut Rivertonprisen 2012, besta norska glæpasagan og Glerlykilinn 2013.**

FÆRT TIL BÓKAR



## Versta kynlífslýsingin

Bretar, eða nánar tiltekið The Literary Review, hafa útnefnt verstu kynlífssenuna í skáldskap ársins. Sá vafasami heiður að hljóta verðlaunin kom í hlut Manil Suri fyrir átakanlega uppskrúfaðar kynlífssenur í bók hans The City of Devi.

Mesta athygli vakti þó að meðal þeirra sem tilnefndir voru var hið löngu látna og heittelskaða söngvaskáld Woody Guthrie.

## Afmælisbréf á íslensku



Afmælisbréf **Teds Hughes** vakti gríðarlega athygli þegar ljóðin komu út árið 1998. Þar fjallaði skáldið í fyrsta sinn um hjónaband sitt og Silviu Plath og hörmulegan dauða hennar.

Bókin er nú komin út á íslensku í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar og Árna Blandon, ljóðaunnendum til mikils fagnaðar.

Hallberg var langt kominn með þýðinguna þegar hann lést árið 2011 og var Árni fenginn til að ljúka við bókina.

## Uppheimar uppskera vel fyrir þýðingar



Það vekur óneitanlega athygli að þrjár af fimm tilnefningum til Íslensku þýðingaverðlaunanna hlutu þýðendur bóka sem gefnar eru út af sama útgefanda, Uppheimum.

**Ingunn Ásdísardóttir** fyrir Ó – sögur um djöfulskap eftir Færeyinginn Carl Jóhan Jensen, **Njörður P. Njarðvík** fyrir heildarsafn útgefinna ljóða sænska Nóbelsskáldsins Tomasar Tranströmer og **Rúnar Helgi Vignisson** fyrir Sem ég lá fyrir dauðanum eftir William Faulkner, sem einnig var Nóbelsskáld.

# Glíman við færeyskuna erfið

**Ingunn Ásdísardóttir** er tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir þýðingu sína á skáldsögunni Ó – Sögur um djöfulskap eftir Færeyinginn Carl Jóhan Jensen. Hún segir glímuna við færeyskuna eina þá erfiðustu sem hún hafi átt á löngum þýðandaferli. Þar komi til líkindi en um leið ólíkindi málanna sem valdi því að þýðandinn sé sífellt á tánum.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Reyndar er ég enginn sérfræðingur í færeysku, þótt ég geti auðvitað lesið hana mér til gagns eins og flestir Íslendingar. En þegar maður fer að þýða svona listrænan texta þá fyrst uppgötvar maður alla þá botnlausu pytti sem liggja fyrir fótum manns þegar færeyskan er annars vegar,“ segir Ingunn Ásdísardóttir þýðandi, spurð hvort ekki hafi verið erfitt að þýða doðrantinn Ó – Sögur um djöfulskap eftir Carl Jóhan Jensen. „Málin eru í rauninni svo lík en um leið svo ólík og þar sem þau eru ólík leynir það á sér. Maður þarf alveg stöðugt að vera á tánum, í hverri einustu setningu.“

Ó – Sögur um djöfulskap er fyrsta bókin sem Ingunn þýðir úr færeysku og hún segir þetta eitt það erfiðasta sem hún hefur komist í. „Einkum út af líkindum málanna. Það er svo auðvelt að taka setninguna bara beint upp og klúðra öllu til dauðans. Sem dæmi má nefna að á íslensku þýðir orðalagið „að maður standi fyrir einhverjum“ að maður sé að reyna að hindra hann í að komast ferða sinna, á færeysku hins vegar þýðir það þetta sama orðalag, „að standa fyrir einhverjum“, einfaldlega að standa fyrir framan hann. Þannig að á færeysku eruð þið að spjalla saman í mesta bróðerni þó að þú „standir fyrir manninum“, enginn er að reyna að hindra neinn. Svona merkingarmunur á milli þessara tveggja tungumála er alls staðar. En þetta var líka ofsalega ögrandi og skemmtilegt.“

### Verðlaun skipta máli

Ingunni virðist hafa tekist vel upp með þýðinguna, því hún er tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna. Skipta slíkar tilnefningar máli og bæta verðlaunin stöðu þýðenda? „Ég tel engan vafa á því. Ég ætla útgefendum það að vilja hafa bækurnar sínar þokkalega þýddar og að þeir leiti þá til fólks sem hefur fengið þess konar viðurkenningu í þessu fagi. Ég held líka að þýðendur, sem hafa metnað í sínu starfi og bera virðingu fyrir því, hljóti að keppa að því að komast á þennan topp. Mér fannst það gríðarleg viðurkenning að vera tilnefnd til þýðingaverðlaunanna og held það hljóti að hvetja mig til að gera enn betur í framtíðinni.“

Carl Jóhan stundaði nám í bókmenntafræði við H.Í. og er altalandi á íslensku. Las hann þýðinguna yfir? „Já, meira og minna gerði hann það.“ Og var ánægður með útkomuna? „Ekki heyrði ég annað á honum allavega.“

Þetta er mjög færeysk bók, ekki satt? „Jú, hún gerist í færeysku smábæjarsamfélagi upp úr aldamótunum 1900 og fer bæði fram og aftur fyrir þau. Hún tekur á mörgu af því sem kannski má líta á sem sérfæreyskt. Þetta er svona smábæjarsamfélag þar sem hver er ofan í annars koppi og trúarlíf Færeyinga, sem er mjög sérstakt, leikur stórt hlutverk. En í rauninni er hann samt að fjalla um miklu stærri hluti. Hann setur atburðarásina þarna niður en er í raun að fjalla um djöfulskapinn í manneskjunni, bæði þann djöfulskap sem við ráðum við og getum valið og líka illsku og djöfulskap sem kemur utan frá og einstaklingurinn ræður ekki við. Þessa illsku sem mannlífinu virðist eðlislæg, hversu leitt sem okkur þykir að viðurkenna það.“

### Djúpar lendur sálarlífs

Íslendingar þekkja færeyskt samfélag aðallega úr bókum Williams Heinesen, munu þeir þekkja það samfélag aftur í þessari bók. „Já og nei. Umgjörðin er að sumu leyti svipuð, lítið þorpssamfélag í Færeyjum á þessum tíma með alls kyns skrítnu fólki og sögum inni í sögum. Mikið lengra nær sú samlíking ekki vegna þess að hér er farið inn á mjög myrkar, duldar og djúpar lendur sálarlífs, hvata, óra, ævintýra og fýsna. Litapalettan er mjög miklu dekkri hjá Carli Jóhani en Heinesen.“

Áttu von á því að þýða fleiri bækur úr færeysku? „Carl Jóhan er að ljúka við skáldsögu sem fjallar um íslenskt skáld á nítjándu öld sem heitir Benedikt Einarsson, hringir það einhverjum bjöllum? Ef einhver íslenskur útgefandi vill gefa hana út vona ég sannarlega að mér verði fengið það verkefni að þýða hana, en það á allt eftir að koma í ljós.“



**SKEMMTILEG ÖGRUN** Ingunn hefur þýtt fjölda bóka, en segir þýðinguna á Ó – Sögur um djöfulskap það erfiðasta sem hún hafi tekist á við, en um leið ögrandi og skemmtilegt verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓLATAPAS Í HÁDEGINU

Emmanuel elskar að elda fyrir þá sem elska að elda ekki.
**Tilvalið fyrir hópa.**




VERÐ AÐEINS: 2.990 KR. Á MANN.

Miðbæjarmenning við Ingólfstorg

Uppsalir BAR & CAFE

Aðalstræti 16 / 101 Reykjavík / Sími 514 6060

# Konur í karlaheimi

BÆKUR ★★★☆☆

**Stúlka með maga**
Þórunn Erlu og Valdimarsdóttir
**JPV-ÚTGÁFA**

Þórunn Erlu Valdimarsdóttir hefur jöfnum höndum skrifað sagnfræði og skáldskap allan sinn feril. Hún hefur oft látið reyna á skilin milli þessara tveggja greina og beitt meðulum skáldskaparins í sagnfræðiverkum af meiri dirfsku en flestir kollega hennar. Nýjasta bók hennar, Stúlka með maga, sameinar sagnfræði og skáldskap á nokkuð annan, en ekki síður frumlegan, hátt. Sögumaður bókarinnar, sem ber undirtitilinn „Skáldættarsaga“ er Erla móðir Þórunnar og í sögunni fylgjum við henni á vit fortíðar ættarinnar þar sem hún gramsar í gömlum skjölum og bréfum úr stórum skjalaskáp úr járni.

Á kápu segir að Stúlka með maga sé sjálfstætt framhald Stúlku með fingur, skáldsögu Þórunnar sem kom út árið 1999. En þetta eru mjög ólíkar bækur. Stúlka með fingur er fimlega fléttuð saga úr örlagaþráðum tveggja manneskja, ástarsaga sem leiðir til óvæntrar afhjúpunar í lokin. Í Stúlku með maga er á hinn bóginn sögð saga sem er bæði löng og breið, nær yfir margar kynslóðir karla og kvenna og leikurinn berst víða, bæði landfræðilega og á litrófi tilfinninganna.

Erla segir sögu ættingja sinna, einkum karlanna, allt aftur á fyrri hluta nítjándu aldar. Snemma í sögunni er ýmislegt gefið í skyn um hennar eigin ævi, hjónaband sem lýkur með því að eiginmaðurinn fer frá henni og um ævi foreldra hennar og hjónaband þeirra og samlíf sem frá upphafi er lifað í skugga sjúkdóms sem þau ganga bæði með en má ekki nefna upphátt: sýfilis.



Undir lokin þéttist sagan um þessi tvö hjónabönd, en áður en að því kemur hefur sögukona þrætt sig í gegnum óhemju magn af frásögnum af forfeðrum sínum. Og sagan sú er saga af sannkölluðu feðraveldi. Þótt samúð hennar sé einatt með konunum í fortíðinni eru þær næstum ósýnilegar í frásögn hennar. Karlarnir eru frekir á athyglina, athafnasemi þeirra hefur skilið eftir sig fleiri spor í skjalasafninu en strit kvennanna og við fáum endalausar sögur af afrekum þeirra, brauðstriti og feilsporum. Því er ekki að leyna að þetta getur reynt töluvert á þolinmæðina hjá lesanda. Einkum er sá hluti sögunnar sem helgaður er föðurafa Erlu, smiðnum og þúsundþjalasmiðnum Alexander Valentínussyni langdreginn og endurtekningasamur, þar er tínt til hvert hús sem hann smíðar og farið í saumana á fjárhag hans og framkvæmdum þannig að manni verður nóg um og finnst stundum eins og maður sé staddur í heimildasafninu miðju en ekki í skáldlegri úrvinnslu úr því.

Í heildarbyggingu sögunnar hefur þessi smásmygli sinn tilgang. Hún sýnir hvernig fókus sögunnar beinist einatt að því sem fært er í bókhald opinberra stofnanna og fyrirtækja og er þannig hluti af femínískri gagnrýni sögukonunnar, en því er ekki að leyna að karlarnir í sögunni skyggja á konurnar lengi vel, þótt maður finni að sögukonan og söguhöfundur telji að konurnar séu meiri athygli verðar.

Stúlka með maga verður þess vegna svolítið köflótt skáldættarsaga. Lokahlutinn og yfirleitt þeir hlutar sögunnar sem fjalla um konur eru grípandi og stundum nístandi í útmálun sinni á kúgun og óréttlæti gamla samfélagsins, en útmálunin á brölti karlanna verður of ítarleg þannig að áhugi lesandans á það til að dala.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifarík ættarsaga af örlögum kvenna, en karlarnir skyggja enn þá á þær, í skáldsögunni eins og í sögunni sjálfri.




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

## Konráð og félagar á ferð og flugi 73

Bragi Halldórsson

„Það er eins og línurnar í ferhyrningunum beygist þar sem skástrikin liggja yfir þeim,“ sagði Kata. „Heldur þú að það sé ekki bara verið að plata okkur?“ bætti hún við. „Eigum við ekki bara að ná okkur í reglustiku og mæla það?“ sagði Lísaloppa. Kata horfði betur á myndina. „Fyrst giska, hvað heldur þú Lísaloppa, heldur þú að línurnar beygist eða ekki?“

Hvað heldur þú, heldur þú að þetta sé hilling eða að línurnar beygist?





SVAR: Þær beygjast ekki, þetta er hilling.

## Brandarar

**Hvers vegna lakka fílarnir táneglurnar rauðar?**
**Til þess að þeir sjáist ekki innan um jarðarberin.**

**„Þú hefur augun hennar mömmu þinnar og nefið hans pabba þíns,“ sagði frænkan.**
**„Já, og buxurnar hans bróður míns,“ sagði barnið.**

**„Þjónn, það er fluga í súpunni minni.“**
**„Já, en hún kostar ekkert aukalega.“**




## Uppskrift

Piparkökur eru eftirlætissmákökur margra krakka og nú er sannarlega rétti tíminn til þess að byrja að spreyta sig á smákökubakstri. Mikilvægt er að hafa í huga að fylgja ekki uppskrift bakaradrengsins í Hálsaskógi sem setti kíló af pipar í deigið! Krakkasíðan hefur eftir áreiðanlegum heimildum að þessi piparkökuuppskrift sé afbragð. Yngri krakkar þurfa vitanlega að fá aðstoð fullorðinna við baksturinn, og minna verður á að deigið verður best ef það er búið til daginn áður en bakað er.

### Piparkökur fjölskyldunnar

**Uppskriftin gefur um 100-120 piparkökur**

**500 g hveiti**
**280 g sykur**
**2 tsk. natrón**
**3 tsk. kanill**
**1 1/2 tsk. negull**
**1 1/2 tsk. engifer**
**1/2 tsk. pipar**
**180 g smjör**
**1 dl síróp**
**1 dl sterkt kaffi (nescafé virkar vel)**

*Smjör mulið út í þurrefni og sírópi og kaffi bætt við. Hnoðað vel og deigið geymt í ísskáp yfir nótt, eða að minnsta kosti í nokkra klukkutíma. Deigið breitt fremur þunnt út og skorið út í öllum hugsanlegum formum. Bakað við um 170 gráður, á blæstri eða 190 gráður ef ekki blástur. Skreytið með glassúr að vild. Bökunartími er um 8 mínútur.*





**DRAUMSVERÐ** Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson hafa verið hugfangnir af furðubókmenntum frá unga aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spila hlutverkaspil og skrifa furðubækur

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson eru ungir rithöfundar sem skrifa bækur um fantasíu- og furðuheima. Nú er komið út framhald af bók þeirra Hrafnsauga sem nefnist Draumsverð. Fréttablaðið spurði þá félaga út í Þriggja heima sögurnar og hlutverkaspil.

**Hvenær fenguð þið fyrst áhuga á fantasíubókmenntum (furðubókmenntum)?** **Kjartan:** Fyrstu furðubókmenntirnar sem ég komst í tæri við var líkast til Bróðir minn Ljónshjarta. Svo þegar ég las Hringadróttinssögu þegar hún kom fyrst út í þýðingu Þorsteins Thorarensen var ég alveg kolfallinn. **Snæbjörn:** Ég las „Í gegnum þyrnigerðið“ þegar ég var 10 ára um sumar á Seyðisfirði. Síðan sprakk höfuðið á mér þegar ég las Hobbitann þrettán ára og það varð ekki aftur snúið.

**Um hvað fjallar Draumsverð?** **Kjartan:** Hún er beint framhald af bókinni Hrafnsauga, sem kom út í fyrra, og fjallar um ferðalag og þroska, galdra og svik. **Snæbjörn:** Ætli það megi ekki segja að hún fjalli um ferðalag.

**Hverjar eru uppáhaldsbækurnar ykkar?** **Kjartan:** Þetta er óstjórnlega erfið spurning. Benjamín dúfa og Bróðir minn Ljónshjarta munu alltaf búa í mér, sem og Slaughterhouse 5. **Snæbjörn:** Glataðir snillingar (De fortabte spillemænd) eftir William Heinesen. Það má segja að þessi bók sé færeyska útgáfan af Gauragangi.

**Hafið þið spilað hlutverkaspil?** **Kjartan og Snæbjörn:** Já, og gerum enn!

**Uppáhaldspersóna í bíómynd eða bók?** **Kjartan:** Samuel Vimes, úr Discworld-bókunum eftir Terry Pratchett. **Snæbjörn:** Arya Stark úr Krúnuleikunum (söng elds og ísa) stendur alltaf fyrir sínu. Ég vona innilega að hún komist heim í næstu bók.

markhönnun ehf




VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM ANTON JÓNSSON
**2.994 KR**




SKUGGASUND
ARNALDUR INDRIÐASON
**4.284 KR**

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




RANGSTÆÐUR Í REYKJAVÍK
GUNNAR HELGASON
**2.917 KR**




KAFTEINN OFURBRÓK
**2.546 KR**




BLÓÐ HRAUSTRA MANNA
ÓTTAR NORÐFJÖRÐ
**4.193 KR**




SÆMD
GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
**4.193 KR**




SIGRÚN OG FRIÐGEIR
SIGRÚN PÁLSDÓTTIR
**3.788 KR**




VIÐ JÓHANNA
JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR
**4.133 KR**




TÍMAKISTAN
ANDRI SNÆR MAGNASON
**3.029 KR**




GLÆPURINN ÁSTARSAGA
ÁRNI ÞÓRARINSSON
**3.443 KR**

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# BYKO KLÚBBURINN

FÉLAGAR Í BYKO KLÚBBNUM NJÓTA SÉRTILBOÐA.
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA MEÐ.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.



Vnr. 42378870
MELISSA tvöfalt vöfflujárn, 1200W.

KLÚBB verð 7.990 kr.
Almennt verð 9.990 kr.



Vnr. 74804118
EINHELL rafhlöðuborvél, 18V, með aukarafhlöðu.

KLÚBB verð 6.390 kr.
Almennt verð 7.990 kr.

# JÓLALEIKUR BYKO

Dregið um vinning daglega til jóla.
Alls 23 glæsilegir vinningar.
Heildarverðmæti 800.000 krónur.
WWW.FACEBOOK.COM/BYKO.IS



VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

## HARÐAR TÖSKUR



Vnr. 42378965
Ferðataska, 48 cm, 4 hjól.
KLÚBB verð 3.990 kr.
Almennt verð 4.990 kr.

Vnr. 42378966
Ferðataska, 61 cm, 4 hjól.
KLÚBB verð 5.490 kr.
Almennt verð 6.990 kr.

Vnr. 42378967
Ferðataska, 71 cm, 4 hjól.
KLÚBB verð 8.990 kr.
Almennt verð 10.990 kr.

Gleðileg jól



Vnr. 72365046
TACTIX verkfærasett í tösku, alls 77 stk.
KLÚBB verð 12.990 kr.
Almennt verð 15.990 kr.



Vnr. 74092405
SKIL rafhlöðu-skrúfvél, 3,6V.
KLÚBB verð 3.990 kr.
Almennt verð 4.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# TILBOÐ GILDA 6.-8. DESEMBER



Vnr. 65602057
KITCHEN AID 150
hrærivél, hvít.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
69.990 kr.
Almennt verð 82.990 kr.



Vnr. 55095034
Jólastjarna.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
499 kr.
Almennt verð 590 kr.

## AÐEINS Í BYKO BREIDD

Aðeins 2 á mann. Verð gildir meðan birgðir endast!

Fjöldi annarra klúbbtilboða

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 74802080
EINHELL hjólsög,
BT-CS 1400/1.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
12.990 kr.
Almennt verð 16.990 kr.



Vnr. 41120389
Eldfast form.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
1.590 kr.
Almennt verð 1.990 kr.



BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
4.990 kr.
Almennt verð 7.995 kr.

Vnr. 52237491-2
MURCIA borðlampi,
svartur eða stál, 40W, E14.





## JÓLAGLEÐI Í BYKO

### BYKO BREIDD

**Laugardag 7. desember**
kl. 13:00 Sjonni og Vigga skemmta
kl. 14:30 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 15:30 Jólajazz

**Sunnudag 8. desember**
kl. 13:00 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 14:00 Kammerkór Mosfellsbæjar

### BYKO GRANDA

**Laugardag 7. desember**
kl. 13:00 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 15:00 Sjonni og Vigga skemmta
kl. 16:30 Jólajazz

**Sunnudag 8. desember**
kl. 14:30 Álafosskórinn syngur jólalög
kl. 15:30 Kammerkór Mosfellsbæjar

### Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 15.



### JÓLAHLAÐBORÐ Í BYKO BREIDD

laugardag
og sunnudag
kl. 11:30 - 14:30

JÓLAHLAÐBORÐ
1.490 kr.



www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**1.** Dulbjó drýldni sem b-vítamín (5)
**11.** Ráðuneyti smíðað á skeri Skúla (16)
**12.** Bús í spil, má það? (5)
**13.** Tökum bréf, torf, skyggni og men; birtist þá ónefndur sundurgerðarsinninn (16)
**14.** Gelding er ekki regla (12)
**15.** Vill að ég snúi upp á form í andstöðu (8)
**16.** Dauf draga forystusauð (8)
**17.** Nokkrir dýrðardagar í Skagafirði (8)
**21.** Óðar með rosa útbrot (8)
**26.** Fúlmenni fremja níðingsleg morð (6)
**27.** Fjalla um skáldsöguna „Máttur möppudýranna“ (9)
**29.** Gengur hópur í það sem gerist (6)
**30.** Óttalegt suð er þetta, sonur sæll (5)
**31.** Illt sá til með ískyggilegum (11)
**32.** Frá er mæða og forsmán öll (6)
**33.** Væl er þetta viljugi sveinn, væld i ég kannski líka? (7)
**35.** Baul fyrir lélega blendinga (7)
**38.** Svona mannvirki notar bíll (6)
**39.** Notaleg er fjaran í Fossvoginum (10)
**40.** Gilin gengin og fellin líka (6)
**41.** Vinn ekki úti (4)
**42.** Öruggt grip um kattastaur (10)
**43.** Skora á Saxa og ættingja hans alla (7)
**44.** Friðrik og Lilli para sig (4)

**LÓÐRÉTT**
**1.** Fagurfölur sem lóur og spóar (10)
**2.** Rek klisju heiguls til uppistöðu sætabrauðs (10)
**3.** Skorar tvisvar er kólonar keppa (10)
**4.** Brjálaða liðið er frábært (10)
**5.** Ef ég fel keisarann í Kína er það glæpur (7)
**6.** Hjal um að mafíósi fresti tískukryddi (11)
**7.** Munnur djöfla geymir heila (5)
**8.** Höndlið hafið þar sem það kemur í kvína (11)
**9.** Fljótgripin fyrir ákveðinn kúnna (8)
**10.** Fimm dragi andann meðan þau eru að störfum (8)
**15.** Fuglarnir skemma skildi og skjólgarða (8)
**18.** Kvarði fyrir ræktaðar tungur (7)
**19.** Veður yfir miðjan ás í mótvindi (7)
**20.** Brún æða til leiðara legs (7)
**22.** Æ, með farandleiði og baldin eftir því (11)
**23.** Hárbrúskur á herðar niður prýðir prinsins jakka (11
**24.** Talandi kusur konungs þarfnast túlkunar (11)
**25.** Samanlagt eru Sparta og gylta varla verri en þetta skaðræðiskvikindi (11)
**28.** Hreyfing frjálsrar flökkukindar (10)
**34.** Ruglaður starri að rífast (6)
**35.** Upp rifjast hús fyrir viðskipti með vinnumenn (6)
**36.** Krani a: Bólgueyðandi sólarljómi (6)
**37.** Spyrja lík um lausn tengdra (6)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | K | J | Ö | L | D | Ó | T | T | U | R | | H | | H | | S | | T | |
| K | | A | | I | | L | | I | | E | Y | R | N | A | S | K | J | Ó | L |
| R | A | F | A | L | A | S | E | T | T | I | | A | | L | | Ý | | N | |
| E | | N | | J | | E | | I | | K | R | U | L | L | U | J | Á | R | N |
| P | Y | L | S | U | B | I | T | I | N | N | | N | | A | | A | | Æ | |
| P | | A | | H | | G | | N | | I | | A | R | M | U | R | I | N | N |
| I | Ð | U | S | V | E | I | P | A | | L | | V | | Á | | E | | U | |
| T | | N | | Í | | | R | | H | I | M | I | N | L | Í | K | A | M | I |
| Ú | Ð | A | S | T | Ú | T | U | M | | S | | N | | U | | | U | | L |
| R | | S | | U | | | M | | S | T | E | I | N | M | Ö | R | Ð | U | M |
| A | F | T | U | R | L | A | P | P | A | | I | | Ý | | R | | V | | S |
| R | | E | | | Y | | H | | K | Y | N | L | Í | F | S | L | E | I | K |
| N | A | F | N | A | F | R | Æ | Ð | A | | K | | S | | K | | L | | Y |
| I | | N | | | J | | N | | M | | A | L | L | M | O | N | T | I | N |
| R | A | U | S | N | A | R | S | K | A | P | S | | E | | T | | | L | |
| | T | | P | | L | | N | | N | | A | S | N | A | S | P | I | L | I |
| E | L | L | I | Ð | A | V | A | T | N | | M | | S | | L | | | Þ | |
| | A | | N | | U | | N | | | S | T | A | K | H | E | N | D | U | R |
| Á | G | A | N | G | S | I | N | S | | | A | | A | | I | | | N | |
| | A | | A | | A | | A | | V | É | L | F | R | Æ | Ð | I | N | G | A |

Lausnarorð síðustu viku var
**BAKSÝNISSPEGILL**

FORLAGIÐ




**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Mánasteini eftir Sjón frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Erla Hrönn Ásmundsdóttir, Akureyri.**

**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist band sem breytti öllu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 4. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „11. nóvember“.




# Gefðu fallega hönnun úr Módern

**20%** AFSLÁTTUR

## af öllum gjafavörum

föstudag, laugardag og sunnudag ef verslað er á modern.is*



| Miho hreindýr, margar stærðir / Verð áður frá 5.500 kr.

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Hlíðasmára 1.



Butterfly 40sm. / Verð frá 33.900 kr.



Cucu klukka / Verð frá 12.900 kr.



Aalto vasi / Verð frá 16.450 kr.



Kastehelmi diskur / Verð 9.850 kr.



Marimekko skálar á fæti / Verð frá 4.950 kr.



Moomin krúsir / Verð 3.450 kr.



Gullstöng, hurðastoppari / Verð 12.900 kr.



Aalto trébretti / Verð frá 7.650 kr.



Kastehelmi kertastjakar / Verð frá 2.450 kr.



Elvang alpaca teppi / Verð 18.900 kr.



Pop ilmkerti / Verð frá 7.900 kr.



Muse ilmkerti / Verð frá 12.900 kr.



Ultima Thule 34cl, 2 stk. / Verð 5.350 kr.



Illumina f. 4 kerti / Verð 12.990 kr.



Omaggio vasi / Verð frá 3.890 kr.



Miho Liquorice hreindýr / Verð 9.900 kr.



Kastehelmi skálar á fæti / Verð frá 3.790 kr.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

PIPAR\TBWA • SÍA

## MERKISATBURÐIR 7. DESEMBER

**1431** Hinrik 6. Englandskonungur var krýndur konungur Frakklands í París.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson forseta var afhjúpaður á gröf hans í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík að viðstöddu miklu fjölmenni.

**1933** Í fyrsta sinn var útvarpað miðilsfundi í Ríkisútvarpinu. Þar kom fram Lára miðill og mælti fyrir munn margra framliðinna.

**1936** Í Bjarneyjum á Breiðafirði rigndi skyndilega síld og var talið að skýstrókur hefði náð að sjúga upp síldina er hann átti leið yfir sjó.

**1941** Japanir réðust á Perluhöfn og drógu þannig Bandaríkin inn í síðari heimsstyrjöldina.

**1946** Fáni Sameinuðu þjóðanna var tekinn upp.

**1975** Indónesía réðst á Austur-Tímor.

**1980** Golfklúbburinn Kjölur var stofnaður í Mosfellsbæ.

**2005** Evrópusambandið fór að nota lén undir þjóðarléninu .eu sem kom í stað .eu.int.

†



Við þökkum þeim sem sýnt hafa okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**KRISTINS J.B. GÚSTAFSSONAR**
**Dyrhömrum 18, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fá starfsmenn krabbameinslækningadeildar 11E, gjörgæsludeildar og séra Bragi Skúlason.

**Ragna H. Jóhannesdóttir**
**Guðlaug Þ. Kristinsdóttir** — **Jón Ólafur Ólafsson**
**Jóhannes Kr. Kristinsson** — **Inga Hrund Hermóðsdóttir**
**Vala Lind Kristinsdóttir** — **Alexander Harrason**

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR ÁSTVALDSDÓTTUR**
**Þúfubarði 11, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks lungnadeildar Landspítalans Fossvogi fyrir góða umönnun og einstakan hlýhug.

**Björg Hjörleifsdóttir** — **Sumarliði Már Kjartansson**
**Sigurður Ben Guðmundsson** — **Margrét Ósk Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Rúnar Guðmundsson** — **Sigríður R. Sigurðardóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Innilegar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HARÐAR THORARENSEN**
**Birkihólum 4, Selfossi,**
**áður Eyrarbakka.**

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

**Guðrún Ólafsdóttir Thorarensen**
**Ólöf Dagný Thorarensen** — **Helgi Bergmann Sigurðsson**
**Ari Björn Thorarensen** — **Ingunn Gunnarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**









**KÓRSTJÓRAR** Hilmar Örn Agnarsson, Margrét Pálmadóttir og Hákon Tumi Leifsson eiga öll sinn þátt í að gera jólatónleikana í Grafarvogskirkju að hátíðarstund.

# Jólatónar í Grafarvogi

## Einstök jólastund verður í Grafarvogskirkju í dag þar sem fjöldi listamanna kemur fram, bæði fulltrúar nýrrar kynslóðar í dægurtónlistinni og öflugir kórar.

Efnt er til hátíðlegra og hugljúfra jólatónleika í Grafarvogskirkju í dag. Áhersla er lögð á nýjabrum, fumsköpun og grósku nýrrar kynslóðar að sögn Hákonar Tuma Leifssonar, organista Grafarvogskirkju. Hann segir sérstaka gesti vera annars vegar dúóið Sigríði Thorlacius og Guðmund Óskar Guðsmundsson og hins vegar fimm manna hljómsveitina Ylju. „Þetta fólk er allt verðugir fulltrúar nýrrar kynslóðar listamanna í dægurtónlistinni," segir hann og lýsir því og efnisskránni nánar. „Sigríður og Guðmundur munu flytja lög af nýútkomnum jóladiski sínum sem heitir því vinalega nafni Jólakveðja. Diskurinn hefur að geyma lög eftir Guðmund Óskar og Bjarna Frímann Bjarnason. Ylja hefur farið víða um völl að undanförnu og fengið góðar undirtektir. Hún er órafmögnuð hljómsveit og á þessum tónleikum flytur hún einkum jólatengt efni."

Þá koma fram þrír kórar kirkjunnar sem flytja ýmis jólalög, bæði innlend og erlend, og eiga án efa eftir að koma tónleikagestum í jólaskap, að sögn Hákonar. „Vox Populi er sönghópur sem fæst helst við gospel og létta tónist. Hann kemur fram við ýmis tilefni og nýtur leiðsagnar Hilmars Arnar Agnarssonar nú um stundir. Hann ætlar að flytja ýmis jólalög úr sjóði sínum. Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju mun koma með glitrandi geisla æskufjörs inn á tónleikana. Hann var stofnaður af Margréti Pálmadóttur en er þjálfaður þessa mánuðina af Guðrúnu Árnýju Guðmundsdóttur. Í kórnum eru tæplega 40 krakkar sem allir búa í Grafarvoginum. Kórinn mun meðal annars flytja jólasyrpu eftir Mons Takle," lýsir Hákon Tumi sem sjálfur mun stjórna kór Grafarvogskirkju sem syngur jólalög í léttum anda.

„Óhætt er að fullyrða að mikillar fjölbreytni gæti á þessum tónleikum," segir Hákon Tumi og tekur fram að miðaverði sé stillt í hóf því aðgangur kosti einungis 1.500 krónur.

gunnarleo@frettabladid.is

# Kristján Jóhannsson kemur fram í Eldborg

## Stórsöngvarinn kemur fram á jólatónleikum í Hörpu.

Jólatónleikar Kristjáns Jóhannssonar verða haldnir í Eldborg Hörpu á sunnudaginn og hefjast klukkan 20.00.

Um glæsilega jólatónleika er að ræða en ásamt Kristjáni munu meðal annars stíga á svið Dísella Lárusdóttir, Kristinn Sigmundsson og Þóra Einarsdóttir. Stór kvenna- og stúlknakór verður einnig með á sviðinu en hann verður undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Þá mun 30 til 40 manna sinfóníuhljómsveit leika með, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar en hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frá upphafi. Konsertmeistari verður Sigrún Eðvaldsdóttir.

Þetta verða léttklassískir og hátíðlegir jólatónleikar með fjölda þekktra jólalaga. Dagskráin leggur upp með að færa áhorfendum fagra hljóma, gleði og hátíðarstemningu.

- glp



**HÁTÍÐLEGIR TÓNLEIKAR** Kristján Jóhannsson og Kristinn Sigmundsson söngvarar ásamt Steinunni Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara hér á góðri stund. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

†



Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og allan hlýhug við fráfall ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÍÐAR ÞÓRDÍSAR ÞORLÁKSDÓTTUR**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**
**áður til heimilis á Siglufirði,**

sem lést hinn 16. nóvember. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á A2 á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alla ástúð og góða umönnun.

**Þorlákur Ásgeir Pétursson** — **Guðrún Helga Skowronski**
**Ágústa Inga Pétursdóttir** — **Jónas Hallgrímsson**
**Þórdís Kristín Pétursdóttir**
**Þorsteinn Vilhelm Pétursson** — **Þuríður Bogadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður minnar, ömmu okkar og langömmu,

**ÓLAFÍU STEFANÍU ÍSFELD**
**Engihjalla 3, Kópavogi,**

og sendum starfsfólki hjartadeildar Landspítalans 14E þakklæti fyrir hlýtt viðmót og góða hjúkrun.

**T. Sigríður Herbertsdóttir Ísfeld**
**Guðjón Bjarni Sigurjónsson**
**Íris Hrönn Sigurjónsdóttir** — **Guðmundur Ingi Kjerúlf**
**Rúnar Geir Guðjónsson**
**Kamilla Kjerúlf**
**Andri Kjerúlf**
**Fannar Kjerúlf**


Gleym mér ei - íslensk hönnun
ASA HÁLSMEN
9.700 kr.
ASA HRINGUR
9.900 kr.
ASA LOKKAR
9.700 kr.
DAISY HÁLSMEN
18.900 kr.
DAISY LOKKAR
21.900 kr.
DAISY HRINGUR
29.900 kr.
GEORG JENSEN
Glæsilegar jólagjafir
SKAGEN
28.800 kr.
DIESEL
18.900 kr.
DIESEL
23.200 kr.
FOSSIL
26.700 kr.
FOSSIL
26.200 kr.
HERRAÚR
JORG GRAY
51.750 kr.
ARMANI
60.800 kr.
ARMANI
65.400 kr.
CASIO
13.600 kr.
CASIO
5.600 kr.
MICHAEL KORS
42.200 kr.
MICHAEL KORS
48.600 kr.
ARMANI
57.000 kr.
FOSSIL
26.200 kr.
FOSSIL
26.200 kr.
KVENÚR
SKAGEN
24.200 kr.
ROSENDAHL
24.900 kr.
ARNE JACOBSEN
64.900 kr.
Ný vefverslun á michelsen.is
Fjöldi glæsilegra opnunartilboða
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, dóttur, systur og mágkonu,

**LINDU KONRÁÐSDÓTTUR**
**Seljabraut 82, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Karitas og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Magnús Valdimarsson**
**Sara Barðdal Þórisdóttir** **Hákon Víðir Haraldsson**
**Alexander Úlfur Hákonarson**
**Konráð Adolphsson** **Edda Gunnarsdóttir**
**Hilmar Konráðsson** **Sigrún Bjarnadóttir**
**Bergur Konráðsson** **Inga Lóa Bjarnadóttir**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**UNNUR JAKOBSDÓTTIR**
**áður að Digranesvegi 80,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, þriðjudaginn 3. desember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 13. desember kl. 13.00.

**Bent Bjarnason** **Helga Helgadóttir**
**Anna Þórdís Bjarnadóttir** **Stefán R. Jónsson**
**Jakob Unnar Bjarnason** **Þóra Kristín Vilhjálmsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

✝



Hjartkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma, systir og mágkona,

**HALLDÓRA BERGÞÓRSDÓTTIR**
**Litlahjalla 1,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 11. desember kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið eða líknarfélög.

**Andrés Andrésson**
**Ólafía Sigurðardóttir**
**Andrés Andrésson**
**Íris Andrésdóttir** **Anna Rut Guðmundsdóttir**
**Bergþór Andrésson** **Erla Björk Tryggvadóttir**
**Jón Þór Andrésson** **Erla Erlendsdóttir**
**Eyjólfur Bergþórsson**
**Nanna Bergþórsdóttir** **Ólafur Kjartansson**
**og barnabörn**

✝



Elskulegur sonur, bróðir og frændi,

**SIGFÚS BLÖNDAL SIGURÐSSON**
**Stafholtsey,**
**Borgarfirði,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 3. desember. Útför hans fer fram frá Reykholtskirkju föstudaginn 13. desember kl. 14.00.

**Sigríður Blöndal og aðstandendur.**

✝



Bróðir minn,

**JÓN ÓLAFSSON**
**fv. bankastarfsmaður,**
**Bólstaðarhlíð 44,**

er látinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Birgir Ólafsson**

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**ERNA THEODÓRSDÓTTIR WHELAN**
**ljósmyndari, búsett í Flórída,**

lést 1. desember sl. Bálför hefur farið fram.

**Henry Whelan**
**Barbara Whelan**
**Theodore Whelan og Karen Whelan**
**Sigríður Theodórsdóttir og Solveig Theodórsdóttir**

## ÞETTA GERÐIST: 8. DESEMBER 1980

8. desember 1980 lést John Lennon með sviplegum hætti þegar Mark David Chapman, geðsjúkur „aðdáandi“, skaut hann fjórum skotum í bakið fyrir utan Dakota-bygginguna í New York, þar sem Lennon og Ono áttu heima. Lennon hafði gefið Chapman eiginhandaráritun sama kvöld og hann lést. Mark Chapman hafði planað að drepa Lennon í þrjá mánuði. Chapman var síðan dæmdur í 20 ára til lífstíðarfangelsi.

John Lennon var helst þekktur sem stofnandi og meðlimur Bítlanna og er hans minnst sem eins virtasta og ástsælasta tónlistarmanns sögunnar. Þá vilja margir halda því fram að hann og Paul McCartney hafi verið eitt besta tónlistarteymi allra tíma.

Hinn 20. mars árið 1969 giftist hann Yoko Ono. Hinn 9. október 2007 var svo kveikt á Friðarsúlu Yoko Ono í fyrsta sinn í Viðey og mun hún verða tendruð á hverju kvöldi frá 9. október, sem er fæðingardagur Lennons, til 8. desember, dagsins sem Lennon lést, ásamt öðrum völdum dögum.





**GAMAN Í GERVI** Eggert Kaaber er hér í gervi Skessunnar á meðan Katrín stýrir brúðunni Siggu í sýningunni. MYND/ÖMMI STEPH

# Nýtt íslenskt jólaleikrit

Stoppleikhópurinn frumsýndi fyrir skömmu leikrit sem hugsað er fyrir börn.

Sigga og Skessan í jólaskapi er nýtt íslenskt barnaleikrit sem gert er eftir sögum Herdísar Egilsdóttur en það var frumsýnt um síðustu helgi. „Við höfum fengið mjög góðar viðtökur með sýninguna, hvert sem við höfum farið og erum mjög stolt,“ segir Eggert Kaaber, annar leikaranna í sýningunni. Ásamt Eggerti leikur Katrín Þorkelsdóttir í sýningunni.

Leiksýningin, sem sett er upp af Stoppleikhópnum, er ferðasýning en hún er nýtt íslenskt jólaverk sem er ætlað börnum.

„Það eru fyrirhugaðar um tuttugu sýningar á leikritinu í desember, flestar á höfuðborgarsvæðinu en við förum einnig í nærliggjandi kaupstaði.“

Leikritið fjallar um að það eru að koma jól og allir að komast í sannkallað jólaskap. Skessan er heima í hellinum með Siggu að skreyta þegar þær frétta að veðrið er að breytast og snjónum kyngir niður. Allt er að verða ófært og það sem meira er að jólapósturinn kemst ekki áleiðis með jólakortin og jólagjafirnar til fólksins. Nú eru góð ráð dýr en með hjálp hvor frá annarri arka þær vinkonur af stað með jólaskapið eitt að vopni. Saman lenda þær svo í mörgum skondnum uppákomum og hjálpa til við að koma jólapóstinum á leiðarenda.

„Brúðu- og grímugerð Katrínar Þorvaldsdóttur leikur stórt hlutverk í sýningunni, er atvinnuleikhús sem stofnað var árið 1995 sem fræðsluleikhús fyrir börn og unglinga. Leikhópurinn hefur starfað samfleytt í 18 ár og frumsýnt 25 ný íslensk leikrit. Leikhópurinn starfar sem ferðaleikhús og hefur sýnt verk sín um allt Ísland.

„Við fengum styrk frá Reykjavíkurborg til að fjármagna nýju sýninguna.“

Stoppleikhópurinn sem hlaut grímuverðlaunin árið 2009 fyrir leikverkið „Bólu-Hjálmar“, hefur nálgast öll þessi 18 ár og sýnt í skólunum og á skólatíma. Þannig er tryggt að allir sjái verkin í návígi við leikarana og listamennina. „Slíkt augnablik er sérstakt og krefur áhorfandann um samspil við listaverkið sem lifir bara á þessu sérstaka augnabliki,“ bætir Eggert við.



**SÁTTUR VIÐ SÝNINGUNA** Eggert Kaaber leikur í Sigga og Skessan í jólaskapi.

gunnarleo@frettabladid.is

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar og sonar,

**GAUTA GUNNARSSONAR,**
**bónda, Læk, Flóahreppi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi fyrir einstaka umhyggju og umönnun.

***Guðbjörg Jónsdóttir***
***Gísli Gautason***
***Jón Gautason***
***Eyrún Gautadóttir***
***Gunnar Mar Gautason***
***Sigríður Guðjónsdóttir***

✝



Elskuleg móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN MAGNÚSDÓTTIR**
**dvalarheimilinu Grund,**

lést föstudaginn 29. nóvember Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 11. desember kl. 13.00.

**Sjöfn Jóhannesdóttir**
**Gunnar Jósef Jóhannesson** **Ása Guðný Þorsteinsdóttir**
**Elín Theodóra Jóhannesdóttir**
**Jóhann Snorri Jóhannesson** **Anna Guðrún Kristinsdóttir**
**Jóhannes Örn Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# EINSTAKUR KJÖRGRIPUR

## ÍSLENSKA TEIKNIBÓKIN




**11.690 kr.**
Á SÉRSTÖKU KYNNINGARVERÐI AÐEINS UM HELGINA

„Bókin er svo falleg og vel úr garði gerð að það er hrein unun að fletta henni.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„Glæsilegt afrek. Ef ég væri með hatt, þá tæki ég hann ofan núna.“
GUÐNI TÓMASSON, VÍÐSJÁ

Tilboðið gildir aðeins í Bókabúð Forlagsins, til og með 8.12.13




# ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI

FORLAGIÐ Bókabúð

Opið virka daga kl. 10–18 og laugardag og sunnudag kl. 11–16
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575 5636


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KÆR LEIKS HAND BÓKIN
Kærleikshandbókin frá Tolla komin í Bónus,- aðeins 2998 kr.
AMERÍSK RAUÐ EPLI
NÝ UPPSKERA
359 kr. kg.
2998 krónur 940g.
Nóa gjafakonfektkassi
1798 kr. 630gr
Nóa bestu fylltu molarnir
René
398 krónur 10 stk
RENE NESPRESSO
KAFFIHYLKI 10 STK.
Ristorante
PIZZA MOZZARELLA
Ristorante
PIZZA HAWAII
Dr. Oetker frosnar pizzur 337-375gr
398 kr.stk
KJARNAFÆÐI
Kofareyktur hangiframpartur með beini
1259 krónur kg.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2998 krónur kg.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1998 krónur kg.
Coca-Cola
Blanda
VÍKING HÁTÍÐARBLANDA
MALT & APPELSÍN 500 ML
4 dósir af Víking Hátíðarblöndu fylgja með kippu af Coke 6 x 1,5 ltr.
Gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Nú er hægt að fá gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar. Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar
Skrifstofa Bónus: Opin í dag laugardag 10:00-16:00
Skútuvogi 13 Sími: 527 9000
BÓNUSKORT
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
NAUTGRIPAHAKK FRÁ SPÁNI
1298 krónur kg.
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
BÓNUS
Grísabógur
598 krónur kg.
BÓNUS GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
BÓNUS
Grísahakk
698 krónur kg.
BÓNUS GRÍSAHAKK
NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPASNITSEL
1998 krónur kg.
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
Grísahryggur
1298 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
NAUTA Veisla
FERSKT NAUT-GRIPAGÚLLAS
1998 krónur kg.
BÓNUS
Grísahnakkafille
998 krónur kg.
BÓNUS FERSKT GRÍSAHNAKKAFILLE
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK
BÓNUS BACON
1598 krónur kg
BÓNUS BAYONNE SKINKA
1159 krónur kg.
ÚR GRÍSABÓG BÓNUS NÝREYKT BAYONNESKINKA
FRÁ ÞÝSKALANDI
100% KJÖT
2298 krónur kg
FROSIN
Úrbeinuð kalkúnabringa
ÍSLANDS LAMB
HAUST SLÁTRUN 2012
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB
Ferskt lambafillet
Gríms Plokkfiskur
998 krónur 1 kg.
GRÍMS PLOKKFISKUR 1 KG.
HEIMILISBRAUÐ
239 krónur stk.
MYLLU
Heimilisbrauð 770g
NÝ BAKAÐ
198 krónur 4 stk.
BÓNUS Kornkubbar 3 teg.
Fjórir í poka
AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



2 | KL. 20:20 ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL

Vandaðir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur sem beinir sjónum að óupplýstum glæpum á Íslandi.

Frábært sunnudagskvöld

2 | KL. 19:15

SJÁLFSTÆTT FÓLK

Næsti viðmælandi okkar er húðflúrmeistarinn og lífskúnsterinn, Fjölnir „Tattoo“ Bragason.



2 | KL. 19:50

HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Vetrar- og jólastemningin ræður ríkjum hjá matreiðslumanninum Árna Ólafi.



2 | KL. 20:50

THE TUNNEL

Glæný bresk spennuþáttaröð sem byggir á dönsku þáttaröðinni Brúin.



2 | KL. 21:40

HOMELAND

Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.



Krakkastöðin | KL. 19:00

ALGJÖR SVEPPI

OG DULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ

Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um þá Sveppa, Villa og Góa.



3 | KL. 20:30

VAMPIRE DIARIES

Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | | |
| | | | | 9 | 7 | 2 | | 5 |
| | | 7 | | | 6 | | | |
| 3 | 9 | | 4 | | | | 6 | |
| 4 | | | | | 1 | 5 | 8 | |
| | | | | 6 | | | | |
| 5 | | | | | 8 | | 7 | 2 |
| 6 | | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 8 | 2 | | 7 | | | | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 8 | | | 9 | |
| | 8 | | 2 | | | 6 | 7 | |
| 5 | 9 | 6 | | | 4 | 8 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | 4 |
| 4 | | | | 2 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | | | | | |
| | 2 | | | 3 | 6 | | 4 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 4 | | 1 | 5 | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 3 | 4 | 1 | | | |
| 4 | | | | | | 7 | | |
| 6 | 1 | | 8 | | | | | 4 |
| 9 | 2 | | | | | | | 7 |
| | | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 5 | 3 | | | | 4 | 1 | | |
| | | | 2 | 1 | | 4 | 5 | |
| | | | | | 6 | | | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 4 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 8 | 3 | 2 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 7 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 |
| 9 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 8 | 5 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 7 | 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 4 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 |
| 5 | 7 | 9 | 6 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Um leið og við erum frjáls undan eigin ótta mun nærvera okkar ósjálfrátt frelsa aðra.“

*Nelson Mandela*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** verð, **6.** fisk, **8.** eyrir, **9.** blása, **11.** leita að, **12.** utanmál, **14.** kölski, **16.** karlkyn, **17.** traust, **18.** umfram, **20.** 49, **21.** fyrstur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hreinsiefni, **3.** samtök, **4.** bullari, **5.** af, **7.** lævís, **10.** angra, **13.** stefna, **15.** ekkert, **16.** kóf, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** þarf, **6.** ál, **8.** aur, **9.** púa, **11.** gá, **12.** ummál, **14.** satan, **16.** kk, **17.** trú, **18.** auk, **20.** il, **21.** frum.
**LÓÐRÉTT: 1.** sápu, **3.** aa, **4.** ruglari, **5.** frá, **7.** lúmskur, **10.** ama, **13.** átt, **15.** núll, **16.** kaf, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Loftur Baldvinsson (1.923) vann Birki Karl Sigurðsson (1.738) á laglegan hátt í sjöttu umferð Skákþings Garðabæjar.**

**Svartur á leik:**



24. … Hh5! (24. … Hg2! vinnur líka). 25. fxe5 Hxh2+ 26. Kg1 Hg2+! 27. Kxg2 Bh3+ 28. Kg1 Hxd8 og hvítur gafst upp. Loftur sigraði á mótinu ásamt Jóni Árna Halldórssyni. Bjarnsteinn Þórsson varð í senn skákmeistari Garðabæjar og skákmeistari Taflfélags Garðabæjar.

**www.skak.is.** London Chess Classic hefst í dag.

# Besta svarið




**KOMIÐ Í VERSLANIR**

**EINFALT OG SKEMMTILEGT**

**LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNASPILIÐ BESTA SVARIÐ**

**MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ**

MYNDFORM

## Paradigm í Hönnunarsafni

Sýning á verkum norskra hönnuða.



**Sendiherra Noregs á Íslandi Dag Wernø Holter mun í dag opna sýningu á norsku samtímalisthandverki í Hönnunarsafni Íslands. Sýningarstjóri Paradigm er listamaðurinn Lars Sture og samanstendur sýningin af verkum 18 norskra listamanna sem vinna með gler, keramik og málma. Verkin á sýningunni eru eftir marga af fremstu listamönnum Norðmanna og fór val verkanna fram í náinni samvinnu við þá. Verk eftirtalinna eru á sýningunni: Ulla-Mari Brantenberg, David & Linnéa Calder, Tulla Elieson, Jens Erland, Sidsel Hanum, Karen Klim, Vidar Koksvik, Liv Midbøe, Irene Nordli, Ruta Pakarklyte, Tovelise Røkke-Olsen, Heidi Sand, Leif Stangeby-Nielsen, Marit Tingleff, Svein Thingnes, Gunnar Thorsen, Pål Vigeland.**



Listaselið
Skólavörðustíg 17
OPIÐ
Virka daga kl. 12-18
Laugardaga kl. 11-16
MÁLVERKskúlptúrarGRAFÍKskartFATNAÐURfylgihlutir

# Hjartnæmir tónleikar

TÓNLIST ★★★★☆

**Mozart: Sálumessa**
Langholtskirkju, aðfaranótt fimmtudagsins 5. desember.
**FLYTJENDUR: ÓPERUKÓRINN OG HLJÓMSVEIT ÁSAMT EINSÖNGVURUM. STJÓRNANDI: GARÐAR CORTES.**



**GARÐAR CORTES** „Garðar stjórnaði túlkuninni þannig að hún varð afar sannfærandi. Hvergi var dauður punktur í henni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir voru fölir, hljóðfæraleikararnir sem gengu á sviðið í Langholtskirkju á miðvikudagskvöldið. Nei, ekki um kvöldið heldur um nóttina. Klukkan hálf eitt aðfaranótt fimmtudagsins, hvorki meira né minna.

Af hverju í ósköpunum að halda tónleika eftir miðnætti á virkum degi? Jú, sálumessa Mozarts var á dagskránni, og Mozart dó skömmu eftir miðnætti þennan dag árið 1791.

Garðar Cortes stjórnaði Óperukórnum og hljómsveit sem mér sýndist samanstanda af hljóðfæraleikurum úr Sinfóníunni. Hann hélt stutta tölu á undan. Minntist þeirra tónlistarmanna sem létust á árinu. Sagði einnig frá því hvernig dauða Mozarts bar að. Hann var þá nýbyrjaður að semja sálumessu sem hafði verið pöntuð. Honum tókst ekki að klára hana, nemandi hans sá um það síðar. Nokkrir vinir Mozarts voru hjá honum á dauðastundinni og sungu fyrir hann hluta úr messunni án hljóðfæraleiks.

Minningarorðin voru hjartnæm, og það var líka eitthvað hjartnæmt við tónleikana í heild. Þrátt fyrir þennan vonda tónleikatíma var furðulegt hversu vel heppnaðist. Hinir fölu hljóðfæraleikarar spiluðu af nákvæmni og krafti. Enda prýðilegur konsertmeistari fremst á sviðinu, Una Sveinbjarnardóttir. Hún leiddi hljóðfæraleikarana af röggsemi.

Kórinn var jafnframt frábær. Söngurinn var gríðarlega þéttur og líflegur, sem hljómar kannski mótsagnarkennt þegar sálumessa er annars vegar. En hafa ber í huga að sálumessa Mozarts er fyrst og fremst stórfenglegt tónverk, ekki trúarathöfn. Atburðarásin er hröð, framvindan rösk og spennandi.

Garðar stjórnaði túlkuninni þannig að hún varð afar sannfærandi. Hvergi var dauður punktur í henni. Þvert á móti var hún full af gleði og lífi.

Einsöngvararnir voru fínir. Það voru Þóra Einarsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Garðar Thór Cortes og Kristinn Sigmundsson. Það getur varla verið auðvelt að syngja einsöng eftir miðnætti! En ekki var nein þreytumerki að heyra á einsöngvurunum. Þvert á móti. Söngurinn var hljómmikill og tær, fyllilega í anda tónskáldsins. Þetta var áhrifarík stund.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sálumessa Mozarts var stórbrotin og glæsileg.

TJARNARBÍÓ
STÓRU BÖRNIN 7.DES. KL. 20:00 (SÍÐUSTU SÝNINGAR)
HORN Á HÖFÐI 8. OG 28. DES. KL. 13:00 (SÍÐUSTU SÝNINGAR)
AÐVENTA 8. OG 15. DES. KL. 20:00
NÓTTIN VAR SÚ ÁGÆT EIN 11. 12. OG 13. DES. KL. 20:00
ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEINN 14. OG 15. DESEMBER KL. 15:00
JOHNNY AND THE REST 20. DES. KL. 20:00
BIGGI HILMARS, SÓLEY & PÉTUR BEN 21. DES. KL. 20:00


MIÐASALAN ER OPIN FRÁ KL. 15:00-18:00 ÞRI-FÖS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS / 527-2100 / MIDI.IS
WWW.TJARNARBIO.IS

# Hið gullna afmælishlið LA

Leikfélag Akureyrar setur upp Gullna hliðið í tilefni af fjörutíu ára afmæli sínu. María Pálsdóttir leikur kerlinguna en leikstjóri er Egill Heiðar Anton Pálsson.



**HÓPURINN** Leikhópurinn fór í Laufás í fyrstu viku æfinga til að anda að sér torfbænum. MYND: BJARNI EIRÍKSSON

Æfingar eru hafnar hjá Leikfélagi Akureyrar á Gullna hliðinu eftir Davíð Stefánsson. Egill Heiðar Anton Pálsson leikstýrir verkinu en það er nú sett upp í fjórða sinn hjá LA. Sýningin er hátíðarsýning félagsins á fjörutíu ára atvinnuafmæli þess.

Verkið fjallar um uppgjör kerlingar við líf sitt og Jón mann sinn. Ferðalag hennar til hins gullna hliðs með sálartetur bónda síns í skjóðu er löngu orðið þekkt í íslenskum leikbókmenntum og leitast uppfærslan við að vera trú þessari reisu og varpa ljósi á hvaðan við komum.

Hljómsveitin Eva, með þær Sigríði Eir Zophoníasardóttur og Jóhönnu Völu Höskuldsdóttur innanborðs, semur nýja tónlist við verkið og tekur þátt í uppfærslunni með lifandi tónlistarflutningi.

Með hlutverk kerlingarinnar fer María Pálsdóttir sem eftir nokkurt hlé stígur aftur á fjalirnar hjá LA. Auk hennar leika Aðalbjörg Árnadóttir, Hannes Óli Ágústsson, Hilmir Jensson og fjórtán nemendur úr Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar í sýningunni. Egill Ingibergsson hannar leikmynd og lýsingu, Helga Oddsdóttir hannar búninga, Ingibjörg Huld Haraldsdóttir er aðstoðarleikstjóri og Gígja Hólmgeirsdóttir aðstoðarkona er í starfsnámi hjá LA. Frumsýning er 17. janúar.




# Bettý í gullsleginni hátíðarútgáfu

Arnaldur malar gull í Frakklandi, yfir 300.000 eintök af Bettý seld.



Arnaldur Indriðason gerir það gott í Frakklandi og alls hafa bækur hans selst í 2,5 milljónum eintaka þar í landi. Ein þeirra bóka hans sem setið hafa mánuðum saman á franska metsölulistanum er Bettý, í þýðingu Patricks Guelpa. Fyrir nokkrum dögum var gefin út sérstök gullslegin hátíðarútgáfa af gripnum í tilefni þess að bókin hefur selst í yfir 300.000 eintökum þar í landi.

Sjö titlar alls, eftir jafnmarga höfunda, voru gefnir út af þessu tilefni og kallaðir í fréttum „Une famille en or“ eða „gullfjölskyldan“. Sammerkt eiga bækurnar að hafa selst í yfir 300.000 eintökum í Frakklandi. Höfundarnir, auk Arnaldar, eru John Irving, Henning Mankell, Katherine Pancol, Auður Ava Ólafsdóttir, Jesse Kellerman og Hugh Laurie.

Þess má geta að bækur Arnaldar Indriðasonar hafa selst í yfir 10 milljónum eintaka um allan heim.




**GULLBÓK** Hin gullslegna franska hátíðarútgáfa af Bettý.

# TOPP BÆKUR Á BOTN VERÐI!

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNA- OG UNGLINGA-BÓKUM ÚT DESEMBER**




kr **2.879**
fullt verð 3.599




kr **3.199**
fullt verð 3.999




kr **2.719**
fullt verð 3.399

## Jólavörur á frábæru verði!



einnig **20%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM BÓKUM




**KOMDU og gerðu GÓÐ KAUP!**

**Opið:**

*Alla virka daga*
*Kl. 10-18*
*Laugadaga*
*Kl. 11-18*
*Sunnudaga*
*Kl. 13-18*

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 11. desember 2013 eða meðan birgðir endast. Gildir ekki af íslenskum námsbókum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndvillur.




# Heldur rýr Jón Páll

BÆKUR ★★☆☆☆

**Jón Páll – Ævisaga sterkasta manns í heimi**
Sölvi Tryggvason
**ORMSTUNGA**






Jón Páll Sigmarsson er einn dáðasti íþróttamaður sem við höfum átt. Persónuleiki hans var einstakur, hann var í senn afreksmaður og skemmtikraftur. Sigrar hans á alþjóðavettvangi áttu stóran þátt í að móta sjálfsmynd okkar sem þjóðar. Við áttum ekki bara fallegustu konur í heimi heldur vorum við stærst og sterkust líka.

Sölvi Tryggvason blaðamaður tekst á við það stóra verkefni að gera ævisögu þessa risa í íslenskri menningu skil. Og því miður hefur hann ekki árangur sem erfiði. Ef notast ætti við hið sérstaka tungutak kraftajötnanna í Jakabólinu þar sem Jón Páll hóf sinn feril, þá er bókin hálfgerður „krypplingur“.

Hún er stutt og hlaupið hratt yfir sögu. Æsku og uppvexti Jóns Páls á Snæfellsnesi eru til að mynda gerð skil á fimm blaðsíðum. Sölvi treystir á viðmælendur sína til að segja söguna. Stundum tekst það vel en oft verða viðtölin endurtekningasöm og stundum er sömu sögurnar endurteknar nánast orðrétt, til dæmis þegar Jón Páll reyndi að þyngja sig um fimm kíló á einum degi með því að drekka mjólk (bls. 41 og 183).

Einna mest spennandi kaflinn í ævi Jón Páls er keppni hans á mótunum Sterkasti maður heims á árunum 1986-1990. Sölvi lýsir þessum mótum á sex síðum í eins konar upptalningarstíl – sem er miður því til eru frábærar heimildir, sem lýsa þeim gífurlegu átökum, sálfræðilegu og líkamlegu, sem áttu sér stað á þessum mótum þar sem Jón Páll lagði hvern aflraunamanninn á fætur öðrum að fótum sér og varð fjórum sinnum krýndur sterkasti maður heims.

Sölvi á reyndar hrós skilið fyrir að reyna ekki að fegra sögu Jón Páls, líkt og gert var í heimildarmyndinni „Ekkert mál“ fyrir nokkrum árum. Kaflinn um steraneyslu Jóns er góður. Sölvi hefur heimildir fyrir því að skýrslu um steranotkunina hafi verið stungið undir stól af ráðherra þess tíma og telst það líklega „skúbb“. Í viðtölum við konurnar í lífi Jóns Páls kemur í ljós mynd af manni sem var svo heltekinn af markmiðum sínum að allt sem gæti talist „hefðbundið fjölskyldulíf“ sat á hakanum.

Ef hægt er að draga einhvern lærdóm af lífi Jóns Páls eftir lestur bókarinnar er það hve ótrúlega nákvæmur hann var varðandi æfingar sínar og lífsstíl. Ekkert var tilviljunum háð. Hann æfði meira en allir aðrir, borðaði meira en allir aðrir og hlífði sér aldrei.

Jón Páll á skilið að þeir sem vilja nota nafn hans og sögu til að selja bækur sýni af sér sömu eljusemi. Það gerir Sölvi ekki í þessari bók og því er hún misheppnuð.

**Símon Birgisson**

**NIÐURSTAÐA** Áhugaverð upprifjun á ferli Jóns Páls Sigmarssonar en bókin ristir ekki djúpt. Endurtekningasöm og allt of stutt.





**LJÓSBERI** Björg og fjölskylda hennar stofnuðu líknarsjóð til minningar um föður hennar, Þórhall Höskuldsson, sóknarprest á Akureyri. Fréttablaðið/GVA

# Heldur áfram líknarstarfi föður síns

## Hinir árlegu Ljósberatónleikar verða í Akureyrarkirkju á sunnudaginn. Fyrir þeim stendur Björg Þórhallsdóttir söngkona og allur ágóði rennur til líknarmála.

Þetta er sjötta árið í röð sem tónleikarnir eru haldnir og þriðja árið í röð sem samið er jólalag fyrir okkur sérstaklega," segir Björg Þórhallsdóttir um Ljósberatónleikana sem hún stendur fyrir í Akureyrarkirkju á sunnudaginn. „Í ár er það Michael Jón Clarke sem semur lag við ljóðið Jól eftir Kristján frá Djúpalæk."

Björg hefur fengið fleiri listamenn í lið með sér en auk hennar koma fram þau Kristjana Arngrímsdóttir, Ragnheiður Gröndal og Ívar Helgason, félagar úr Kór Akureyrarkirkju undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar, kammersveit norðlenskra tónlistarmanna, Elísabet Waage hörpuleikari og fleiri. Eyþór Ingi Jónsson leikur á orgel og stjórnandi hljómsveitar er Hilmar Örn Agnarsson. Allir sem að tónleikunum koma gefa vinnu sína og rennur ágóðinn óskiptur í Líknarsjóðinn Ljósberann en tilgangur sjóðsins er að veita líknarog viðlagaastoð til Akureyringa með sérstaka áherslu á aðstoð fyrir jólin.

„Þetta er líknarsjóður sem við í fjölskyldunni stofnuðum 2008 til minningar um föður minn, Þórhall Höskuldsson, sem var prestur við Akureyrarkirkju," útskýrir Björg. „Hans hugsjónamál var líknarstarf og hann beitti sér mjög fyrir aðstoð við þá sem búa við bágust kjör." - fsb



**KAMMERKÓR REYKJAVÍKUR** er einn þeirra fimm kóra sem koma fram í Dómkirkjunni á morgun, sunnudag.

# Ekki beinlínis drengir

## Jól í bænum er yfirskrift hátíðlegra tónleika í Dómkirkjunni síðdegis á morgun. Þar syngja fimm kórar.

Karlakórinn Stefnir í Mosfellsbæ, Breiðfirðingakórinn í Reykjavík, Kammerkór Reykjavíkur, Drengjakór Þorfinnsbræðra og hinn nýstofnaði kór níu lærðra söngkvenna, Boudoir, syngja hver í sínu lagi og saman á jólatónleikum í Dómkirkjunni á morgun.

„Síðustu fimm lögin syngja kórarnir saman. Þá verður til risakór með 120 til 130 manns," segir Julian Hewlett skipuleggjandi tónleikanna. Sjálfur stjórnar hann fjórum kóranna í vetur, eða öllum nema Drengjakór Þorfinnsbræðra sem hann segir gestakór. „Þetta eru ekki beinlínis drengir, allir kringum fimmtugt, sextugt. Þetta var bara sniðugt nafn sem þeir tóku upp," upplýsir hann og bætir við að Guðbjörg Tryggvadóttir, sem er einsöngvari með Kammerkór Reykjavíkur ásamt Kristínu R. Sigurðardóttur, stjórni drengjunum.

„Þetta er alþjóðleg tónlist. Ekki einvörðungu jólatónlist en textarnir eru allir hátíðlegir, svolítið friðartengdir," segir Julian sem er höfundur þriggja þeirra laga sem flutt verða. Eitt þeirra nefnist Jól í bænum og sá titill var yfirfærður á tónleikana því að sögn Julians er textinn jákvæður og einkennandi fyrir dagskrána.

Julian kom frá Englandi til Íslands fyrir tuttugu og fimm árum og hefur starfað við tónlist alla tíð síðan sem kennari, tónskáld og kórstjóri, fyrst á Skagaströnd og síðan Egilsstöðum, sex ár á hvorum stað, en flutti suður árið 1988. Hann leikur á píanó á tónleikunum á morgun, ásamt Guðríði Sigurðardóttur.

Miðar verða seldir við innganginn á 1.500 krónur en 1.000 fyrir eldri borgara og öryrkja og frítt er fyrir börn yngri en tólf ára. - gun

FASTEIGNASJÓÐUR Í REKSTRI
AUÐAR CAPITAL

FASTEIGNASJÓÐUR BÝÐUR ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

FASTEIGNAAUÐUR 1 hefur tekið við rekstri eftirtalinna húseigna og býður þær nú til leigu til traustra leigutaka. **Tækifæri til að semja við öflugan leigusala sem er tilbúinn að laga húsnæðið að þörfum leigutaka.**



ÁRMÚLI 2
Mjög glæsileg skrifstofubygging um 3.500 m² sem stendur á stórri lóð með 110 bílastæðum. **Húsið er vel staðsett og sérstaklega vel búið fyrir upplýsingatæknifyrirtæki.** Húsið er einnig góður kostur sem höfuðstöðvar stórra fyrirtækja sem þurfa góða staðsetningu og auglýsingagildi. Getur leigst án VSK.

KÖLLUNARKLETTSVEGUR 2
Vöruskemma með fullbúnu rekkakerfi, lofthæð 7m, um 1060m². Þjónusturými á jarðhæð um 500m². Vandað skrifstofurými á 2. hæð (slétt af efra bílaplani) um 350m². Samtals um 1910m². **Húsið er mjög vel búið og tilbúið til notkunar, mjög stórt útisvæði.** Þessi eignarhlutar þurfa ekki allir að leigjast saman. Getur leigst án VSK.





GRENSÁSVEGUR 10
Gott skrifstofuhúsnæði á þremur hæðum um 1558m² og 220m² verslunar- eða þjónusturými á jarðhæð, samtals um 1778m². Rýmin tengjast um stigahús þannig að þau geta myndað eina heild. **Gott bílaplan er við húsið og frábærar tengingar við almenningssamgöngur.** Einnig kemur til greina að leigja húsið í smærri hlutum. Getur leigst án VSK.

SÍÐUMÚLI 23
Skrifstofu- og lagerhúsnæði, vel staðsett með mikla möguleika samtals um 1550m². Á annarri hæð hússins eru góð skrifstofuherbergi. Á jarðhæð eru opin skrifstofu- og verslunarrými ásamt lager í aftari hluta hússins. **Húsinu eru hægt að skipta upp í nokkrar minni einingar.** Fyrir liggur áætlun um endurbætur á ytra byrði hússins.





LYNGHÁLS 9
Allt að 1630m² geta verið lausir í þessu húsi. **Mjög vandað skrifstofuhúsnæði með skrifstofum og opnum rýmum.** Húsnæðið var endurnýjað fyrir fáum árum. Þessi eign býður upp á frábæra aðstöðu í vandaðri byggingu með góðri aðkomu og nægum bílastæðum. Getur leigst án VSK.

Allar nánari upplýsingar gefur Börkur Grímsson í síma 892 1542

AUÐUR CAPITAL




Kyrrðardagar í desember

Dagana fyrir sólstöður er dagskrá fyrir alla þá sem vilja sinna andlegri og líkamlegri heilsu sinni og fá skjól til að rækta sinn innri mann.

Kyrrðardagar verða haldnir 19. - 22. desember á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. **Á dagskrá er meðal annars:** Samverustund - Hugleiðing Bæn og íhugun í þögn - Yoga - Hlustunarhópar - Helgistund - Leikfimi Slökunartímar - Útivist og fræðslufundir. Innifalið er gisting, ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.

1 dagur 14.900 kr. á mann.
3 dagar 38.700 kr. á mann.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Berum ábyrgð á eigin heilsu






**FEMÍNÍSK UMRÆÐA** Heike Munder talar um femínisma í myndlist í Hafnarhúsi á þriðjudagskvöldið.

# Femínískur fyrirlestur í Hafnarhúsi

Safnstjóri Migros Museum für Gegenwartskunst, Heike Munder, er fyrsti gesturinn í fyrirlestraröðinni Umræðuþræðir. Hún talar um femínisma í myndlist.

Heike Munder, safnstjóri Migros Museum für Gegenwartskunst Zürich, er fyrsti gesturinn í fyrirlestraröðinni Umræðuþráðum á þessum vetri og flytur fyrirlestur í Hafnarhúsinu á þriðjudagskvöldið. Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og Listaháskóla Íslands.

Fyrirlestur Munder, sem nefnist It's Time for Action (There's No Option), tekur titil sinn frá samnefndu lagi Yoko Ono frá árinu 2000. Ono hefur frá upphafi listferils síns á sjöunda áratug síðustu aldar, áður en femínismi varð að gjaldgengu hugtaki, deilt á kynbundin hlutverk og fyrirkomulag stétta- og feðraveldis í samfélaginu. Fyrirlestur Munders tekur mið af þessari viðleitni Yoko Ono og mun beina sjónum að femínisma í myndlist og greina hvötina til að rísa upp gegn fyrirkomulagi valdsins.

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og Listaháskóla Íslands. Lagt er upp með að skapa vettvang fyrir alþjóðleg tengsl og umræður um myndlist í fyrirlestraröð ár hvert. Þátttakendur eru virtir sýningarstjórar, fræði- og listamenn sem eiga merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn án endurgjalds.

# Djasskvöld á Kexi í hundraðasta sinn

Þór Breiðfjörð syngur jóladjass ásamt hljómsveit.

Hundraðasta djasskvöldið á Kex Hosteli verður haldið á þriðjudagskvöldið. Djassinn hófst í janúar 2012 og hefur staðið vikulega og stundum rúmlega það allar götur síðan. Á hundraðasta kvöldinu kemur fram söngvarinn Þór Breiðfjörð og flytur jóladjass af ýmsum gerðum. Með honum leika þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Jón Rafnsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónlistin hefst klukkan 20.30 og stendur í um það bil 2 klukkustundir, með hléi. Sem fyrr er aðgangur ókeypis. Dagskrár- og kynningarstjóri KexJazz er Sigurður Flosason.



**DJASSAR INN JÓLIN** Þór Breiðfjörð flytur jóladjass á KexJazzi á þriðjudag.

# Lolita Nabokovs væntanleg á íslensku

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur úthlutað öllum styrkjum yfirstandandi árs, þar á meðal til þýðinga.

Fyrsta starfsár Miðstöðvar íslenskra bókmennta er senn á enda og hefur stjórn miðstöðvarinnar nú úthlutað öllum styrkjum yfirstandandi árs. Þar á meðal er síðari úthlutun styrkja til þýðinga á íslensku en þar voru meðal annars veittir styrkir til þýðinga á Lolitu eftir Vladimir Nabokov, El prisionero del cielo eftir Carlos Ruiz Zafón og Se una notte d'inverno un viaggiatore eftir Italo Calvino.

Á árinu bárust m.a. 115 umsóknir um útgáfustyrki frá 62 aðilum að upphæð 106,7 milljónir króna. 20,4 milljónum króna var úthlutað til 42 útgáfuverkefna. Til samanburðar má geta þess að árið 2012 bárust 92 umsóknir um útgáfustyrki að upphæð 82,9 milljónir króna, veittir voru 28 styrkir til útgáfu, samtals að fjárhæð 14 milljónir króna.



**NABOKOV** Meðal verkefna sem styrki hlutu er Lolita eftir Vladimir Nabokov.



Benedikt Ólafsson

# 661 7788

Heilindi - Dugnaður - Árangur

Íris Hall
Löggiltur Fasteignasali
Sími: 512 4900



Landmark leiðir þig heim!

## 100% þjónusta = árangur*

# STEINHELLA 14, HAFNARFIRÐI









Góð fjárfesting fyrir áramót

LANDMARK kynnir í sölu glæsilegt 50 fm. iðnaðar eða frístundabil með góðri lofthæð að Steinhellu 14 í Hafnarfirði. Hentar til margskonar starfsemi.

Lóðin er malbikuð !
Stórar innkeyrsludyr eru á eigninni ( 3,4 m x 3,5 m ).
Við hliðina á innkeyrsludyr er sér gönguhurð með þriggja punkta læsingu.

Mikil áhersla verður lögð á snyrtilega umgengni, og búið er að stofna húsfélag sem heldur utan um húsreglur.

Engin virðisaukaskattskvöð er á eigninni, sem einfaldar kaup fyrir einstaklinga, svo og útleigu hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem verður þá án virðisauka!

**Verð aðeins frá 8.9 milljónir**
**Pantið tíma í skoðun hjá Benedikt S: 661 7788**

Landmark leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNASALA
**Sími 512 4900**
**landmark.is**
**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

GELLIR
FASTEIGNASALA

## Til leigu - Hafnarstræti 97, Akureyri




Til leigu á annari hæð í lyftuhúsi, gott gluggarými allt að 270 fm.

Mikil umgengni í húsinu, lækna-stofur, sjúkranudd og fl.
Apotek í næsta húsi.

**Upplýsingar gefur Vilhelm s: 461 2010**

Hafnarstræti 83 - 600 Akureyri - vilhelm@gellir.is - www.gellir.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll



**FRÁBÆRT VERÐ!**

**1398** kr. kg
Krónu hamborgarhryggur



**40% afsláttur**

**2759** kr. kg
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote erlent

# ÓDÝRARI JÓL Í KRÓNUNNI!



2 í pk.

**398** kr. pk.
Ungnauta hamborgari, 120 g

**2068** kr. kg
Krónu kjúklingabringur, ferskar



**25% afsláttur**

**598** kr. kg
Verð áður ~~798~~ kr. kg
Grísabógur hringskorinn

**25% afsláttur**

**998** kr. kg
Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur með pöru

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



**998** kr. pk.

**Kaupauki**
Piparkökuform fylgir með kaupum á kippu af 4x2L Coke*

Með hverri kippu færð þú
1 pk.



* Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke zero á meðan birgðir endast.

'Coca-Cola', the contour bottle and Santa are trademarks of the Coca-Cola Company. ©2012 The Coca-Cola Company

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum


SÆNSK SKINKA
ESJA GÆÐAFÆÐI
Ekta Bayonne LÉTTREYKT SKINKA
ESJA
1298 kr. kg
Esju Sænsk skinka
1298 kr. kg
Esju Bayonneskinka úr læri
898 kr. stk.
Andabringur þýskar, 200 g
Forréttir í úrvali!
20% afsláttur
Icelandic Salmon
2989 kr. kg
Verð áður 3798 kr. kg
Reykás, reyktur og grafinn lax í bitum
Jóla Kúttersíld
729 kr. pk.
Kútter jólasíld, 565 g
PATÉ
Esju
Hreindýrapate 3398 kr./kg
Sveitapate 3198 kr./kg
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR 7. DESEMBER | SUNNUDAGUR 8. DESEMBER

### Tónleikar

**15.00** Veitingastaðurinn Munnharpan í tónlistarhúsinu Hörpu býður Íslendingum í jólaskapi upp á hlýlegan og skemmtilegan **jólajazz**. Jólalögin taka hressilegan soul-jazz snúning. Snorri Sigurðarson trompet, Karl Olgeirsson Hammond orgel, Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommur.

**22.00** Hinir ástsælu **Spaðar** halda afmælis- og útgáfutónleika á Café Rosenberg.

**23.00** Dúettinn **Vandi heimilanna** skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Leiklist

**14.00 Trúðurinn Sósa** og jólasveinarnir. Jólaleikrit í Landnámssýningunni Aðalstræti 16. Krakkar á aldrinum 7-8 ára og yngri eru boðnir sérstaklega velkomnir. Sýningin tekur rúman hálftíma. Ókeypis aðgangur.

### Fræðsla

**13.00 Jólaföndurkennsla** í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a. Efni og áhöld á staðnum. Allt ókeypis, allir velkomnir!

**13.00 Aðventuferð** á vegum U3A Reykjavík á Korpúlfsstaði. Aðstaða félagsstarfsins hjá Korpúlfum og Golfklúbbs Reykjavíkur skoðuð og listamenn opna vinnustofur sínar. Birgir Sigurðsson, skáld og rithöfundur, fræðir fólk um Korpúlfsstaði en þar dvaldi hann sem ungur drengur. Þátttökugjald, sem greiðist á staðnum, er kr. 1.800 og er kaffihlaðborð innifalið í gjaldinu. Þátttakendur í aðventuferðinni mæti á Korpúlfsstaði.

### Fundir

**10.00 Á milli frænda:** Ráðstefna um þýðingar á milli norsku og íslensku í Þjóðarbókhlöðu, fyrirlestrasal.

**13.30** Jólafundur **Félags kennara** á eftirlaunum í Grand Hóteli kl. 13:30. Meðal gesta eru **Edda Andrésdóttir** og EKKÓ-kórinn. Komum tímanlega.



### Bókmenntir

**13.30** Árleg bókmenntakynning **MFÍK** verður haldin í MÍR salnum við Hverfisgötu 105. Upplesturinn hefst kl. 14. Glæsilegt kaffihlaðborð 1.000 krónur.

### Fyrirlestrar

**13.00 Kristín Einarsdóttir**, aðjunkt í þjóðfræði við Háskóla Íslands, mun halda fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Sviðsetning jólanna, frá handriti til sýningar. Í fyrirlestrinum mun Kristín fjalla um jólasiði frá öðru sjónarhorni en venja er. Fyrirlesturinn er ókeypis og allir velkomnir!

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

### Tónleikar

**16.00 Fimm kórar** munu syngja saman inn jólin í Dómkirkjunni. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Jól í bænum". Að flutningi tónleikanna standa því um 130 manns. Kórarnir sem syngja saman eru: Karlakórinn Stefnir, Breiðfirðingakórinn í Reykjavík, Kammerkór Reykjavíkur, Drengjakór Þorfinnsbræðra og Kvennasönghópurinn Boudoir. Miðar verða seldir við innganginn á kr.1.500/1.000 og frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

**17.00 Andrea Jónsdóttir** leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**17.00** Hátíð í Hallgrímskirkju: Jólatónleikar með **Mótettukórnum og Diddú**. Mótettukór Hallgrímskirkju, stjórnandi Hörður Áskelsson. Sigrún Hjálmtýsdóttir, einsöngur Baldvin Oddsson, trompet. Björn Steinar Sólbergsson, orgel. Á efnisskránni er hátíðleg aðventu- og jólatónlist, kórverk, einsöngsverk og sígildir jólasálmar.

**17.00 Selkórinn** ásamt **Gissuri Páli Gissurarsyni** tenór verður með tónleika í Seltjarnarneskirkju. Á efnisskrá eru sannkallaðar jólaperlur bæði innlendar sem erlendar.

**20.00** Líknarsjóðurinn **Ljósberinn** heldur árlega styrktartónleika í Akureyrarkirkju. Þetta er sjötta árið í röð sem þessir tónleikar eru haldnir. Tónleikarnir eru styrktartónleikar fyrir Líknarsjóðinn Ljósberann en tilgangur sjóðsins er að veita líknar- og viðlagaaðstoð til Akureyringa með sérstaka áherslu á aðstoð fyrir jólin.

**20.00 Jólatónleikar** í Hjallakirkju í Kópavogi. Fram koma: Kór Hjallakirkju ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum. Mjög fjölbreytt efnisskrá með nýjum og gömlum jólalögum í bland við hefðbundin. Kórsöngur, kvartettsöngur, tvísöngur, einsöngur og almennur söngur. Stjórnandi er Jón Ólafur Sigurðsson. Ókeypis aðgangur.

### Sýningar

**13.00** Síðasti dagur sýningar **Önnu G. Torfadóttur** myndlistarmanns í Artótek. Sýningin er á Reykjavíkurtorgi á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

### Hátíðir

**16.30 Kór Átthagafélags Strandamanna** heldur aðventuhátíð í Bústaðakirkju. Stjórnandi er Ágota Joó. Barnakórinn syngur nokkur lög Miðaverð er 3.000 kr. fyrir fullorðna, frítt fyrir fyrir börn 14 ára og yngri. Kaffihlaðborð innifalið.

### Kvikmyndir

**15.00** Í MÍR, Hverfisgötu 105, verður sovéska kvikmyndin **Elsku hjartans skepnan mín** frá 1978 sýnd. Hún er byggð á skáldsögu Tsjekhovs Harmleikur á veiðum (Drama na okhote). Leikstjóri er Emil Loteanu, en meðal leikenda eru Galína Belajeva, Oleg Jankovskíj og Kíríll Lavrov. Rússneska. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

**15.00** Í tilefni af dánardægri John Lennon, verður heimildarmyndin **Imagine John Lennon** sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15, 5. hæð. Þetta ævisöguleg heimildarmynd um Lennon frá árinu 1988 sett saman úr hans eigin myndasafni. Rödd Lennons sjálfs er notuð til að segja söguna. Allir velkomnir.

### Söngskemmtun



**14.00 Dr. Gunni** og vinir munu skemmta gestum Þjóðminjasafnsins ásamt Grýlu og Leppalúða. Skemmtunin er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

**EKKI MISSA AF**

**Jólaþorpið í Hafnarfirði**

**Frá 12 til 17 laugar- og sunnudag.**

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fullorðna. Margt girnilegt að skoða og versla í söluhúsunum.


Jólauppboð

í Gallerí Fold

sunnudaginn 8. desember kl. 16
og mánudaginn 9. desember kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.




Forsýning alla helgina í Gallerí Fold
laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–15,
mánudag kl. 10–17
(einungis þau verk sem boðin eru upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Fljúgum hátt í Hallgrímskirkju

**Diddú kemur fram með Mótettukór Hallgrímskirkju í fyrsta sinn um helgina.**



**SYNGUR JÓLAPERLUR** Diddú lofar góðri stemningu í Hallgrímskirkju um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um helgina heldur Mótettukór Hallgrímskirkju sína árlegu tónleika og í ár mun Diddú koma fram með honum. „Ég er ákaflega stolt yfir að hafa verið boðið þetta, að vera með í þessum guðdómi," segir söngkonan góðkunna. Hún hefur sjálf verið viðstödd tónleikana sem áhorfandi en fær nú að taka þátt sjálf. „Ég hef notið þessara tónleika vel og oft. Við ætlum okkur að fljúga hátt í kirkjunni. Þarna verða jólaperlur eftir Halldór Hauksson frumfluttar og kornungur trompetleikari, Baldvin Oddsson, sem er í námi í New York, ætlar að flytja með mér sannkallaða flugeldaaríu. Svo verðum við með hefðbundin jólalög. Jólastemning eins og hún gerist best," útskýrir Diddú. Tónleikar Mótettukórsins og Sigrúnar Hjálmtýsdóttur verða á dagskrá klukkan 17, bæði í dag og á sunnudag í Hallgrímskirkju. **- kak**


Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Umsóknarfrestur er 10. janúar 2014

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið með styrkjunum er að gefa útlendingum sem búsettir eru á Íslandi tækifæri til að öðlast færni í íslensku.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku geta sótt um styrki.

Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi

Upplýsingar um sjóðinn veitir Margrét Jóhannsdóttir, margret.johannsdottir@rannis.is, sími 515 5835.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


## Þeir sem mæta í búningi fá verðlaun

**Gestir hvattir til að mæta í miðaldalegum búningum.**

Í dag verður blásið til útgáfugleði í tilefni af því að unglingabókin Draumsverð er komin í verslanir. Bókin er eftir Snæbjörn Brynjarsson og Kjartan Yngva Björnsson. Allir sem mæta í búningum fá verðlaun. Hugmyndin er að fólk mæti í búningum sem tengjast bókaflokknum, en Draumsverð er framhald verðlaunabókarinnar Hrafnsauga, sem fékk Íslensku barnabókaverðlaunin og líka Bóksalaverðlaunin í flokki unglingabóka.

„Búningar sem tengjast bókaflokknum væru eitthvað miðaldalegt," segir Snæbjörn, annar tveggja höfunda bókarinnar. „Ef einhver á til dæmis föt úr hreindýraskinni og mætir í þeim þá er það ekki verra. Ef einhver mætir hins vegar í flottum búningi sem tengist ekki bókaflokknum þá sjáum við alveg aumur á þeim og gefum þeim verðlaun." Útgáfugleðin hefst klukkan 15 í Bókabúð Máls og menningar á Laugaveginum. **- ue**



**HRESSIR** Kjartani og Snæbirni finnst gaman að dressa sig upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA









# Ljúffeng sætindi um jólin laus við sykur, ger og glúten




María Krista býður upp á spennandi brauð og holla sæta rétti.
Bókin fyrir þá sem vilja fylgja lágkolvetnamataræði,
eða takmarka neyslu á hvítum sykri og sterkju.

Salka

# Sannkölluð matargleði












80 unaðslegar sælkerauppskriftir
eftir sjónvarpskokkinn og
matarbloggarann góðkunna
Evu Laufeyju

Hvaðan kemur krafturinn?
– Snorri á Fossum




Snorri á Fossum seldi fjall til að geta einbeitt sér að hjálparstörfum. Þessi fjölhæfi maður er allt í senn; bóndi, hestamaður, leikari og söngvari. Með beinni tengingu við dulin öfl nær hann undraverðum árangri.

**Áhugaverð saga sem lætur engan ósnortinn.**

**Ný prentun komin.**

Salka Kíktu á salka.is






**KRÚTTLEGT OG KÓSÍ** Hendur í Höfn er krúttlegasta kaffihús landsins að sögn Dagnýjar. MYND/DAVÍÐ ÞÓR GUÐLAUGSSON

# Fyrsta kaffihúsið í sögu bæjarins

**Rómantíska kaffihúsið Hendur í Höfn í Þorlákshöfn er eina kaffihús bæjarins. Eigandinn er ástríðukokkur og notar hráefni sem kemur beint frá býli.**

„Þetta er fyrsta kaffihúsið í Þorlákshöfn og ég myndi segja að þetta sé rómantískasta kaffihús á Íslandi,“ segir Dagný Magnúsdóttir glerlistakona og eigandi kaffihússins og listasmiðjunnar Handa í Höfn. Hún hefur starfrækt listasmiðju í um þrjú ár og gekk sú starfsemi svo vel að út frá henni varð kaffihúsið til. „Kveikjan að kaffihúsinu var að ég vildi þjóna viðskiptavinum mínum betur,“ útskýrir Dagný.

Aðdragandi opnunarinnar var þó langur en Dagný stundaði nám á sóknarbraut Nýsköpunarmiðstöðvar fyrir nokkrum árum og nýtti sér þá hugmyndina að kaffihúsi samhliða Höndum í Höfn við nám- og verkefnavinnuna þar en Nýsköpunarmiðstöðin hvatti hana til dáða við framkvæmdina. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið varðandi markaðs- og kynningarmál sem hafa komið að góðum notum við þessa vinnu.

„Ég hef ávallt haft mikla ástríðu fyrir matargerð og bakstri.“ Dagný tók þátt í sjónvarpsþættinum Masterchef síðastliðið haust og setti sér það markmið að ef hún næði upp í 25 manna úrtökuhóp léti hún drauminn um kaffihús í Þorlákshöfn rætast. „Ég stóð við stóru orðin og lét slag standa.“ segir Dagný létt í lundu.



**STÓÐ VIÐ STÓRU ORÐIN** Dagný Magnúsdóttir, eigandi eina kaffihússins í Þorlákshöfn, Handa í Höfn. MYND/HJALTI VIGFÚSSON

Innviðir kaffihússins eiga það sameiginlegt að vera komnir til ára sinna en hafa fengið upplyftingu og nýtt hlutverk. Í Höndum í Höfn má meðal annars kaupa ýmsa glervöru og lífsstílstengdar matvörur frá Nicolas Vahé. „Ég notast við ösku úr Eyjafjallajökli og sand úr nálægri fjöru í glermunina mína.“

Dagný hefur mikinn metnað til matargerðar og leggur mikið upp úr því að nota ávallt úrvalshráefni. „Hráefnið kemur að mestu leyti beint frá býli og veitingarnar eru lagaðar frá grunni á staðnum.“

Þá hefur staðurinn einnig verið virkur í tónleikahaldi og hafa ýmsir listamenn komið þar fram að undanförnu.

Hendur í Höfn er opið frá fimmtudegi til sunnudags en opið er fyrir hópa utan opnunartíma.

**- glp**

# Norsk sombímynd á Sundance-hátíðina

**Dead Snow 2 verður frumsýnd á Sundance í janúar. Sagafilm er meðframleiðandi myndarinnar.**

„Þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir verkefnið og það er mikil viðurkenning fyrir myndina að vera frumsýnd á einni stærstu kvikmyndahátíð heims,“ segir Ragnar Agnarsson, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu Sagafilm. Norska sombímyndin Dead Snow 2, sem heitir á frummálinu Død snø 2, verður frumsýnd á bandarísku kvikmyndahátíðinni Sundance í janúar en Sagafilm er meðframleiðandi myndarinnar.

Myndin var tekin upp á Íslandi í sumar og er framhald myndarinnar Dead Snow, Død snø, frá árinu 2009 sem sló rækilega í gegn og hefur verið seld til 73 landa. Velgengnin kom leikstjóra myndanna, Tommy Wirkola, á kortið og leikstýrði hann meðal annars Hollywood-myndinni Hansel & Gretel: Witch Hunters.

Ragnar og teymið hjá Sagafilm unnu náið með framleiðendum myndarinnar, norska fyrirtækinu Tappeluft, og útilokar Ragnar ekki nánara samstarf með fyrirtækinu.



**STOLTUR** Ragnar Agnarsson segir þetta mikla viðurkenningu fyrir myndina.

„Það á eftir að koma í ljós hvort við vinnum meira saman. Við höfum hent hugmyndum á milli og rætt nánustu framtíð en það er ekkert sem ég get staðfest að svo stöddu.“

**- lkg**

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# ÚTSALA

-60% -20% -40%

**LONSDALE PRO TRAIN BOX HANSKAR**
MARGIR LITIR



**4.390KR**

**KARRIMOR HLAUPAJAKKI HERRA**



**3.990KR**

**KARRIMOR CHEVIOT GÖNGUSKÓR HERRA**



**17.890KR**

**LONSDALE BYRJENDA BOX SETT**



**12.890KR**

**KARRIMOR KSB250 HERRA**
MARGIR LITIR



**7.990KR**

**GOLDDIGGA FUNNEL HETTUPEYSA**
MARGIR LITIR



**2.990KR**

**NIKE COURTTRADITION**
MARGIR LITIR



**6.390KR**

**FIRETRAP ZIP KVENNA**



**8.390KR**

**LONSDALE BÓMULLARBUXUR BARNA**
MARGIR LITIR



**2.990KR**

**EVERLAST PREMIUM HETTUJAKKI HERRA**
MARGIR LITIR



**7.590KR**

## SPORTS DIRECT - LINDUM - SKÓGARLIND 2 - KÓPAVOGI

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER:
12.DES - 18. DES: 10-22 | 19.DES - 23. DES:10-23
Aðfangadagur: 10-16 | Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Lokað



facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

## NÝTT KREDITKORTATÍMABIL

Hin **Fullkomma** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



# Vissum að samningur myndi valda urg

**Prósentan sem rithöfundar fá af sölu kilja fer niður úr 23 prósentum í 18 samkvæmt nýlegum samningum á milli rithöfunda og útgefenda. Formaður samninganefndar rithöfunda segir útgefendur og rithöfunda hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Kjarabótum var líka náð fram í samningunum. Hildi Knútsdóttur rithöfundi finnst nýju samningarnir ósanngjarnir en gat þó ekki kosið um þá.**

„Útgefendur hefðu ekki samþykkt samningana ef samninganefnd rithöfunda hefði ekki gengið að kröfu þeirra um lægri kiljuprósentu. Þá hefðu þeir ekki viljað ganga til samninga yfirhöfuð,“ segir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður samninganefndar rithöfunda, um nýlega samninga á milli rithöfunda og útgefenda. Áður fengu höfundar sömu prósentu af kiljum og af harðspjaldabókum, 23 prósent af heildsöluverði af hverri seldri bók. Nú lækkar prósentan sem rithöfundar fá af kiljum niður í 18 prósent en hlutfall af harðspjaldabókum stendur í stað.

„Við mættumst þarna með okkar sjónarmið og svona varð niðurstaðan. Það sem er mikilvægast fyrir rithöfunda er að einhver samningur sé í gildi, því að það er ekki sjálfgefið. Við þekkjum líka þá stöðu. Í Svíþjóð til dæmis misstu höfundarnir samninga við bókaútgefendur fyrir nokkrum árum. Svona samningar eru ekki í gildi þar og það gróf undan höfundunum. Þetta virtist okkur vera skynsamlegast í stöðunni,“ bætir Aðalsteinn Ásberg við.

Samningarnir eru ekki að öllu leyti afturför fyrir rithöfunda að mati Aðalsteins Ásbergs. „Við náðum líka fram kjarabótum í þessum samningum, eins og milliuppgjöri sem skiptir rithöfunda máli.“ Áður fengu rithöfundar yfirleitt ekki greitt fyrir sölu bóka nema einu sinni á ári. „Svo verður líka að taka það fram að þetta eru lágmarkssamningar. Það er ekki hægt að banna neinum að semja um hærri prósentu ef hann er í aðstöðu til þess. En við vissum að þetta myndi valda urg. Það er ekkert gaman að kynna svona breytingu.“

> **Það sem er mikilvægt í svona samningi er að hann sé ekki á skjön við raunveruleikann; að hann sé eitthvað sem hægt er að virða og fara eftir í raun og veru.**
> *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*

Aðalsteinn Ásberg segir hins vegar ekki um venjulega kjarasamninga að ræða „Mönnum hættir til að stilla útgefendum og rithöfundum upp sem andstæðingum, en þeir eru í raun og veru samherjar. Þeir eru ekki öndverðir pólar. Þeir eru að vinna að sameiginlegum hagsmunum.“

Aðalsteinn Ásberg segir að nauðsynlegt hafi verið að uppfæra gamla samninginn vegna þess að hann hafi ekki verið virkur í raun og veru. „Það sem er mikilvægt í svona samningi er að hann sé ekki á skjön við raunveruleikann; að hann sé eitthvað sem hægt er að virða og fara eftir í raun og veru. Það verður að segja um gamla samninginn sem gilti fram til þessa að það voru ýmis ákvæði í honum sem voru brotin og allir gerðu sér grein fyrir því og það var erfitt að snúa þeirri þróun við.“

ugla@frettabladid.is



**SAMHERJAR** Aðalsteinn Ásberg segir rithöfunda og útgefendur vera í raun samherja.

## Ákveðin stétt tekin fyrir

„Ég klikkaði á því að sækja um í Rithöfundasambandið þannig að ég gat ekki kosið um þetta,“ segir Hildur Knútsdóttir rithöfundur. Henni finnst nýju samningarnir ósanngjarnir. „Ég fékk ekki mikið borgað fyrir hvert eintak af Slætti sem kom út árið 2011 og hefði fengið töluvert lægri upphæð ef þessir samningar hefðu verið í gildi þá. Það eru aðallega nýir höfundar sem eru frumútgefnir í kilju. Þeir fá fæstir ritlaun, þannig að höfundarlaunin þeirra eru einu tekjurnar sem þeir fá fyrir skrifin. Eldri höfundar eiga meiri möguleika á ritlaunum. Svo er kynjavinkill í þessu. Skvísubækur eru yfirleitt bara gefnar út í kilju þannig að segja má að verið sé að taka ákveðna stétt höfunda fyrir og lækka höfundarlaun þeirra.“



**GAT EKKI KOSIÐ** Hildur flaskaði á því að sækja um aðild að Rithöfundasambandinu.
MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hildur bendir á að þetta geti orðið afturhvarf til þess tíma þegar bókaútgáfa var mest í jólavertíðinni og dreifðist minna yfir árið. „Síðustu ár hafa verið fleiri frumútgáfur á vorin. Þessir samningar grafa undan þessari framför af því að höfundur sem getur valið um að gefa út kilju um vorið eða bók í harðspjaldi um jólin velur augljóslega síðari kostinn vegna þessara samninga.“ Hildur ætlar að drífa í að sækja um aðild að Rithöfundasambandinu svo hún geti kosið um næstu samninga eftir tvö ár.

# Heimsókn frá kólumbískum kaffibónda

Eigendur K-bar flytja inn kaffi beint frá býli.

Eigendur K-bar fengu heimsókn frá bóndanum sem býr til kaffið sem verður á boðstólum hjá þeim. „Hann heitir Luis Velez,“ segir Ólafur Örn Ólafsson á K-bar.

„Metnaður Luis Velez í lífinu er að búa til besta kaffið í heiminum. Hann er nýfarinn að rista kaffið heima hjá sér. Leiðin af akrinum styttist töluvert við það. Við flytjum það inn beint hingað í lofttæmdum umbúðum, þannig að það skilar sér til okkar í sama ástandi og það var í fyrir mánuði í Kólumbíu. Við viljum halda því fram að varan sé ferskari fyrir vikið.“



**KÁTIR** Luis og Ólafur eru báðir miklir smekkmenn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í næstu viku verður K-bar opnaður fyrr á morgnana og þá verður boðið upp á þetta kólumbíska kaffi. Hingað til hefur K-bar fyrst og fremst verið veitingastaður en verður nú bæði kaffihús og veitingastaður. - ue

# Nýr veitingastaður með hesthús í bakgarðinum í hjarta borgarinnar

Kol Restaurant er nýr veitingastaður við Skólavörðustíg.

„Þetta verður svona „casual fine dining“ veitingastaður en við ætlum einnig að hafa hann svona stemningsstað því við erum líka með stóran bar,“ segir Óli Már Ólason, einn þriggja eigenda nýs veitingastaðar sem ber nafnið Kol Restaurant. Ásamt Óla eru þeir Stefán Magnússon og Andri Björn Björnsson eigendur staðarins en fyrir eiga þeir veitinga- og skemmtistaðina Vegamót og Lebowski.

„Við viljum gjarnan nýta hesthúsið sem er í bakgarðinum.“ Í bakgarðinum stendur elsta hesthús Reykjavíkur og er stefnt að því að nýta það sem hluta af staðnum. „Húsafriðunarnefnd berst nú fyrir því að það verði ekki rifið en við viljum tengja það veitingastaðnum,“ bætir Óli við.

Þeir hafa fengið til sín fagmenn til að sjá um matreiðsluna. „Einar Hjaltason og Kári Þorsteinsson sjá um eldamennskuna en þeir hafa báðir starfað erlendis eins og á Dabbouf, 2850 og Texture í London.“ Þess má geta að á staðnum er einstakur viðarkolaofn sem verður notaður til að töfra fram ljúft og seiðandi bragð.

Í salnum mun Gunnar Rafn Heiðarsson galdra fram sérstaklega vandaða kokteila þar sem öll síróp og safar eru heimagerð en áður starfaði hann sem veitingastjóri á Sjávarkjallaranum og Slippbarnum. Hönnun staðarins er í höndum Leifs Welding og Brynhildar Gunnarsdóttur arkitekts. Staðurinn tekur um hundrað manns í sæti en þeim gæti þó fjölgað ef hesthúsið verður hluti af staðnum.



**SEIÐANDI VEITINGASTAÐUR** Óli Már Ólason er ásamt Stefáni Magnússyni og Andra Birni Björnssyni að opna veitingastað við Skólavörðustíg sem ber nafnið Kol Restaurant.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kol Restaurant við Skólavörðustíg verður opnað í byrjun janúar. - glp



# Slysaðist til að búa til gallabuxur og veltir 20 milljörðum

Stjórnarformaður ACNE heldur fyrirlestur á Íslandi á HönnunarMars. Þema fyrirlestrardagsins er að takast á við raunveruleikann.

Mikael Schiller, stjórnarformaður og einn stofnenda sænska tískurisans Acne Studios, er einn fyrirlesara sem hafa boðað komu sína á HönnunarMars. Acne hefur á skömmum tíma orðið að alþjóðlegu hátískufyrirtæki með verslanir í Stokkhólmi, Tókýó, París, London, New York og Los Angeles.

„Það er fagnaðarefni að fá Mikael til landsins en saga fyrirtækisins er áhugavert," segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars. „Acne verður til úr eins konar hönnunarkollektívi og auglýsingastofu sem hálfpartinn slysaðist til að búa til gallabuxur sem síðan slógu í gegn."

Þema fyrirlestradagsins á HönnunarMars þar sem Mikael talar er að takast á við raunveruleikann. „Innlegg Mikaels á eftir að smellpassa inn í þessa umræðu þar sem hann kemur til með að segja frá vegferð fyrirtækisins frá því að vera á barmi gjaldþrots árið 2001 í að að velta yfir tuttugu milljörðum króna."

> **Innlegg Mikaels á eftir að smellpassa inn í þessa umræðu.**
> *Greipur Gíslason*

Dagskrá fyrirlestradagsins á HönnunarMars er ekki af verri endanum en auk Mikaels koma fram Robert Wong hjá Google Creative Lab og Kathryn Firth, arkitekt og hönnunarstjóri hjá London Legacy Development Corporation, svo einhverjir séu nefndir. **- ósk**



**ÁHUGAVERÐ SAGA** Mikael Schiller er einn stofnenda Acne. PRESS PHOTOS



**LJÓMANDI KÁT** Helgi ásamt eiginkonu sinni, Vilborgu Halldórsdóttur, en þau eignuðust nýverið sitt fyrsta barnabarn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Allir sexí hjá Helga Björns

Mikið stuð var í útgáfuhófi stórsöngvarans Helga Björns á Hótel Borg þar sem hann fagnaði plötunni Helgi syngur Hauk sem var hljóðrituð í Berlín ásamt The Capital Dance Orchestra, gamaldags sveiflusveit. Helgi bauð upp á glæsilegar veitingar og sýndi brot af tónleikunum sem hann hélt til heiðurs Hauki Morthens í Hörpu fyrr á árinu ásamt sveiflusveitinni.



**BROS Á BORGINNI** Guðrún Gunnarsdóttir og Dóra Ólafsdóttir brostu sínu blíðasta.



**KANKVÍSIR** Stephan Stephensen og Fabio reffilegir á Borginni.


HIN FULLKOMNA JÓLAGJÖF

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.




PIPAR\TBWA • SÍA

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

Eymundsson Bóksali frá 1872
HAGKAUP Ein ferð betra verð



Góðar gjafir, alltaf gott verð!



3990 kr.
„Cranberry joy"-ilmstangir



1690 kr.
Úrval lítilla gjafakubba sem innihalda sturtugel, húðnæringu og blaðlilju



3990 kr.
Handsápu- og handáburðartvenna

Einstaklega gott verð á hinu og þessu í jólapakkann



4590 kr.
Askja með „Strawberry"-dekurvörum

THE BODY SHOP ®

Sendum í póstkröfu, sé þess óskað sími 564 6552

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI



**VINSÆLT VERKEFNI** Inside Out hefur notið mikilla vinsælda um allan heim og verið unnið í 108 löndum.



**SVARTHVÍTAR MYNDIR** Í verkefninu notast listamenn við svarthvítar myndir á fjölförnum stöðum.

# Vilja fá þjóðina í lið með jafnrétti

Alþjóðlega listaverkefnið Inside Out er á leið til Íslands. Afrakstur verkefnisins verður frumsýndur á Laugaveginum á Þorláksmessu.

Jafnrétti verður yfirskriftin á alþjóðlega listaverkefninu Inside Out þegar það kemur til Íslands í desember og verður afraksturinn frumsýndur á Laugaveginum á Þorláksmessu. Forsprakki verkefnisins á Íslandi er Katrín Olafsson, nemi í ljósmyndun, sem búsett er í New York. Hugmyndin að því að koma með verkefnið hingað til lands kviknaði í heimsókn Katrínar á vinnustofu franska ljósmyndarans JR, sem er upphafsmaður verkefnisins.

„Í heimsókninni tók ég eftir korti þar sem merkt hafði verið við þá staði í heiminum þar sem Inside Out-verkefnið hafi verið unnið. Ég tók eftir því að það átti eftir að vinna slíkt verkefni á Íslandi og nú er ég á leiðinni heim að koma þessu í verk,“ segir Katrín. Tilgangur verkefnisins er að sögn Katrínar að vekja fólk til umhugsunar um gildi sem þeir listamenn, sem eru í forsvari fyrir verkefnið í hverju landi fyrir sig, telji mikilvæg. Katrín valdi jafnréttið, sem Íslendingar eru þekktir fyrir um allan heim.

„Ég vildi sýna heiminum að jafnrétti skiptir okkur Íslendinga máli. Þó svo að við stöndum vel miðað við önnur lönd getum við alltaf gert betur.“ Katrín mun taka andlitsmyndir af öllum þeim sem hafa áhuga á að leggja verkefninu lið. Andlitsmyndirnar verða svo prentaðar og hengdar upp á sérstökum stað á Laugaveginum. „Ég vil að það komi fólki á óvart hvar þetta verður á Laugaveginum. En þetta á eftir að vekja athygli allra sem ganga Laugaveginn á Þorláksmessu,“ útskýrir Katrín. Ásamt henni mun Nanna Rúnarsdóttir stýra verkefninu. Hún mun festa verkefnið á filmu og er hugmyndin að gera stuttmynd um framkvæmdina hér á landi.

„Hinn 16. desember munum við taka myndir af þeim sem vilja vera með. Við verðum með aðstöðu hjá Elite í Ármúlanum og verðum með opið frá kl. 16 til 22 og vonumst til þess að fá sem flesta. Ég vonast líka til að fá sem flesta til þess að hjálpa okkur. Verkefnið gengur út á að fá fólk til þess að starfa saman að góðu málefni. Við viljum helst að þjóðin taki öll þátt,“ segir Katrín. kjartanatli@frettabladid.is

➜ Inside Out-verkefnið hófst árið 2011. Upphafsmaðurinn er franski ljósmyndarinn JR. Hann vann til TED-verðlaunanna fyrir hugmyndina. Hann vill breyta heiminum og nota til þess svarthvítar andlitsmyndir af fólki og hengja þær upp á fjölförnum stöðum. Verkefnið hefur verið unnið í 108 löndum og hafa 120 þúsund manns tekið þátt í því.

POP-UP
MARKAÐUR
Á KORPUTORGI

KORPU OUTLET

50% - 80%
AFSLÁTTUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| BARNABOLIR | FRÁ 490 | JÓLAKJÓLAR | FRÁ 1990 |
| GALLABUXUR | FRÁ 990 | HERRASKÓR | FRÁ 2990 |
| DÖMUTOPPAR | FRÁ 1490 | ÚLPUR | FRÁ 3990 |

JACK & JONES® VILA
name it VERO MODA®

# FÁÐU ÞÉR VINA-FÖTU

2 BITAR
2 LUNDIR
6 HOT WINGS

miðstærð af frönskum, stór heit sósa, hotwings-sósa og BBQ-sósa






Frábær máltíð fyrir góða vini á aðeins

**2.390 kr.**

VILTU VINNA FÖTU?

Erum byrjuð að safna myndum á nýja fötu. Taktu þátt á facebook.com/kfc.is

KFC

PIPAR\TBWA • SÍA • 133338

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS



POPP TÍVÍ
STUÐIÐ Á HEIMA
Á STÖÐ 3!
3
Rómantíkin
á heima á Bíóstöðinni um jólin
BÍÓ
STÖÐIN
Íslensku þættirnir
Allt það ferskasta á einni stöð yfir hátíðarnar
GULL
STÖÐIN
JÓLA-
TILBOÐ
Net og heima-
sími fylgir!
Skemmtipakkinn
3
Krakka
stöðin
GULL
STÖÐIN

# Frábær hátíðardagskrá fyrir alla fjölskylduna!

Við höfum skreytt stöðvarnar okkar sex með frábærri dagskrá fyrir hátíðarnar. Stöðvarnar skarta vönduðum og skemmtilegum þáttum og kvikmyndum fyrir alla fjölskylduna.

**Komdu í áskrift og gerðu gleðilega hátíð enn skemmtilegri!**

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.

**Þjónustuver 512 5100**
**Nánar á 365.is**






**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár! Nánar á 365.is**

Enginn binditími fyrir internet og heimasíma



# Karlar sem hjálpa konum

**BAKÞANKAR**
Hildar Sverrisdóttur



Fyrir tíu árum bjó ég í hverfi í London sem var heldur skuggalegt. Eitt kvöldið var ég að ganga heim og sé að fram undan er maður sem gengur til móts við mig en annars vorum við alein. Ósjálfráðar hugsanir um hvort ég væri mögulega í hættu stödd spruttu fram, en úr þeim var svo sem ekki unnið að öðru leyti en að halda bara göngunni áfram en hafa þó lykla í krepptri lúkunni til að vera smá vopnbúin ef hann réðist á mig.

**ÞEGAR** hann tekur eftir mér stígur hann ákveðið út á götuna og gengur þar alveg þangað til ég er komin framhjá honum. Þá lallaði hann sér aftur upp á gangstéttina og hélt göngu sinni áfram. Mér fannst þetta undarlegt háttalag þangað til það rann upp fyrir mér að hann fór af gangstéttinni til að hlífa mér við því að hræðast hann.

**ÞETTA** var fallega skilningsríkt af honum. En auðvitað ósanngjarnt að hann þyrfti að bera ábyrgð á að ég væri mögulega smeyk við hann því það væru til fávitar í þessum heimi. Í kjölfarið ímyndaði ég mér hvernig það væri ef tölfræði sýndi að konur réðust á gamla menn í bakaríum. Það hlyti að vera óþægilegt að standa við hliðina á gömlum manni í bakaríi vitandi að hann væri kannski að velta fyrir sér hvort ég myndi ráðast á hann.

**EF** barátta gegn kynbundnu ofbeldi á að gera gagn verður hún að beinast eingöngu að þeim sem beita ofbeldinu. Það er vont að stilla þessu samfélagsmeini upp í kynjastríð. Karlmenn eru ekki ofbeldismenn – ofbeldismenn eru ofbeldismenn.

**ÉG** hef verið hætt komin þegar ofbeldismenn ætluðu að ráðast á mig og í öllum tilfellum voru það karlmenn sem komu mér til hjálpar. Í einu tilviki voru það reyndar klæðskiptingar sem héldu durtinum niðri með hælaskónum og sögðu mér að hlaupa. Mér hefur alltaf þótt það frekar lýsandi um að við erum öll saman í þessu stríði.

# Alls enginn rannsóknarréttur

## Fjölnir Tattoo segir Jóni Ársæli fá eiturlyfjafíkninni í Sjálfstæðu fólki.

Fjölnir Geir Bragason, einnig þekktur sem Fjölnir Tattoo, verður viðmælandi Jóns Ársæls Þórðarsonar í Sjálfstæðu fólki á sunnudagskvöld. Fjölnir er einn þekktasti húðflúrari landsins en hann starfar á Íslensku húðflúrstofunni.

„Jón Ársæll er mjög indæll maður,“ segir Fjölnir um upplifunina. „Þetta er alls enginn rannsóknarréttur.“

Farið verður yfir víðan völl í þættinum og verður meðal annars fjallað um húðflúrshátíð sem Fjölnir stendur fyrir í Færeyjum og eiturlyfjafíknina sem hann stríddi eitt sinn við. Þá verður sagt frá atviki sem Fjölnir lenti í þegar hann var átján ára og fann gaddfreðið lík í Öskjuhlíðinni. Í kjölfarið var hann hnepptur í fangelsi þar sem hann var með hundinn sinn með sér það kvöld en hundahald var þá stranglega bannað í Reykjavík.

„Maður hefði kannski frekar búist við svona umfjöllun eftir svona tíu ár þegar maður er búinn að gera meira,“ segir Fjölnir léttur í bragði. „En kannski er þetta bara merki um að maður sé búinn að gera nóg.“ **- bá**



**EINLÆGUR** Fjölnir átti ekki von á umfjöllun strax.





**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| DELIVERY MAN | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 | 10 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| PRISONERS SÍÐUSTU SÝNINGAR | KL. 5 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D DISNEY DAGAR KR. 490 | KL. 3 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3:20 - 5:30 | 10 |
| THOR - DARK WORLD ÍSL TAL 2D | KL. 10:20 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D DISNEY DAGAR KR. 490 | KL. 3:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 3:30 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 | 10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 2 | 12 |
| FURÐUFUGLAR ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 | L |
| TÚRBÓ ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 | L |




**SMÁRABÍÓ** *LAUGARDAGUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD (ÓTEXTUÐ) | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| HOME ALONE (ÓTEXTUÐ) | KL. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 1 (TILBOÐ) 4-5-6-8-9-11* | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 2 - 5 - 8 - 11* | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 1 (TILBOÐ) 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

MANDELA KL. 8-10.30 (L) / HUNGER GAMES 2 KL. 3.20-6-9 (12)
NORTHWEST KL. 6 (16) / FURÐUFUGLAR 2D KL. 3.20 (L)

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 6 - 9 | L |
| PRINCE AVALANCHE | KL. 6 | 12 |
| THE PAST | KL. 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 3 (TILBOÐ) 6 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 3.30 (TILBOÐ) 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 3 - 6 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3 (TILBOÐ) | L |

Miðasala á: midi.is og e Miði

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MANDELA | 8, 10:10 | 16 |
| HUNGER GAMES 2 | 2, 4, 5, 7, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 3, 5:30, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:50 | 16 |
| FURÐUFUGLAR | 2 2D | L |













BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Jól í Skemmtigarðinum

## Jólatilboð

| | |
|---|---|
| 1.5 KLST. LEIKJAKORT | VERÐ: 2.990,- |
| 4.000 KR. INNEIGN | VERÐ: 3.000,- |
| 8.000 KR. INNEIGN | VERÐ: 5.000,- |
| 18.000 KR. INNEIGN | VERÐ: 10.000,- |



**7-8 DES.**

## RAUÐHETTA OG ÚLFURINN

7. DES. FRÁBÆR SÝNING UM RAUÐHETTU KL. 15:00 Á LAUGARDAG
8. DES. FJÖRUGT JÓLABALL MEÐ HRESSUM JÓLASVEINUM KL. 15:00 Á SUNNUDAG -ALLIR KRAKKAR FÁ GLAÐNING FRÁ JÓLASVEINUNUM!
7. DES. SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLATÓNA Á MILLI KL. 17:00 OG 18:00

**ÓKEYPIS AÐGANGUR Á ALLA VIÐBURÐI**

## dagskrá í DESEMBER

| | | |
|---|---|---|
| 8 DES | 13:00 – 14:00 | JÓLAÚTGÁFA SYRPU Á EFRI HÆÐ |
| | 15:00 – 16:00 | 3 JÓLASVEINAR VERÐA MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI |
| | 17:00 – 18:00 | LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN |
| 14 DES | 15:00 – 16:00 | GOSI |
| | 17:00 – 18:00 | SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG |
| 15 DES | 15:00 – 16:00 | 3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI |
| | 17:00 – 18:00 | LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN |
| 21 DES | 15:00 – 16:00 | LANGLEGGUR OG SKJÓÐA |
| | 17:00 – 18:00 | SVENNI FJALLABRÓÐIR SYNGUR JÓLALÖG |
| 22 DES | 15:00 – 16:00 | 3 JÓLASVEINAR MEÐ JÓLABALL Á EFRI HÆÐINNI |
| | 16:00 – 17:00 | LOTTA KYNNIR JÓLADISKINN SINN |

pepsi

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

www.skemmtigardurinnsmaralind.is

**OPNUNARTÍMI**
Mánudaga til fimmtudaga kl. 14 til 22
Föstudaga kl. 14 til 23
Laugardaga kl. 12 til 23
Sunnudaga kl. 13 til 22

## Vinna Haukar sjöunda leikinn í röð?



Kvennalið Hauka getur náð öðru sætinu af Snæfelli þegar Haukastelpurnar mæta í Stykkishólm annað kvöld (klukkan 17.00) í 13. umferð Domino's-deildar kvenna í körfubolta. Haukar hafa unnið sex síðustu leiki sína og eru aðeins tveimur stigum á eftir Snæfelli. Snæfell vann eins stigs sigur í fyrri leiknum á Ásvöllum og því má búast við spennandi leik.
Valskonur geta enn fremur tekið fjórða sætið af Hamri með sigri í Hveragerði í kvöld (klukkan 18.00) en það er fyrsti leikur umferðarinnar. KR tekur á móti toppliði Keflavíkur klukkan 19.15 annað kvöld og á sama tíma mætast Njarðvík og Grindavík í Ljónagryfjunni í Njarðvík en þar mun annaðhvort liðið enda langa taphrinu. Njarðvík hefur tapað níu leikjum í röð en Grindavíkurliðið er með fimm töp í röð á bakinu.

## Hermann vill komast aftur til Englands sem fyrst

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson sagði í samtali við staðarblaðið The News í Portsmouth að hann hefði áhuga á að snúa aftur til Englands og hefja þar störf sem knattspyrnustjóri.

Hermann sótti um starf knattspyrnustjóra Portsmouth ásamt David James en þeir störfuðu saman hjá ÍBV síðastliðið sumar. Þeim var svo tilkynnt í vikunni að þeir yrðu ekki ráðnir en líklega verður gengið frá ráðningunni um helgina.

Báðir eru fyrrverandi leikmenn félagsins og Hermann sagði að það hefði verið kjörið að hefja þjálfaraferilinn í Englandi hjá Portsmouth. „Ég sagði alltaf að ég myndi vilja koma aftur einn daginn. Það gerist ekki nú en kannski síðar," sagði Hermann.

Hann segir að hann og James séu báðir áhugasamir um að starfa áfram við fótbolta, nú þegar leikmannaferli þeirra sé lokið.

„Við viljum starfa á þeim vettvangi þar sem við höfum mest fram að færa. Það er í fótboltanum. Ég elskaði að starfa sem þjálfari og ég vil snúa aftur til Englands eins fljótt og mögulegt er. Ég var þar í fimmtán og hálft ár og þar vil ég halda áfram að starfa í fótbolta." - esá



**HEMMI** Vill verða knattspyrnuþjálfari á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Dagur hefur bara unnið einu sinni

### Alfreð Gíslason og Dagur Sigurðsson mætast í þrettánda sinn á morgun

**HANDBOLTI** Íslendingaliðin Füchse Berlin og THW Kiel mætast á morgun í toppslag í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta en liðin eru bæði með 26 stig í 2. og 3. sæti deildarinnar. Þjálfarar liðanna eru þeir Dagur Sigurðsson hjá Füchse og Alfreð Gíslason hjá Kiel. Leikurinn hefst klukkan 14.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 en það er búist við troðfullri höll og mikilli stemningu.

„Við erum ekki oft litla liðið á heimavelli en það er þannig í þessum leik. Ég myndi vera sáttur við jafntefli," sagði Dagur í viðtali við BZ.

Refirnir hans Dags Sigurðssonar hafa unnið sjö leiki í röð í deild og Evrópukeppni og hafa ekki tapað síðan á móti HSV Hamburg 27. október síðastliðinn. Þeir koma því fullir sjálfstrausts inn í leikinn. Kiel hefur aðeins tapað einu sinni í síðustu sex deildarleikjum sínum og það tap kom í toppbaráttuslag á móti Flensburg fyrir tveimur vikum.



Þetta verður í þrettánda sinn sem Alfreð og Dagur mætast sem þjálfarar þessara tveggja liða í deild, bikar eða Evrópukeppni. Tölfræðin úr þeim leikjum er ekki hagstæð fyrir Dag og lærisveina hans enda hefur hann aðeins einu sinni náð að fagna sigri á Alfreð. Sá sigur kom í deildarleik 19. september 2010 en Füchse Berlin vann þá 26-23. Füchse náði jafntefli á móti Kiel í heimaleiknum í fyrra en Alfreð hefur aftur á móti fagnað sigri í hinum tíu leikjunum. Þetta verður fyrsti leikurinn síðan Alfreð var valinn besti þjálfari heims annað árið í röð.

